

# MAT Á KOSTNAÐI ÍSLANDS VIÐ HUGSANLEGA AÐILD AÐ ESB

Skýrsla unnin að beiðni utanríkisráðuneytisins

26. janúar 2003

**Deloitte  
& Touche**



# EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>	4.2.4	Próunarsjóðir nýrra aðildarríkja (Pre-accession funds) .....	20
<b>2</b>	<b>HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>3</b>	4.2.5	Framlög til Íslands.....	20
2.1	Greiðslujöfnuður.....	3	4.2.6	Þróunarverkefni .....	24
2.2	Áhrif á ríkissjóð .....	4	4.2.7	Framlög vegna uppbyggingarverkefna til Íslands .....	24
2.3	Áhrif stækkunar.....	4	4.3	Innri málefni (internal policies).....	27
2.4	Samanburður .....	5	4.4	Stuðningur við landbúnað – Landbúnaðarstefna ESB (CAP) .....	28
2.5	Ályktun .....	7	4.4.1	Almenn markaðsstjórnun á landbúnaðarvörum .....	29
<b>3</b>	<b>GREIÐSLUR TIL ESB</b> .....	<b>8</b>	4.4.2	Mögulegar CAP Greiðslur til Íslands .....	31
3.1	Landbúnaðargjöld og sykursgjöld .....	8	4.4.3	Innlendur landbúnaður.....	37
3.2	Tollar .....	9	4.5	Sjávarútvegsstyrkir .....	39
3.2.1	Tollgreiðslur til ESB .....	10	4.5.1	Úthlutun styrkja .....	39
3.3	Virðisaukaskattsgreiðslur .....	10	4.5.2	Viðfangsefni .....	40
3.4	„Breska leiðréttingin“ .....	11	4.5.3	Framlög til Íslands.....	41
3.5	Þjóðarframleiðslugreiðslur.....	11	4.6	Samantekt stuðningur ESB .....	44
3.6	Samantekt greiðslur .....	11	<b>5</b>	<b>STÆKKUN EVRÓPUSAMBANDSINS</b> .....	<b>45</b>
<b>4</b>	<b>FRAMLÖG ESB</b> .....	<b>13</b>	5.1	Fjármögnun og útgjöld.....	45
4.1	Yfirlit .....	13	5.2	Ný aðildarríki.....	48
4.1.1	Styrkir eða stuðningur .....	13	5.3	Áhrif á Landbúnaðar- og uppbyggingarstefnu .....	48
4.1.2	Framkvæmd .....	13	5.4	Áhrif á fjármál ESB .....	49
4.2	Uppbyggingarstefna ESB.....	14	5.5	Áhrif á Ísland.....	51
4.2.1	Uppbyggingarsjóðir (Structural Funds).....	14	5.5.1	Greiðslur til ESB .....	51
4.2.2	Verkefni uppbyggingarsjóðanna.....	16	5.5.2	Landbúnaður.....	51
4.2.3	Samstöðusjóðurinn (Cohesion fund) .....	19	5.5.3	Uppbyggingarverkefni .....	52

5.5.4	Innri málefni.....	52
5.6	Samantekt.....	52
<b>6</b>	<b>NÝ LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSSTEFNA .....</b>	<b>54</b>
6.1	Ný landbúnaðarstefna .....	54
6.1.1	Markmið .....	54
6.1.2	Leiðir að markmiðum.....	54
6.1.3	Aðgerðir „THE MID TERM REVIEW“ .....	54
6.1.4	Áhrif nýrrar landbúnaðarstefnu .....	54
6.2	Ný sjávarútvegsstefna.....	55
6.2.1	Markmið .....	55
6.2.2	Helstu tillögur .....	55
6.2.3	Áhrif nýrrar sjávarútvegsstefnu.....	55
<b>7</b>	<b>SAMANTEKT - FJÁRHAGSLEG ÁHRIF .....</b>	<b>56</b>
7.1	Greiðslujöfnuður.....	56
7.2	Áhrif á ríkissjóð .....	56
7.3	Áhrif á almenning og fyrirtæki .....	58
7.4	Áhrif stækkunar .....	59
7.5	Önnur áhrif.....	59
<b>8</b>	<b>LOKAORÐ .....</b>	<b>60</b>

<b>VIÐAUKI A – YFIRLIT YFIR STUÐNINGSADGERÐIR ESB .....</b>	<b>61</b>
<b>VIÐAUKI B – YFIRLIT YFIR HELSTU SKAMMSTAFANIR OG HUGTÖK.....</b>	<b>62</b>
<b>VIÐAUKI C - ÚTREIKNINGUR Á FRAMLÖGUM EINSTAKRA RÍKJA TIL ESB .</b>	<b>65</b>
<b>VIÐAUKI D – ÚTDRÁTTUR ÚR FRUMVARPI AÐ REGLUGERÐ UM FLOKKUN LANDSVÆÐA .....</b>	<b>73</b>
<b>VIÐAUKI E – YFIRLIT YFIR STUÐNINGSVERKEFNI Í SVÍÐJÓÐ OG FINNLANDI .....</b>	<b>75</b>

# 1 INNGANGUR

Að beiðni utanríkisráðuneytisins hefur Deloitte & Touche metið kostnað Íslands við hugsanlega aðild að Evrópusambandinu. Óskað var eftir því að úttektin fæli í sér mat á því hvað búast mætti við að framlög Íslands til Evrópusambandsins yrðu, ef Ísland yrði aðili að sambandinu, bæði án stækkunar sambandsins og hver líkleg framlög yrðu að stækkunarferlinu loknu.

Tilgangur verkefnisins er að meta fjárhagsleg áhrif af hugsanlegri inngöngu í ESB. Við útreikninga var einkum stuðst við greiðslujöfnuð þjóðarinnar, þ.e. hversu mikið það kosti með beinum hætti fyrir þjóðarbúið að ganga í ESB. Þessu til viðbótar myndi ríkissjóður verða af ýmsum tekjum, s.s. tolltekjum, en á móti má gera ráð fyrir að hægt yrði að draga úr stuðningi við landbúnað og byggðamál. Ríkissjóður myndi þó að öllum líkindum halda áfram stuðningi við þessi málefni, en gera verður ráð fyrir að form stuðnings gæti breyst úr því að vera beinn stuðningur í það að verða framlag til móts við framlög ESB.

Við útreikning á kostnaði er fyrst reiknað grunntilvik sem miðast við að Ísland gangi í ESB fyrir stækkun þess þann 1. maí 2004, þótt það sé ekki raunhæft að Ísland fái inngöngu fyrir þann tíma. Í því tilviki er byggt á reiknireglum sem búið er að samþykka og reynslu samsvarandi svæða og ríkja af framlögum frá ESB. Síðan eru metin áhrif af stækkun sambandsins á greiðslur til þess og framlög til Íslands, en flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum stækkunar miðast við að meta breytingu frá núverandi kerfi. Af þessum sökum byggja útreikningar í skýrslunni þeirri forsendu að Ísland sé orðið aðili að sambandinu fyrir stækkun þess árið 2004. Sú staða er ekki raunhæf, en þó er nauðsynlegt að reikna slíkt grunntilvik til að komast að niðurstöðu um mat á kostnaði Íslands við hugsanlega aðild eftir stækkun sambandsins.

Þótt megin áhersla hafi verið lögð á að meta greiðslujöfnuð þjóðarbúsins þá var einnig lagt gróft mat á aðra þætti sem breytast við hugsanlega inngöngu í ESB. Til grundvallar við útreikninga fyrir greiðslujöfnuð er miðað við fjárlög ESB fyrir 2002 og spá þjóðhagsstofnunar um þjóðarframleiðslu Íslands fyrir árið 2002. Við útreikning á framlögum er miðað við reiknireglur sem taka gildi árið 2004, enda ósennilegt að Ísland gæti gengið inn í sambandið fyrir þann tíma.

Útreikningur á greiðslum og greiðslujöfnuði eftir stækkun tekur mið af fyrirliggjandi upplýsingum um fjárhagsramma ESB til ársins 2006 og spám um þróun hans til ársins 2013.

Mjög erfitt er að reikna hver staða Íslands geti orðið í Evrópu-sambandinu. Reiknireglur við útreikning á greiðslum til sambandsins liggja þó fyrir fram til loka árs 2006 og má gera ráð fyrir að reikningsgrundvöllur fyrir greiðslum muni breytast lítið þegar nýr rammi verður mótaður fyrir tímabilið 2007 til 2013. Erfiðara er að meta framlög ESB til Íslands, bæði hvað varðar stuðning við landbúnað og styrki til uppbyggingarverkefna. Íslenskar aðstæður eru um margt ólíkar aðstæðum núverandi aðildarríkja ESB og því erfitt að meta umfang framlaga til Íslands út frá því hvað önnur ríki ESB fá frá sambandinu. Almennt hafa ný aðildarríki fengið samþykkt sérákvæði hvað varðar stuðning við landbúnað eða fyrirkomulag uppbyggingarstyrkja. Vegna sérstakra aðstæðna hér á landi er raunhæft að áætla að Ísland fái samþykkt sérákvæði vegna stuðnings við landbúnað og vegna uppbyggingarverkefna. Ávinningur af slíkum sérákvæðum kemur þó fyrst í ljóst við gerð samninga. Ákveðið var því að útreikningar skuli miðast við gildandi reglur og reglur sem búið er að samþykka að taki gildi á tilteknum tíma. Líta má því á niðurstöður sem áætlun um lágmarksframlög úr sjóðum ESB. Í skýrslunni er þó lagt gróft mat á umfang framlaga sem grundvallast á slíkum sérákvæðum.

Verkið er unnið af starfsmönnum Deloitte & Touche hf. og Deloitte & Touche í Brussel, auk þess sem Þórólfur Matthíasson, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og Eiríkur Einarsson, sérfræðingur hjá sænsku ríkisendurskoðuninni (áður starfsmaður landbúnaðardeildar OECD í París) lásu verkið yfir og komu með ábendingar. Skýrslan er að öllu leyti á ábyrgð Deloitte & Touche hf.

## 2 HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöðurnar sem settar eru fram í skýrslunni eru þess eðlis að þær geta aldrei orðið þær einu „réttu“ þar sem „rétt“ niðurstaða er ekki til og fæst ekki fyrr en að loknum samningum og þegar komin er reynsla af áhrifum þeirra. Sérstaklega gildir þetta um mat á framlögum ESB til Íslands og munu þau að einhverju leyti ráðast af niðurstöðum flókinna samningaviðræðna og frumkvæðis við að sækja þá styrki sem í boði verða.

Við mat á kostnaði við aðild að ESB er lögð áhersla á að meta heildaráhrifin á þjóðarbúið, þ.e. kostnað þjóðarinnar við hugsanlega aðild. Þessi kostnaður skiptist milli ríkissjóðs, almennings og fyrirtækja. Greiðslur til ESB koma að mestu úr ríkissjóði, en framlögum frá ESB er úthlutað til verkefna sem nýtast almenningi og fyrirtækjum. Bein áhrif samningsins ættu því að bæta afkomu þeirra sem framlögunum nemur auk þeirrar lækkunar sem gera má ráð fyrir að verði á innflutningstollum. Því er ekki hægt að líta eingöngu á afkomu ríkissjóðs heldur verður að líta til greiðslujöfnuðar þjóðarinnar í heild. Til að mæta auknum útgjöldum ríkissjóðs og tekjutapi vegna samningsins má gera ráð fyrir að ríkið geri gagnráðstafanir, s.s. með lækkun framlaga til landbúnaðar, lækkun á framlögum til byggðaverkefna og hugsanlegri hækkun virðisaukaskatts á matvæli á móti lækkun tolla á landbúnaðarafurðir.

Stuðningur ríkisins við landbúnað á Ísland er við það hámark sem tilgreint er af alþjóða viðskiptastofnuninni WTO þannig að lækka verður framlag ríkissjóðs til landbúnaðar á móti stuðningi úr landbúnaðarsjóðum ESB. Innan WTO er unnið að því að draga úr stuðningi við landbúnað á alþjóðavísu. Evrópusambandið hefur staðið gegn þeirri lækkun, en lagt fram gagntillögur sem miða að því að draga verulega úr landbúnaðarstuðningi þó þær gangi ekki eins langt og tillögur Bandaríkjamanna.

Í skýrslunni er lagt mat á þann stuðning til sjávarútvegs sem líklegt er að Íslendingar muni nýta sér vegna sjávarútvegsstefnu sambandsins, þ.e. vegna fiskeldis, félagslegra aðgerða,

endurbóta á hafnaraðstöðu, framleiðslu og markaðsmála, en gert er ráð fyrir óverulegum stuðningi vegna úreldingar og endurnýjunar fiskiskipa.

Við útreikning á styrkjum vegna uppbyggingarverkefna var tekið mið af núverandi reglum um úthlutun styrkja. Almennt hafa ný aðildarríki fengið samþykkt sérstök ákvæði í aðildarsamningum varðandi uppbyggingarstyrki sem taka mið af sérstökum aðstæðum viðkomandi ríkis. Ísland er strjálbýlt smáríki staðsett á jaðri ESB. Vegna legu landsins og staðhátta er raunhæft að samþykkt verði sérákvæði í samningaviðræðum sem taka mið af þessum þáttum.

Aðeins eru reiknuð bein fjárhagsleg áhrif af hugsanlegri aðild að ESB. Þá er ekki fjallað um verðlagsmál, vaxtamál, neytendamál og önnur mikilvæg hagsmunamál sem snúa að aðild. Þess má geta að hnattvæðingarnefnd áætlaði ávinning af upptöku evru um 15 milljarða króna á ári og Samtök iðnaðarins áætla annan óbeinan ávinning um 40 milljarða króna á ári. Aðrir hafa véfengt þessar niðurstöður. Þá er ekki lagt mat á pólitíska þætti varðandi stöðu Íslands í Evrópu með eða án aðildar að ESB.

### 2.1 GREIÐSLUJÖFNUÐUR

Við mat á greiðslujöfnuði voru reiknuð út lægri mörk á greiðslum á móti hærra mörkum á framlagi og hærra mörk á greiðslum á móti lægri mörkum á framlagi. Samkvæmt þessu verður greiðslujöfnuður þjóðarinnar neikvæður sem nemur **1,4 til 4,2 milljörðum króna á ári**. Þetta samsvarar 0,18% til 0,55% af þjóðarframleiðslu ársins 2002 og 0,5% til 1,6% af ríkisfjárlögum Íslands fyrir árið 2002.

Stærstu útgjaldaliðir til ESB verða framlag byggt á vergri þjóðarframleiðslu, framlag sem miðast við virðisaukaskattsstofn, og hlutdeild í tollum sem innheimtir eru af innflutningi frá þjóðum utan ESB. Framlög frá ESB munu fyrst og fremst renna til landbúnaðarmála og uppbyggingarverkefna. Niðurstöður í töflu 1

sýna greiðslujöfnuð eins og hann verður við inngöngu í ESB án stækkunar sambandsins að gefnum framangreindum forsendum.

Tafla 1 Greiðslujöfnuður Íslands við ESB án stækkunar sambandsins (milljónir króna á ári)

	Lægri mörk	Hærrí mörk
Greiðslur Íslands til ESB	-6.610	-8.510
Framlög til Íslands		
Landbúnaðarstefnan	3.000	2.200
Uppbyggingarstýrki	1.750	1.660
Innri málefni	470	470
Samtals framlög til Íslands	5.520	4.330
<b>Greiðslujöfnuður</b>	<b>-1.390</b>	<b>-4.180</b>
<b>Meðaltal</b>	<b>2.785</b>	

## 2.2 ÁHRIF Á RÍKISSJÓÐ

Þar sem framlög ESB munu nær alfarið renna til landbúnaðar og verkefna vegna uppbyggingar í dreifðum byggðum, en greiðslur til ESB að miklu leyti greiðast af ríkissjóði versnar afkoma ríkissjóðs meira en sem nemur greiðslujöfnuði þjóðarinnar ef ekki kemur til frekari skerðing á núverandi stuðningi við landbúnað og byggðamál eða gerðar verði breytingar á öðrum tekjustofnum ríkisins til að veða á móti auknum útgjöldum.

Núverandi stuðningur ríkissjóðs til landbúnaðarmála nemur alls um 6,5 milljörðum króna á ári auk eins milljarðs til landgræðslu og skógræktar. Þetta er við efri mörk sem WTO samþykkir. Því verður að gera ráð fyrir að heildar framlög til landbúnaðar haldist óbreytt og framlag ríkissjóðs lækki sem nemur áætluðu framlagi ESB eða á bilinu 2,2 til 3,0 milljarðar króna á ári.

Einnig verður að draga frá núverandi kostnað ríkissjóðs vegna EES samningsins sem er um 770 milljónir króna á ári. Við aðild greiðist sá kostnaður af ESB.

Að teknu tilliti til greiðslna ríkissjóðs til ESB, lækkunar á framlögum ríkissjóðs til landbúnaðar, tollabreytinga og

niðurfellingar útgjalda vegna EES samningsins mun afkoma ríkissjóðs **versna um 5,0 til 7,6 milljarða króna á ári**. Um 3,3 milljarðar af þessu tapi stafar af lækkun tolla með tilheyrandi lækkun vöruverðs, sem hægt er að mæta með hækkun á virðisaukaskatti. Ríkissjóður getur dregið enn frekar úr þessum áhrifum með lækkun framlaga til atvinnuvega og byggðamála. Sjá nánari umfjöllun í kafla 7.2.

Framlög ESB munu að mestu renna til almennings og fyrirtækja í formi beins stuðnings við landbúnað eða með uppbyggingarverkefnum. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að ríkissjóður dragi úr framlögum til landbúnaðar á móti framlögum ESB og engin skerðing verði á framlögum til byggðastefnu og atvinnuvega né breyting á skattheimtu. Að því gefnu mun afkoma almennings og fyrirtækja **batna um 4,2 til 4,4 milljarða króna á ári**. Sjá nánari umfjöllun í kafla 7.3.

Óbein fjárhagsleg áhrif á ríkissjóð eru einnig umtalsverð. Uptaka evru og breytt vaxtastig geta þannig haft veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs.

## 2.3 ÁHRIF STÆKKUNAR

Vandasamt er að gera sér grein fyrir áhrifum af aðild eftir stækkun sambandsins þó áhrif stækkunarinnar séu fyrirsjáanleg fram til 2006. Miðað við þær tillögur sem liggja fyrir munu nýju aðildarríkin ekki njóta fulls stuðnings landbúnaðarstefnunnar fyrr en 2013. Því verða áhrif hennar minni en gert var ráð fyrir þegar byrjað var að ræða stækkun sambandsins. Ljóst er að greiðslujöfnuður Íslands versnar við stækkun sambandsins, m.a. vegna hærri framlaga Íslands til ESB, minni stuðnings við landbúnað og minni framlaga sambandsins til uppbyggingarverkefna.

Tafla 2 sýnir samanburð á greiðslujöfnuði Íslands við ESB með og án stækkunar sambandsins. Gera má ráð fyrir að nettó greiðslujöfnuður verði um 1,0 til 1,1 milljarði króna lakari en ef sambandið hefði ekki stækkað. Mestu munar um auknar greiðslur til ESB, en einnig munu framlög til landbúnaðar og

uppbyggingarverkefna verða lægri. Sjá nánari umfjöllun í kafla 7.4.

Tafla 2 Áhrif stækkunar ESB á greiðslujöfnuð Íslands (milljónir króna á ári)


	Án stækkunar ESB		Með stækkun ESB	
	Lægri mörk	Hærri mörk	Lægri mörk	Hærri mörk
Greiðslur til ESB	-6.610	-8.510	-7.180	-9.240
Framlög til Íslands				
Stuðningur við landbúnað	3.000	2.200	2.850	1.850
Uppbyggingarstyrkir	1.750	1.660	1.450	1.360
Innri málefni	470	470	470	470
Greiðslujöfnuður	-1.390	-4.180	-2.410	-5.560
Meðaltal	2.785		3.985	

## 2.4 SAMANBURÐUR

Til að meta hversu raunhæfar niðurstöður úr úttektinni eru, var áætlaður greiðslujöfnuður Íslands sem hlutfall af þjóðarframleiðslu borinn saman við greiðslujöfnuð ríkja ESB. Stuðst var við meðaltal af neðri og efri mörkum sem reiknuð voru út fyrir stækkun (2,8 milljarðar króna) og borið saman við samsvarandi hlutfall ESB ríkja fyrir árið 2000.

Eins og sjá má á mynd 1 þá yrði greiðslujöfnuður Íslands neikvæður um 0,37% af þjóðarframleiðslu ársins 2002. Fjórar þjóðir ESB greiða sambærilegt hlutfall af þjóðarframleiðslu og áætlað er fyrir Ísland (Þýskaland, Holland, Lúxemborg og Svíþjóð). Niðurstaða fyrir Ísland nokkru hærri en fyrir Bretland, og Austurríki. Þess ber þó að geta að greiðslur vegna ýmissa B-hluta stofnana ESB sem staðsettar eru í Lúxemborg reiknast sem framlag til þjóðarinnar þannig að raun niðurstaða fyrir Lúxemborg er nokkru lakari. Ekki er óraunhæft að gera ráð fyrir þessum niðurstöðum miðað við að þjóðarframleiðsla á mann er hærri hér á landi en í flestum ESB ríkjum. Þó býr stór hluti

landsbyggðarinnar við svipuð skilyrði og þau svæði innan ESB sem njóta hvað mestra styrkja. Þannig má færa rök fyrir því að greiðslujöfnuðurinn verði lægri en útreikningar gefa til kynna.



Mynd 1 Samanburður á greiðslujöfnuði án stækkunar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu

Ef aðeins er horft til þjóðarframleiðslu þá ætti nettó framlag Íslands til ESB að vera svipað og framlag Svía og Þjóðverja. Að teknu tilliti til íslenskra aðstæðna, samanburð við greiðslujöfnuð þjóða ESB og stefnu ESB varðandi uppbyggingu á strjálbýlum svæðum með einhæft atvinnulíf er það mat skýrsluhöfunda að raunhæft sé að greiðslujöfnuður Íslands til ESB nemi 0,35 - 0,40% af þjóðarframleiðslu.


Eins og fram kemur í umfjöllun um uppbyggingarstyrki þá er raunhæft að Ísland fái samþykkt sérákvæði vegna legu landsins og staðhátta þannig að stuðningur vegna uppbyggingar verði meiri en núverandi úthlutunarreglur gefa til kynna. Ef gert er ráð fyrir að styrkveitingar á grundvelli þessara sérákvæða yrðu 500 milljónir króna á ári yrði greiðslujöfnuður neikvæður um 2,8 milljarða króna á ári eða sem nemur 0,37% af VÞF.



Sjálfstæð hagsýslustofnun sænska fjármálaráðuneytisins hefur reiknað út að greiðslujöfnuður þeirra ríkja sem leggja hlutfallslega mest til sambandsins (Þýskalands, Hollands, Austurríkis og Svíþjóðar) sé rúmlega 0,4% af VÞF. Við stækkun hækkar þetta hlutfall í 0,47% árið 2006 og í 0,56% árið 2013 þegar nýju aðildarríkin munu njóta sama stuðnings og núverandi ESB ríki.


Ef tekið er mið af núverandi þjóðarframleiðslu Íslands og hún sett í samhengi við niðurstöður ESO fyrir þau ríki sem greiða mest yrði árlegur greiðslujöfnuður Íslands neikvæður um 3,0 milljarða króna ef Ísland væri nú aðili að ESB, 3,6 milljarða króna árið 2006 og um 4,2 milljarða króna árið 2013.

Myndir 2 og 3 sýna hvernig greiðslujöfnuður þjóða breytist með tímanum samkvæmt niðurstöðum ESO.



Mynd 2 Áætluð þróun á greiðslujöfnuði (% af VÞF) ríkja sem eru nettó greiðendur<sup>1</sup>

<sup>1</sup> ESO: What Price Enlargement? – implications of an expanded EU (Ds 2002:52)  
EU 15 total -> meðaltal núverandi 15 aðildarríkja ESB, UK -> Bretland, Dk ->



Mynd 3 Áætluð þróun á greiðslujöfnuði ríkja (% af VÞF) sem eru nettó þiggjendur<sup>2</sup>

Danmörk, F -> Frakkland, I -> Ítalía, Fin -> Finnland, D -> Þýskalands, NL -> Holland, A -> Austurríki, S -> Svíþjóð

<sup>2</sup> ESO: What Price Enlargement? – implications of an expanded EU (Ds 2002:52)  
"Baltic countries" -> Eistland, Lettland og Litháen, "New MS, total" -> meðaltal nýrra aðildarríkja, "Visegrad Countries" -> Pólland, Ungverjaland, Tékkland og Slóvakía, "Cohesion countries" -> Grikkland, Írland, Spánn, Portúgal, "EU adm countries" -> Belgía og Lúxemborg, "Island States" -> Malta og Kýpur

## 2.5 ÁLYKTUN

Yfirlitið hér að neðan sýnir meðaltal hærri og lægri marka í útreikningum Deloitte & Touche á árlegum greiðslum til ESB og greiðslujöfnuð. Jafnframt eru niðurstöður settar fram sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu Íslands árið 2002.

	<b>Greiðslur</b>	<b>Greiðslujöfnuður</b>
Án stækkunar	7,6 milljarðar króna (1,0%)	-2,8 milljarðar króna (0,37%)
Með stækkun	8,2 milljarðar króna (1,08%)	-4,0 milljarðar króna (0,53%)


Í útreikningum eru tilgreind hærri og lægri mörk á greiðslum til ESB og áætluðum framlögum frá sambandinu. Varla er þó raunhæft að gera ráð fyrir að útgjöld verði í hámarki og framlög í lágmarki þó útreikningar á hærri og lægri mörkum nettó greiðslna í skýrslu þessari miðist við þá forsendu. Eðlilegt er að gera ráð fyrir að ef greiðslujöfnuður yrði í hærri mörkum þjóða ESB væri líklegt að afsláttur fengist af bresku leiðréttingunni, en ef greiðslur væru nærri lægri mörkum vegna hlutfallslega minni velmegunar mætti gera ráð fyrir auknum stuðningi frá ESB.<sup>3</sup> Munur á lægstu og hæstu mörkum útreikninga er því að líkindum of mikill.

Í hugsanlegum samningaviðræðum við ESB er eðlilegt að Ísland geri kröfu um að þjóðin sem heild falli undir Markmið 1 vegna strjálbýlis og legu landsins. Miðað við framlög á íbúa á svæðum undir Markmiði 1 yrðu framlög vegna uppbyggingarstefnu þá alls um 3 milljarðar króna sem er um 1,5 milljarði króna meira en áætlanir í skýrslu gera ráð fyrir. Ekki er tekin afstaða til þess að hversu miklu leyti ESB mun ganga að þessari kröfugerð.

<sup>3</sup> Á Berlínarfundinum var samþykkt að þau fjögur ríki sem greiða hlutfalllega mest til sambandsins fengu afslátt af breska leiðréttingunni.

### 3 GREIÐSLUR TIL ESB

Tekjur ESB byggja á fjórum megin tekjustofnum, þ.e. tollar á innfluttar vörur, gjöld á innfluttar landbúnaðarafurðir og framleiðslu sykurs auk hlutdeildar í virðisaukaskatti aðildarríkja. Það sem vantar upp á fjárförf sambandsins greiða aðildarríkin sem hlutfall af þjóðarframleiðslu (VÞF). Eins og sjá má á myndinni hér að neðan, sem sýnir skiptingu þessara tekjustofna, þá veða greiðslur tengdar þjóðarframleiðslu og hlutdeild í virðisaukaskatti þyngst, en tollar nema um 11% af tekjum bandalagsins. Á undanförunum árum hefur greiðsla sem miðast við þjóðarframleiðslu fengið aukið vægi í heildargreiðslum til sambandsins, en þak á greiðslur sem reiknast af virðisaukaskattsstofni hefur farið lækkandi. Auk þess hækkaði hlutdeild ríkja í tolltekjum þann 1. janúar 2002 úr 10% í 25%.



Mynd 4 Skipting tekna ESB árið 2002<sup>4</sup>

<sup>4</sup> ESB; Final adoption of supplementary and amending budget No 3 of the European Union for the financial year 2002 (2002/662/EC, ECSC, Euratom)

#### 3.1 LANDBÚNAÐARGJÖLD OG SYKURGJÖLD

Landbúnaðargjöld fela í sér gjöld vegna innflutnings og viðbótar- eða jöfnunargreiðslur sem innheimtar eru af viðskiptum við lönd utan ESB með vörur sem falla undir landbúnaðarstefnu sambandsins, „Common Agricultural Policy“, (CAP).<sup>5</sup> Innheimta landbúnaðargjalda er í höndum hvers ríkis fyrir sig og er gert ráð fyrir að 25% af innheimtum landbúnaðargjöldum renni til þess ríkis sem innheimtir gjaldið.<sup>6</sup>

Sykurgjald felur í sér sérstaka álagningu á fyrirtæki sem framleiða sykur en gjaldið er notað til að fjármagna endurgreiðslur á útflutningi umframframleiðslu.<sup>7</sup> Innheimta sykurgjalds er í höndum hvers ríkis fyrir sig og er gert ráð fyrir að 25% af innheimtu sykurgjaldi renni til þess ríkis sem innheimtir gjaldið.

Innflutningsgjöld á landbúnaðarvörur og sykurgjöld eru lögð á til að vernda framleiðslu innan sambandsins. Þessi gjöld ættu að hafa takmörkuð áhrif hér á landi þar sem um 97% innflutnings á sykri og sykurvörum, yfir 90% innfluttra mjólkurafurða, 74% innflutts korns og kornafurða og yfir helmingur innflutnings á kjöti er frá EES svæðinu.<sup>8</sup>

Í fjárhagsáætlun ESB fyrir árið 2002 eru landbúnaðargjöld áætluð um 841 milljón evra, eða sem samsvarar 2,23 evrum á íbúa. Ef tekjur á íbúa yrðu þær sömu hér á landi myndu um 638 þúsund evrur eða rúmar **50 milljónir króna** renna árlega til Evrópusambandsins.

<sup>5</sup> ESB; Reglugerð ráðsins 94/3290 frá 22 desember 1994

<sup>6</sup> ESB; Ákvörðun ráðsins frá 29 september 2000 (2000/597/EC, Eurotom) Grein 2 (1)(a)

<sup>7</sup> ESB; Reglugerð ráðsins 1260/2001 frá 19 júní 2001

<sup>8</sup> Hagstofa Íslands, Innflutningur eftir vörudeildum og markaðssvæðum árið 2001

Þar sem ekkert fyrirtæki starfar við sykurframleiðslu hér á landi verða engin viðbótargjöld innheimt eða felld niður við hugsanlega inngöngu í ESB.

## 3.2 TOLLAR

Þar sem Evrópusambandið er m.a. tollabandalag eru vörur fluttar tollfrjálst milli landa sambandsins, en tollur er lagður á innflutning frá ríkjum utan bandalagsins. Tollar hafa verið ein helsta tekjulind ESB, en vægi þeirra hefur þó minnkað með auknu frelsi í viðskiptum, stækkun sambandsins og fríverslunarsamningum.

Fyrirkomulag tollheimtu af innflutningi frá ríkjum utan ESB mun breytast lítið við inngöngu þótt tekin verði upp tollskrá ESB. Innflutningur frá ESB ríkjum verður þó verulega einfaldari.<sup>9</sup> Í regluverki ESB er gert ráð fyrir að 25% innheimtra tolla renni til þess ríkis sem innheimtir þá. Tollar eru almennt reiknaðir við innflutningshöfn, en möguleiki er á því að álagningu þeirra sé frestað þar til vara er komin á áfangastað. Gera má ráð fyrir að stór hluti tollskylds innflutnings á Íslandi komi beint frá viðkomandi ríkjum, þannig að 25% hlutdeild í tolltekjum muni renna til íslenska ríkisins. Líkur eru á því að vörur sem fluttar verða til Íslands verði í auknum mæli tollafgreiddar í öðru ESB ríki. Þetta gæti t.d. átt við um bifreiðainnflutning eða innflutning á matvöru og raftækjum gegnum stórar heildsölukeðjur. Í þeim tilvikum er hætt á að íslenska ríkið verði af sinni hlutdeild í tolltekjum, en hlutfallslega er mestur innflutningur til ESB nú tollafgreiddur í Hollandi.

Við inngöngu myndu allar núverandi tolltekjur ríkisins falla niður, en á móti kæmi 25% hlutdeild í tolltekjum ESB sem innheimtar væru hér á landi. Um 66% innflutnings til Íslands er frá löndum ESB og EES og 70% útflutnings fer til þessara ríkja. Þetta hlutfall eykst væntanlega við hugsanlega inngöngu, sérstaklega vegna niðurfellingar á tollum á landbúnaðarafurðum frá ESB.

<sup>9</sup> Ekki er gert ráð fyrir að breyting verði á fyrirkomulag vörugjalda, en skoða þyrfti sérstaklega áhrif á vörugjöld og önnur gjöld tengd innflutningi. Í Danmörku tíðkast t.d. skráningargjöld á bifreiðar, sem margir telja ígildi tolla.

Innflutningstollar ESB byggja á samhæfðri tollskrá sambandsins og er hún byggð upp með sambærilegum hætti og hin íslenska tollskrá, en sex fyrstu tölustafir í flokkunarkerfinu eru samhæfðir. Þótt uppbygging tollskrána sé með sambærilegum hætti er þó ekki hægt að samkeyra skrárnar, þar sem tveir síðustu stafir flokkunarkerfisins eru notaðir til nákvæmari flokkunar, miðað við íslenskar þarfir.

Við samanburð á tollskrárám kemur fram að verulegur munur er á tollum til ESB og tollskrá Íslands sem leiðir til talsverðra breytinga á verði innfluttrar vöru frá löndum utan EES. Munur á uppbyggingu tollskráa, tollkvótar, magntollar og sérsamningar við einstaka ríki eða hóp ríkja gerir samanburð og útreikning á áhrifum ESB tollskrár mjög flókinn. Tollar eru almennt lagðir á fleiri vöruflokkum í tollskrá ESB en gert er hér á landi. Á móti kemur að ESB hefur gert sérsamninga við mörg ríki um fríverslun með tiltekna vörur, eða um lægri tolla á einstaka vöruflokkum. Það er því mjög erfitt að meta heildaráhrif breyttrar tollskrár. Þó má gera ráð fyrir að vöruverð lækki á landbúnaðarafurðum, en aðrar vörur frá löndum utan ESB munu ýmist hækka eða lækka. Dæmi um þetta er innflutningur á súráli. Súral er flutt til Íslands frá tveimur ríkjum, þ.e. Ástralíu og Súrínam. Súral frá Ástralíu ber 4% toll, en enginn tollur myndi verða á innflutning frá Súrínam.<sup>10</sup> Þetta er afleiðing af því að ESB hefur gert sérsamninga um tollfrelsi, afslætti eða innflutningskvóta við flestar fyrrum nýlendur sínar í Afríku og S-Ameríku. Einnig eru samsvarandi samningar við öll fátækustu ríki heims. Það verða því ekki innheimtir tollar nema að litlu leyti af innflutningi frá þessum ríkjum.<sup>11</sup>

Við hugsanlega inngöngu má gera ráð fyrir að innflutningsmynstur breytist þannig að samdráttur verði á innflutningi frá ríkjum utan ESB, en innflutningur frá löndum ESB aukist. EES samningurinn tryggir nú þegar tollfrelsi á flestum vörum, en þó ekki á sjávarafurðum og landbúnaðarvörum.

<sup>10</sup> Sjá [http://europa.eu.int/comm/taxation\\_customs/dds/cgi-bin/tarchap?Lang=EN](http://europa.eu.int/comm/taxation_customs/dds/cgi-bin/tarchap?Lang=EN), (vöruflokkur 2818.20)

<sup>11</sup> Í aðildarviðræðum er ekki ólíklegt að samið verði um kvóta fyrir innflutningi á súráli frá Ástralíu sem tekur mið af núverandi innflutningi.

### 3.2.1 Tollgreiðslur til ESB

Tollar og aðflutningsgjöld ríkissjóðs samkvæmt núverandi reglum munu falla niður (2.840 milljónir króna á fjárlögum 2002). Ef heildar tollheimta verður sambærileg og nú er myndu 2.130 milljónir króna renna til ESB og 710 milljónir króna renna til ríkissjóðs. Það er þó mjög ólíklegt að heildar tollinnheimta verði óbreytt vegna mjög ólíkra tollskráa.

Tekjur ESB af tollum eru nú um 10,3 milljarðar evra eða um 27,3 evrur á íbúa. Ef verðmæti innflutnings á íbúa og innflutningsmynstur væri það sama á Íslandi og í ESB ríkjunum myndu tolltekjur ESB af innflutningi til Íslands verða 7,8 milljónir evra eða um 670 milljónir króna. Árið 2000 kom 58,8% innflutnings til ríkja ESB frá öðrum ríkjum bandalagsins.<sup>12</sup> Þetta er mjög svipað hlutfall og fyrir Ísland, en á móti kemur að innflutningur til Íslands á íbúa er hærri en í ESB og má því gera ráð fyrir að tollar verði hlutfallslega meiri á íbúa á Íslandi en að meðaltali í ESB ríkjunum.

Árið 2000 var innflutningur frá ríkjum utan ESB 33% hærri á íbúa hér á landi en í ESB. Miðað við þetta má gera ráð fyrir að tolltekjur af innflutningi til Íslands sem renna til ESB verði um **880 milljónir króna**. Þessu til viðbótar fengi íslenska ríkið um **290 milljónir króna** í tolltekjur vegna hlutdeildar fyrir innheimtu þannig að heildar tollgreiðslur vegna innflutnings til Íslands yrði um **1.170 milljónir króna**. Ríkissjóður verður þannig af um 2,5 milljörðum króna í tolltekjum, en heildar tollgreiðslur Íslendinga lækka um 1,7 milljarða króna.


## 3.3 VIRÐISAUKASKATTSGREIÐSLUR

Samkvæmt nógildandi reglum ESB skulu ríki greiða sem nemur 0,75% af virðisaukaskattsstofni (vsk stofni) til ESB. Þetta hlutfall hefur farið lakkandi og lækkar það í 0,5% árið 2004.<sup>13</sup> Virðisaukaskattsstofn miðast við samræmdan skattstofn sem

<sup>12</sup> Árbók Eurostat 2002

<sup>13</sup> ESB; Sjá ákvörðun ráðsins (2002/597/EC, Euratom) grein 2(1)(c)

felur í sér færri undanþágur frá virðisaukaskatti en gilda hér á landi. Samkvæmt reglum ESB er þó aldrei greitt af hærri stofni en sem nemur 50% af vergri þjóðarframleiðslu.<sup>14</sup> Þetta hámark hefur lækkað á síðustu árum, en fyrir 1995 var hlutfallið 55%. Hlutfall virðisaukaskattsstofns af VÞF er almennt hærri í fátækari löndum ESB en hjá þeim betur settu. Þau ríki þar sem skattstofn nær ekki tilgreindu hámarki eru: Belgía, Danmörk, Þýskaland, Ítalía, Finnland og Svíþjóð. Gera má ráð fyrir að Ísland lendi í þessum flokki þannig að samhæfður vsk stofn verði milli 40% og



50% af VÞF.

Mynd 5 Hlutfall samræmds vsk stofns af VÞF ásamt áætlun Deloitte & Touche um hlutfall fyrir Ísland<sup>15</sup>

Eins og fram hefur komið yrði vsk framlag við hugsanlega inn-göngu Íslands í ESB 0,5% af virðisaukaskattsstofni. Ef virðisaukaskattsstofn nær tilgreindu hámarki sem hlutfall af VÞF verða greiðslur Íslands til ESB vegna vsk greiðslna 12,2 milljónir

<sup>14</sup> ESB; Sjá tilskipun 77/388/EEC um samræmdan virðisaukaskattstofn

<sup>15</sup> ESB; "Parliament – Final adoption of supplementary and amending budget No 3 of the European Union for the financial year 2002 (2002/662/EC, ECSC, Euratom)"

evra eða um 1,0 milljarður króna. Í þeim útreikningi er miðað við áætlun Þjóðhagsstofnunar um VÞF fyrir árið 2002. Ef vsk stofn yrði 40% af VÞF myndu greiðslur Íslands vegna virðisaukaskattsframlags verða um 9,8 milljónir evra eða um 830 milljónir króna. Líkleg niðurstaða er að greiðslur verði nærri **940 milljónum króna** á ári.

Mynd 5 sýnir samanburð á hlutfalli samræmds virðisaukaskattstofns af VÞF í ríkjum ESB og áætlað hlutfall fyrir Ísland (45%).

### 3.4 „BRESKA LEIÐRÉTTINGIN“

Vegna hárra nettógreiðslna Bretar, á móti því sem þeir fá til baka, fá Bretar sérstaka undanþágu frá almennum reglum sambandsins um fjármögnum.

Breska framlagið er fjármagnað með hluta af vsk framlagi annarra aðildarríkja. Þar sem Holland, Þýskaland, Austurríki og Svíþjóð greiða talsvert meira til sambandsins en þau fá til baka frá þessi ríki sérstakan afslátt af fjármögnuninni á breska framlaginu og greiða þau aðeins fjórðung af reiknuðu framlagi. Í útreikningum er gert ráð fyrir að Ísland fái samsvarandi undanþágu vegna spár um óhagstæðan greiðslujöfnuð við ESB.

Miðað við reiknireglur ESB og fjárhagsáætlun sambandsins fyrir 2002 verður hlutdeild Íslands í bresku leiðréttingunni um 1,6 milljónir evra sem samsvarar um **140 milljónum króna**. Ef Ísland fengi ekki sama afslátt af bresku leiðréttingunni og ríkin nefnd hér á undan yrði framlag Íslands um 6,1 milljón evra eða um **530 milljónir króna**.<sup>16</sup>

### 3.5 ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLUGREIÐSLUR

Því sem upp á vantar til að fjármagna útgjöld ESB, eftir að búið er að reikna tolltekjur og vsk framlag, er skipt á aðildarþjóðirnar

<sup>16</sup> Á fundi Schröders og Chirac í nóvember 2002 var ákveðið að Breska leiðréttingin skuli afnumin. Þessu hafa Bretar mótmælt harðlega. Í skýrslunni er ekki gert ráð fyrir að þessu verði breytt.

sem hlutdeild af þjóðarframleiðslu. Sé tekið mið af fjárlögum ESB fyrir árið 2002 er áætlað að þjóðir ESB greiði sem nemi 0,626% af samanlagðri þjóðarframleiðslu sinni til sambandsins (sjá töflu 3 í viðauka C). VÞF greiðslur Íslands yrðu samkvæmt þessu um 55,6 milljónir evra, eða sem samsvarar **4,7 milljörðum króna**. Ef ekki kæmi til tekjuafgangur upp á 15 milljarða evra frá fyrra ári hefði hlutfall þjóðarframleiðslu orðið 0,790% og greiðsla til sambandsins orðið um **6,0 milljarðar króna**. Ef horft er fram í tímann er vart raunhæft að gera ráð fyrir svo miklum tekjuafgangi frá undangengnu ári þótt raunin hafi orðið svo síðustu ár. Í samantekt í töflu 3 miðast lægri mörk við að tekjuafgangur verði sambærilegur og árið 2002, en hærri mörk miðast við að ekki sé afgangur frá fyrra ári.

### 3.6 SAMANTEKT GREIÐSLUR

Í viðauka C má sjá útreikninga á heildar fjárþörf sambandsins og greiðslum einstakra ríkja til Evrópusambandsins miðað við fjárlög fyrir árið 2002 sem gefin voru út þann 22. ágúst 2002.<sup>17</sup> Í útreikningum í viðauka er tekið tillit til tekjuafgangs frá síðasta ári (15 milljarðar evra). Fyrir Ísland yrðu greiðslur eins og fram kemur í töflu 3, en þar er ekki gert ráð fyrir eins miklum afgangi frá undangengnu ári. Á undanförunum árum hefur tekjuafgangur verið af ESB þar sem fjárlög miðast við skuldbindingar sambandsins. Nokkuð er um að úthlutanir séu ekki innheimtar þar sem verkefni sem búið var að úthluta framlögum til hafa ekki gengið eftir, eða að framkvæmdaaðilar hafa ekki greitt mótframlög sín.

<sup>17</sup> "Final adoption of supplementary and amending budget No 3 of the European Union for the financial year 2002 (2002/662/EC, ECSC, Euratom)"

Tafla 3 Sundurliðun á áætluðum greiðslum til ESB (milljónir króna á ári)

Tekjustofn	Lægri mörk	Hærri mörk
Sykur og landbúnaðargjöld	50	60
Tollar og innflutningsgjöld	850	900
Virðisaukaskattsgreiðslur	830	1040
Breska leiðréttingin	140	530
VÞF greiðslur	4.740	5.980
<b>Samtals</b>	<b>6.610</b>	<b>8.510</b>

Það er mat Deloitte & Touche að greiðslur Íslands til ESB liggi á bilinu 6,6 til 8,5 milljarðar króna á ári og að líkleg fjárhæð verði um 7,5 milljarðar króna á ári sem eru um 0,09% af fjárlögum ESB og um 1,0% af þjóðarframleiðslu Íslands árið 2002.

## 4 FRAMLÖG ESB

### 4.1 YFIRLIT

Eins og fram kemur í töflu 4 þá er stuðningur við landbúnað stærsti einstaki liðurinn í rekstri sambandsins. Þar á eftir koma framlög til uppbyggingarverkefna. Samtals fara um 80% af útgjöldum sambandsins til þessara málaflokka.

Tafla 4 Sundurliðun útgjalda ESB samkvæmt fjárlögum fyrir 2002<sup>18</sup>

Fjárlög 2002	milljónir evra	milljarðar króna	hlutfall %
Útgjöld tengd landbúnaðarstefnu	44.480	3.800	46,5%
Uppbyggingarverkefni	32.287	2.700	33,8%
Innri málefni	5.953	500	6,2%
Verkefni utan sambandsins	7.422	600	7,8%
Rekstur	5.514	500	5,8%
Samtals	95.656	8.100	100,0%

#### 4.1.1 Styrkir eða stuðningur

Í upphafi er réttast að greina á milli hugtaka, þ.e. annars vegar „styrkja“ sem eru *stuðningur* við atvinnugrein (t.d. landbúnað og fiskveiðar) og hins vegar „styrkja“ sem veittir eru af öðru tilefni og eru af öðrum toga, t.d. aðlögunar/þróunarstyrkir eða styrkir til dreifbýlis og harðbýlli svæða þó svo að þeir styrkir geti einnig lent hjá þeim sem stunda t.d. landbúnað eða sjávarútveg. Til að forðast hugtakarugling og til að greina þar á milli verður hér á

<sup>18</sup> Final adoption of supplementary and amending budget No 3 of the European Union for the financial year 2002 (2002/662/EC, ECSC, Euratom)

eftir reynt að nota hugtökin „stuðningur“ um fjárhagsstuðning sem rennur til atvinnugreinar en „styrkur“ um styrki sem ekki eru beinlínis atvinnugreinatengdir og hafa önnur markmið en að styrkja þá atvinnugrein sem styrkurinn þó kann að renna til.<sup>19</sup>

Sá stuðningur sem mun koma til álita við atvinnugreinar á Íslandi er stuðningur við sjávarútveg og landbúnað. Báðar eru mjög umfangsmiklar stuðningsgreinar innan ESB. Styrkir sem ljóst er að koma til álita eru harðbýlis- og dreifbýlisstyrkir auk aðlögunarstyrkja og styrkja vegna norðlægrar legu landsins. Gera má ráð fyrir að hægt yrði að semja um þá líkt og gert var í Svíþjóð og Finnlandi. Einnig þekkjast styrkir sem t.d. eru veittir eýlöndum. Þá eru veittir vísinda- og rannsóknarstyrkir innan stórra rammaáætlana sem Íslendingar hafa verið þátttakendur í frá gildistöku EES-samningsins.

#### 4.1.2 Framkvæmd

Í viðauka A er tafla (*Skipulag nokkurra styrkja og fjárstuðnings innan ESB*) þar sem þess er freistað að setja upp yfirlit yfir fjölda stuðningsaðgerða og styrkja sem standa aðildarþjóðunum ESB til boða án þess þó að þar séu talin upp öll þau tilvik þar sem stuðnings/styrkja er að vænta.

ESB hefur þann háttinn á að marka stefnu sem gildir í þeim málaflokkum sem fyrirhugað er að veita stuðning til, í ákveðinn árafjölda í senn. Stuðningstímabilið sem síðast var ákvarðað gildir fyrir árin 2000 - 2006. Í hinni sameiginlegu landbúnaðarstefnu ESB (CAP; Common Agricultural Policy) er stefnan mörkuð og heimildir veittar til þess fjárhagsstuðnings sem veittur er til landbúnaðar.

<sup>19</sup> Sem dæmi þá er almennt talað um stuðning við landbúnað og sjávarútveg, en styrkir eru veittir til byggðaverkefna.



Styrkjatímabil það sem um er að ræða er fyrir árin 2000-2006. Hér á eftir verður fyrst fjallað um styrki, markmið og hugmyndir sem búa að baki styrkjakerfi ESB og einstakra styrkjaflokka áður en tekið verður til við að skoða atvinnugreinastuðninginn.

Uppbyggingarstarf ESB er byggt á samkomulagi sem felur í sér að hluti af því framlagi sem aðildarþjóðirnar greiða til sambandsins fer til svæða og samfélaga þar sem meðaltekjur eru lágar. Fyrir tímabilið 2000 - 2006 munu þessir styrkir nema 1/3 af heildarfjárlögum sambandsins eða um 213 milljörðum evra.

195 milljörðum evra verður veitt í fjóra sjóði sem kallaðir eru einu nafni *Uppbyggingarsjóðirnir*. Þá verður 18 milljörðum evra veitt í svonefndan *Samstöðusjóð*.

## 4.2 UPPBYGGINGARSTEFNA ESB

Uppbyggingarsjóðirnir fjármagna ekki hver fyrir sig einstök verkefni heldur margra ára svæðisbundnar áætlanir sem eru mótaðar af svæðunum, ríkjum ESB og framkvæmdastjórninni. Tilgangur fjárveitinganna er að styrkja ákveðin fyrirfram skilgreind og samþykkt markmið. Nánari grein er gerð fyrir hverju markmiðanna um sig hér á eftir.

Sjóðirnir skiptast niður á megin viðfangsefni ESB eins og tafla 5 sýnir. Í köflum 4.2.1 og 4.2.2 er nánar útskýrt hvað hugtök í töflunni fela í sér.

Tafla 5 Yfirlit yfir samspil sjóða og viðfangsefna uppbyggingarstefnu ESB

	ERDF	ESF	EAGGF	FIGF	
viðfangsefni	Markmið 1	X	X	X	X
	Sjávarútvegur utan Markmiðs 1			X	X
	Markmið 2	X	X		
	Markmið 3		X		
	Interreg III	X			
	Urban II	X			
	Leader +			X	
	Equal		X		

### 4.2.1 Uppbyggingarsjóðir (Structural Funds)

#### 4.2.1.1 Evrópski byggðapróunarsjóðurinn (ERDF)

Meginmarkmið *Evrópska byggðapróunarsjóðsins* (The European Regional Development Fund) er að draga úr aðstöðumun milli svæða innan ESB, á sama tíma og sjóðurinn er notaður sem hvati til þróunar og umbreytingar svæðanna. ERDF styrkir verkefni innan *Markmiða 1* og *2* (sjá kafla 4.1.2) auk þess sem sjóðurinn styrkir verkefni innan tveggja af frumkvæðisverkefnum, *Interreg III* og *Urban II*.

Á svæðum sem falla undir *Markmið 1* er áhersla lögð á efnahagslega uppbyggingu með sérstaka áherslu á samgöngu-, fjarskipta- og orkumál auk umhverfisverndar. Einnig eru fjárfestingar tengdar mennta- og heilbrigðismálum fjármagnaðar af ERDF.

Á svæðum sem falla undir *Markmið 2* er áhersla lögð á stuðning til að stofna atvinnurekstur og auka fjölbreytni í efnahagslífinu. Styrkir eru veittir til eflingar iðnaðar- og þéttbýlissvæða sem eiga í erfiðleikum. Dreifbýlissvæði og svæði sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi fá styrki til endurnýjunar skipaflota, umbóta sem

stuðla að umhverfisvænni rekstri, uppbyggingar fyrirtækja og tækjakaupa.

Á öllum svæðum sem falla undir *Markmið 1* og *2* eru styrkir veittir til fjárfestinga í framleiðslu sem skapa störf til frambúðar. Einnig er stuðningur til smárra og meðalstórra fyrirtækja og innri uppbyggingar.

Frumkvæðisverkefni *Urban II* og *Interreg III*, sem fjármögnuð eru af ERDF, er hægt að nota til að veita fé til verkefna innan ESB án sérstakra svæðatakmarkana. *Urban II* styður við efnahagslegar endurbætur á þéttbýlisstöðum sem eiga í þrengingum og *Interreg III* stuðlar að svæðasamvinnu yfir landamæri.

#### 4.2.1.2 Félagsmálasjóður Evrópu (ESF)

Meginmarkmið *Félagsmálasjóðs Evrópu* (The European Social Fund) er að vinna gegn atvinnuleysi og efla mannauð. ESF styður við verkefni innan allra meginmarkmiðanna þriggja auk þess sem sjóðurinn veitir styrki til verkefna á vegum *Equal* frumkvæðisverkefnisins.

Úr sjóðnum eru veittir einstaklingsbundnir styrkir til menntunar og starfsþjálfunar, atvinnuuppbyggingar, rannsókna og vísinda auk uppbyggingar nýrra atvinnutækifæra. ESF veitir stuðning til uppbyggingar menntakerfis, þjónustu tengdri atvinnuuppbyggingu og til aukinna tengsla atvinnuvega við rannsóknarstofnanir. Einnig eru verkefni sem leiða til jafnra möguleika karla og kvenna á vinnumarkaði styrkt af ESF.

Í gegnum *Equal* styrkir ESF verkefni sem vinna gegn mismunun og ójafnrétti á vinnumarkaði.

#### 4.2.1.3 Uppbyggingarsjóður landbúnaðarins (EAGGF)

Meginmarkmið *Uppbyggingarsjóðs landbúnaðarins* er að styðja við þróun dreifbýlla svæða og uppbyggingu innan landbúnaðar. EAGGF veitir styrki til verkefna innan *Markmiðs 1* auk verkefna á vegum *Leader+* frumkvöðlaverkefnisins. Þá fer hluti styrkja til verkefna á svæðum utan *Markmiðs 1*.

EAGGF er samsettur af tveimur deildum. Annars vegar svokölluð „Guarantee Section“ sem veitir einkum landbúnaðar- og dreifbýlisstyrki sem eru fyrir utan *Markmið 1* og hins vegar „Guidance Section“ sem fjármagnar aðra uppbyggingarstyrki.

EAGGF Guidance Section veitir styrki til fjárfestinga í landbúnaði sem ætlaðar eru til nútímavæðingar hans, aðgerða til að draga úr framleiðslukostnaði, aukinna gæða framleiðslunnar, betri verndunar umhverfis, velferðar dýra o.fl. Stuðningur er veittur til ungra bænda sem eru að hefja búskap auk stuðnings til starfsmenntunar innan landbúnaðarins. Einnig er veittur stuðningur til markaðs- og kynningarstarfs á landbúnaðarvörum auk skógræktar og margvíslegra aðgerða til uppbyggingar á dreifbýlis-svæðum.

#### 4.2.1.4 Sjávarútvegssjóðurinn (FIFG)

Meginmarkmið *Sjávarútvegssjóðsins* (Financial Instruments for Fisheries Guidance) er að stuðla að varanlegu jafnvægi milli fiskveiða og fiskistofna ásamt því að styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins og þróa lífvænleg fyrirtæki í greininni. Þá stuðlar sjóðurinn að aukinni framleiðslu og aðgerðum er miðað að því að auka virði sjávar- og fiskeldisafurða og veitir aðstoð til svæða sem eru háð sjávarútvegi og fiskeldi. Stór hluti styrkveitinga úr FIFG sjóðnum rennur til svæða innan *Markmiðs 1* en sjóðurinn veitir einnig styrki til svæða sem liggja utan þess markmiðs.

Þau verkefni sem sjávarútvegssjóðurinn styrkir innan *Markmiðs 1* falla undir nokkurra ára verkefnaáætlanir en verkefni sem styrkt eru utan *Markmiðs 1* eru sjálfstæð verkefni einstakra aðildarríkja.

Helstu viðfangsefni sem sjóðurinn styður eru: Úrelding fiskiskipa, endurnýjun fiskiskipa, strandveiðar, aðgerðir af félagslegum toga, uppbygging hafna og fiskeldi. Þá veitir sjóðurinn stuðning til markaðs- og kynningarstarfs á sjávarafurðum auk fleiri verkefna.

#### 4.2.2 Verkefni uppbyggingarsjóðanna

Til að tryggja sem bestan árangur styrkveitinga úthluta uppbyggingarsjóðirnir 94% af ráðstöfunarfé sínu til svæða og/eða sviða sem falla undir þrjú meginmarkmið. Aðrir styrkir sem eru veittir úr uppbyggingarsjóðunum eru: Sérstök frumkvæðisverkefni, sjávarútvegsstuðningur utan *Markmiðs 1* og ný þróunarverkefni.

Uppbyggingarsjóðirnir fjármagna nokkurra ára verkefni sem fela í sér uppbyggingarstefnu sem ákveðin er sameiginlega af fulltrúum svæða, þjóða og framkvæmdastjórnar þar sem farið er eftir viðmiðunarreglum sem framkvæmdastjórnin setur. Áhrifin á efnahagslega og samfélagslega uppbyggingu eru:

- Innri uppbygging, eins og samgöngur og orkuvinnsla
- Víðtækari samskiptaþjónusta
- Aðstoð til fyrirtækja og ráðstafanir til að bjóða starfsmenntun
- Dreifing tækja og þekkingar upplýsingasamfélagsins<sup>20</sup>

Í töflu 6 má sjá hvernig uppbyggingarstyrkir ESB dreifast á mismunandi verkefni á tímabilinu 2000 - 2006:

<sup>20</sup> [http://europa.eu.int/comm/regional\\_policy](http://europa.eu.int/comm/regional_policy)

Tafla 6 Sundurliðun á úthlutun uppbyggingarstyrkja ESB á tímabilinu 2002 til 2006<sup>21</sup>

Uppbyggingarstyrkir Evrópusambandsins 2000-2006	Milljarðar evra	%
<b>Uppbyggingarsjóðir (Structural Funds)</b>		
Markmið 1	135,9	69,7%
Markmið 2	22,5	11,5%
Markmið 3	24,1	12,3%
<b>Samtals uppbyggingarsjóðir</b>	<b>195</b>	<b>91,55%</b>
<b>Sérstök frumkvæðisverkefni (Community Initiatives)</b>		
Interreg	4,8	
Equal	2,8	
Leader+	2,0	
Urban	0,7	
<b>Samtals sérstök uppbyggingarverkefni</b>	<b>10,4</b>	<b>5,4%</b>
Sjávarútvegur utan Markmiðs 1	1,1	0,6%
Ný þróunarverkefni (Innovative actions)	1,0	0,5%
Samstarfssjóður (Cohesion Fund)	18	8,45%
<b>Alls uppbyggingarstyrkir</b>	<b>213</b>	<b>100,00%</b>

<sup>21</sup> [http://europa.eu.int/comm/regional\\_policy/intro/regions4\\_en.htm](http://europa.eu.int/comm/regional_policy/intro/regions4_en.htm)

#### 4.2.2.1 Flokkunarkerfi landsvæða (NUTS)

Eftirfarandi umfjöllun um svæðaskiptingu aðildarríkjanna er að stórum hluta byggð á 2001/0046 (COD), "Proposal for a Regulation of the European Parliament and of the Council. On the establishment of a common classification of Territorial Units for Statistics (NUTS)". Í viðauka D má sjá útdrátt úr tillögnum þar sem fram koma helstu atriði svæðaskiptingarinnar.

Meginmarkmið uppbyggingarsjóðanna eru þrjú og raðast mismunandi landsvæði aðildarríkjanna á mismunandi markmið eftir einkennum og eðli hvers landsvæðis.

Til þess að flokka landsvæði ríkjanna niður eftir ákveðnum forsendum og kerfi útbjó *Hagstofa ESB* (The European Office for Statistics) tölfræðilegt flokkunarkerfi landsvæða, oftast kallað NUTS („The nomenclature of territorial units for statistics“). NUTS-kerfið nærir til allra aðildarríkja ESB og er þannig samhæft kerfi við svæðaskiptingu ríkjanna. Þannig skiptir NUTS öllu máli m.t.t. þess innan hvaða markmiða landsvæði aðildarríkjanna lenda og þ.a.l. úr hvaða sjóðum styrkveitingar koma og hversu miklar þær geta orðið. NUTS-kerfið hefur verið notað við svæðaskiptingu fyrir uppbyggingarsjóðina allt frá árinu 1988.

NUTS svæðaskiptingin er þrepaskipt flokkun. Þrepin eru þrjú. NUTS skiptir hverju aðildarríki ESB niður í svæði innan NUTS þreps 1. Þessum svæðum er síðan skipt aftur niður í svæði innan NUTS stigs 2, og þeim svæðum svo áfram skipt niður í svæði innan NUTS stigs 3. Stjórnsýsluuppbygging ríkjanna er yfirleitt samsett úr tveimur gerðum svæða (t.d. *Länder* og *Kreise* innan Þýskalands, *régions* og *départements* innan Frakklands, *Comunidades autonomas* og *provincias* á Spáni, *regioni* og *provincia* á Ítalíu o.s.frv.). Hérlandis yrði væntanlega stuðst að miklu leyti við landið í heild eða kjördæmi.

Það eru nokkrir þættir sem litið er til við flokkun á svæðum innan hvers lands. Fyrst þarf að greina uppbyggingu stjórnkerfis; næst þarf að ganga úr skugga um hvort tölfræðilegum upplýsingum um svæði sé safnað saman og þeim dreift á þeim grunni, sem oftast er raunin. Meðalstærð (fólksfjöldi) einstakra stjórnsýslusvæða er síðan fundin út til að meta hvar viðkomandi

svæði eiga heima í svæðaflokkuninni. Úr því mati eru tvær mögulegar útkomur:

- Meðalstærð svæðis samræmist í megindrátum skilgreiningu samkvæmt NUTS. Í þessu tilviki er stjórnsýslukerfið samþykkt í heild án breytinga sem skipting svæðis innan þessa stigs. Þetta þýðir að stærð ákveðinna eininga getur verið allt önnur en meðalstærð skráðra eininga innan þessa stigs.
- Ef ekkert stjórnsýslukerfi er að meðalstærð innan marka reglugerðar er, í samræmi við viðteknar venjur fyrir aðildarríki ESB, stjórnsýslueiningum safnað saman í samvinnu við viðeigandi ríki í tilbúna einingar, svonefndar „stjórnsýslulausar einingar“.

Svæði sem koma til greina inn í *Markmið 1* eru einkum skilgreind með vísan til NUTS svæða á stigi 2. Svæði innan *Markmiðs 2* eru yfirleitt skilgreind með vísan til NUTS svæða á stigi 3.

#### 4.2.2.2 Markmið 1

*Markmið 1* snýst um stuðning við uppbyggingu svæða sem hafa orðið á eftir í þróun m.v. önnur svæði innan ESB. Aðstoð felst í uppbyggingu stjórnkerfis eða aðkomu að fjárfestingum sem hafa áhrif á atvinnulífið á staðnum og fara um 70% af heildarfjármagni uppbyggingarsjóðanna til þessa markmiðs.

Svæði sem falla undir *Markmið 1* eru svæði sem falla undir *NUTS II* – stigið. Það eru svæði þar sem verg landsframleiðsla á mann er innan við 75% af meðaltali ESB þrjú undangengin ár, eða dreifbýl svæði með færri en 8 íbúa á hvern ferkílómetra. Einnig falla afskekkt eyjasvæði, tilgreind svæði í Svíþjóð, Finnlandi og Austurríki sem tilgreind eru í aðildarsamningum þessara þjóða og ýmis sérverkefni undir *Markmið 1*.<sup>22</sup>

<sup>22</sup> Sjá grein 3 í reglugerð framkvæmdastjórnar númer 1260 frá 1999, "Laying down general provision on the Structural Funds"

Efnahagslega og félagslega einkennast þessi svæði af eftirfarandi þáttum:

- Fjárfesting er lítil
- Atvinnuleysi er yfir meðallagi
- Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki er lakari en gengur og gerist annars staðar
- Innri gerð samfélagsins er lakari en annars staðar

Á fjárlögum ESB fyrir árin 2002-2006 er gert ráð fyrir að tæpir 136 milljarðar evra fari til verkefna sem falla undir *Markmið 1*. Verkefni sem falla undir þetta markmið eru styrkt af *ERDF*, *ESF*, *EAGGF* og *FIFG* - sjóðunum.

#### 4.2.2.3 Markmið 2

*Markmið 2* er ætlað að styðja við efnahagslegar og félagslegar umbreytingar á svæðum sem einkennast af hlutfallslega umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi, dreifbýli eða þéttbýli í vanda. Einnig er stutt við svæði háð fiskveiðum þar sem uppbygging hefur gengið hægt. Þessi svæði einkennast þannig af einhæfni í búsetumynstri eða atvinnumynstri.

Svæði sem falla undir *Markmið 2* eru svæði sem samræmast *NUTS III* – stiginu.<sup>23</sup> Einkenni þessara svæði eru:

- Þörf á enduruppbyggingu iðnaðar- og þjónustusvæða
- Fækkun hefðbundinna starfa í dreifbýli
- Hnignun innan þéttbýlissvæða
- Erfiðleikar í sjávarútvegi

Á þessum svæðum búa 18% íbúa ESB landanna og gera fjárlög ESB fyrir tímabilið 2000-2006 ráð fyrir að 22,5 milljarðar evra

<sup>23</sup> Sjá nánar í grein 4 í reglugerð framkvæmdastjórnar nr. 1260 frá 1999, "Laying down general provisions on the Structural Funds"

fari til verkefna sem falla undir *Markmið 2*. Verkefni sem falla undir *Markmið 2* eru styrkt af *ERDF* og *ESF* sjóðunum.

#### 4.2.2.4 Markmið 3

*Markmið 3* styður við mannauðinn, þ.e. menntun, starfsþjálfun og stuðning til þátttöku í atvinnulífínu

*Markmið 3* er óháð svæðaskiptingu að öðru leyti en því að það nær ekki til svæða sem falla undir *Markmið 1*. Auk þess er unnt að veita styrki til sjávarútvegsfyrirtækja á svæðum sem ekki falla undir *Markmið 1*.

Meðal þeirra samfélagshópa sem eiga við erfiðleika að stríða á vinnumarkaði og helst koma til álita að falli undir *Markmið 3* er ungt fólk sem hefur verið lengi án atvinnu, fólk sem hefur einangrast frá samfélaginu og vanhæft vinnuafli.

Fjárlög ESB fyrir tímabilið 2000-2006 gera ráð fyrir að 24 milljarðar evra fari til verkefna sem falla undir *Markmið 3* og eru styrkirnir eingöngu úr *ESF* sjóðnum.

#### 4.2.2.5 Sérstök frumkvæðisverkefni

Frumkvæðisverkefni ESB eru fjögur og eru ætluð til að leysa almennt vandamál er varða sambandið í heild sinni. Þessi fjögur frumkvæðisverkefni innan ESB fá 5,4% af fjárframlögum úr uppbyggingarsjóðunum eða 10,4 milljarða evra á tímabilinu. Hvert verkefni er fjármagnað af einum sjóði. Frumkvæðisverkefnin tímabilið 2000-2006 eru *Interreg III*, *Urban II*, *Leader+* og *Equal*.

***Interreg III*** er frumkvæðisverkefni sem ætlað er að styrkja efnahagslega og félagslega samvinnu á milli svæða innan ESB. Sérstök áhersla er lögð á að styðja við afskekkt svæði og svæði sem eiga landamæri að þeim löndum sem nú eru að sækja um aðild. Verkefnið er fjármagnað af *ERDF* og fær 4.875 milljónir evra sem er skipt niður á þrjú svið:

- **Svið A** (67%) sem snýr að samvinnu þvert á landamæri til að efla samþættingu í uppbyggingu svæða sem liggja að landamærum.

- **Svið B** (27%) sem styður hvers konar samvinnu þvert á þjóðerni og landamæri og stuðlar að samþættingu og samræmingu milli svæða innan sambandsins.
- **Svið C** (6%) miðar að því að styrkja samvinnu milli svæða til að bæta sameiginlega efnahagslega uppbyggingu þeirra á milli.

**Urban II** verkefnið miðar að stuðningi við enduruppbyggingu borga og þéttbýlissvæða sem eru í hnignun. Markmið verkefnisins er annars vegar að efla efnahagslega og samfélagslega uppbyggingu í litlum og meðalstórum bæjum og hnignandi svæðum. Hins vegar er verkefninu ætlað að miðla af reynslu og auka þekkingu sem miðar að endurnýjun og varanlegri uppbyggingu þéttbýlissvæða. Verkefni eru fjármöggnuð af ERDF - sjóðnum og getur framlagið numið 75% af heildarkostnaði verkefnisins innan svæða sem falla undir *Markmið 1* en 50% á öðrum svæðum.

**Leader+** stuðlar að viðvarandi uppbyggingu í dreifbýlum samfélögum og hagkerfum. Fjárframlög til verkefnisins fyrir tímabilið 2000-2006 nema 2.020 milljónum evra sem eru 5,35% af framlögum úr uppbyggingarsjóðum ESB. Verkefni eru fjármöggnuð af EAGGF. Svæði sem geta fengið *Leader+* styrki eru:

- Dreifbýlissvæði innan ESB og afskekktustu svæðin
- Svæði þar sem mannfjöldi er á bilinu 10.000 til 100.000 (með nokkrum undantekningum)
- Svæði þar sem mannlegur og fjárhagslegur styrkur er fullnægjandi
- Aðildarþjóðirnar geta látið *Leader+* umsókn ná til hvaða dreifbýlissvæðis sem er.

Megin áherslan er lögð á skipulagningu á styrkingu dreifbýlis, að aðstoða fólk við að bæta lífsskilyrði, efla ferðamannaiðnað í dreifbýli, styðja lítil fyrirtæki sem sýna frumkvæði og efla hágæða landbúnaðarframleiðslu.

**Equal** er fjármagnað af ESF og hefur það að markmiði að draga úr mismun og koma á jafnrétti á vinnumarkaði. Ráðherraráðið hefur vald til að beita aðgerðum til að berjast gegn hverskonar misrétti hvort sem það byggist á kyni, kynþætti eða þjóðarupp-  
runa, trú, fötlun, aldri eða kynhneigð.

#### 4.2.2.6 Sjávarútvegsstyrkir utan *Markmiðs 1* (Fisheries non Objective 1)

Sjávarútvegssjóðurinn veitir sérstakan stuðning til fiskveiða á svæðum utan *Markmiðs 1*. Á tímabilinu 2000 - 2006 er þessi stuðningur 1,1 milljarður evra eða 0,6% af heildarframlögum uppbyggingarsjóðanna.

Þau viðfangsefni sem sjóðurinn styður við eru þau sömu og sjóðurinn styður við innan *Markmiðs 1*, þ.e.: Úrelding fiskiskipa, endurnýjun fiskiskipa, stuðningur til strandveiða, félagslegar aðgerðir, uppbygging hafna og fiskeldis. Þá veitir sjóðurinn stuðning til markaðs- og kynningarstarfs á sjávarafurðum auk fleiri verkefna.

#### 4.2.2.7 Þróunarverkefni (Innovative actions)

Að lokum veita uppbyggingarsjóðirnir ýmsa rannsóknar- og þróunarstyrki sem nema 1 milljarði evra á tímabilinu 2000-2006 eða 0,5% af framlögum úr uppbyggingarsjóðunum. Öll svæði sem eru skilgreind innan *Markmiða 1* og *2* eiga möguleika á styrkjum vegna þróunarverkefna.

#### 4.2.3 Samstöðusjóðurinn (Cohesion fund)

Samstöðusjóðurinn fjármagnar verkefni sem ætluð eru til uppbyggingar umhverfis- og samgöngumála í aðildarlöndum þar sem þjóðarframleiðsla er undir 90% af meðaltali ESB. Markmiðið er að stuðla að varanlegri uppbyggingu innan viðkomandi aðildarlanda, sem og að styrkja samstarf innan ESB.

Fjárhagsáætlun ESB fyrir árin 2000 – 2006 gerir ráð fyrir að 18 milljarðar evra renni til samstöðusjóðsins. Þau lönd sem fá styrki úr honum á tímabilinu eru Spánn, Grikkland, Portúgal og Írland.



#### 4.2.4 Þróunarsjóðir nýrra aðildarríkja (Pre-accession funds)

Til að undirbúa inngöngu nýrra aðildarríkja hafa verið settir á stofn þróunarsjóðir fyrir þessi ríki. Tíu Mið- og Austur-Evrópuríki, auk Möltu og Kýpur, bíða nú inngöngu í ESB og eru þau misjafnlega stödd hvað ýmsa þætti varðar. Þróunarsjóðirnir eru ætlaðir til að styrkja ríkin á þeim sviðum þar sem þau standa verr en önnur og gera þeim þannig inngöngu í ESB auðveldari. Vegna hárra þjóðartekna er ólíklegt að Ísland fái úthlutað úr þessum sjóðum.

#### 4.2.5 Framlög til Íslands

Ekki er hægt að segja til um það með nákvæmum hætti hversu há framlög gætu orðið til Íslands úr uppbyggingarsjóðum ESB. Slíkt er háð niðurstöðum úr samningaviðræðum og því hvernig svæði yrðu skilgreind og einnig undir hvaða markmið stuðningur við svæðin félli.

Til að áætla hvað Ísland fengi úr uppbyggingarsjóðum ESB vegna markmiðanna þriggja var farin sú leið að skoða framlög til sambærilegra svæða í Svíþjóð og Finnlandi. Reiknað var út meðalframlag á íbúa á þessum svæðum. Það var síðan notað til að framreikna áætluð framlög miðað við íbúafjölda svæða hér á landi sem gert er ráð fyrir að fengju styrki samkvæmt viðkomandi markmiði. Framlag á íbúa þeirra svæða sem minnst fá er notað til grundvallar á lágmarki framlaga til Íslands, en framlag á íbúa þeirra svæða sem mest fá eru til grundvallar hámarksframlagi. Ísland hefur mikla sérstöðu hvað varðar legu landsins, strjálbýli og vegna þess hversu veigamikinn sess sjávarútvegur skipar hér á landi.

Til að áætla framlög til Íslands vegna þeirra verkefna sem falla utan við markmiðin þrjú var valin önnur leið en varðandi *Markmið 1, 2 og 3*. Fyrir *Sérstök frumkvæðisverkefni* var reynt að áætla framlögin að þeirri forsendu gefinni að Íslendingar fengju hlutfallslega jafn mikið og íbúar þeirra Norðurlanda sem eru í ESB, þ.e. Svíþjóðar, Finnlands og Danmerkur. Þannig var sú upphæð sem hver íbúi þessara landa fékk í sinn hlut framreiknuð miðað við heildaríbúafjölda Íslands. Þessi leið var einnig valin

við mat á framlögum til nýrra þróunarverkefna, nema hvar þar var miðað við íbúa ESB í heild í stað Norðurlandanna einna.

Vegna þess hve sjávarútvegur skipar stóran sess í þjóðarframleiðslu hér á landi er ekki raunhæft að áætla framlög FIFG sjóðsins til sjávarútvegsins með því að nota eingöngu íbúafjölda sem forsendu. Var því reynt að meta framlögin með því að koma að fleiri forsendum. Hér koma að gagni stærðir eins og flotastærð, heildarafli og fiskeldisframleiðsla. Einnig væri gagnlegt að skoða aflaverðmæti og vinnuafli tengt sjávarútvegi, en skráning á þessum þáttum er með mismunandi hætti milli landa og því ekki hægt að styðjast við þá. Við samanburð á sjávarútvegi Íslands og ESB þarf fyrst og fremst að hafa hugfast að ekkert land innan ESB getur talist sambærilegt við Ísland og því líklegt að framlög til Íslands muni ráðast af afstöðu íslenskra stjórnvalda til sjávarútvegsstyrkja sambandsins.

##### 4.2.5.1 Markmið 1

Ef gert er ráð fyrir að Ísland myndi skiptast samkvæmt NUTS II skilgreiningu í tvö svæði, höfuðborgarsvæðið annars vegar og landsbyggðina hins vegar, er ekkert sem bendir til annars en að landsbyggðin falli undir Markmið 1 samanber bókun 6 í aðildarsamningum Svíþjóðar, Noregs, Finnlands og Austurríkis, en þau svæði sem þar féllu undir Markmið 6 falla nú undir Markmið 1.<sup>24</sup>

Ef reiknað er út hvað hver íbúi á styrkhæfum svæðum í Svíþjóð og Finnlandi fær vegna Markmiðs 1 og sú upphæð framreiknuð miðað við íbúafjölda utan höfuðborgarsvæðisins myndi framlag ESB til Íslands vegna Markmiðs 1 verða á bilinu **990 til 1.200 milljónir króna** á ári, en þá er gert ráð fyrir að árleg greiðsla úr sjóðum ESB verði 108 til 130 evrur á íbúa svæða innan Markmiðs 1 samanber yfirlit í viðauka E.<sup>25</sup>

<sup>24</sup> Official Journal of the European Communities, C 241, Volume 37

<sup>25</sup> Í skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis árið 2000 er áætlað að framlög uppbyggingarsjóða geti orðið 180 til 260 evrur á ári á íbúa

Í samningaviðræðum er eðlilegt að stefna að því að allt landið verði styrkhæft samkvæmt markmiði 1. Við inngöngu Svía og Finna voru samþykkt sérákvæði vegna dreifbýlla svæða. Skilgreint var nýtt markmið sem sérstaklega gilti fyrir þessi svæði (markmið 6). Við gerð fjárhagsramma fyrir tímabilið 2000 til 2006 voru svæði sem áður féllu undir markmið 6 felld undir markmið 1 þótt þau uppfylltu ekki skilyrði sem almennt er byggt á við flokkun svæða. Dæmi um rökstuðning fyrir því að Ísland verði flokkað í heild sinni undir markmið 1 eru:

- Ísland er í senn fámennasta og dreifbýlasta land Evrópu. Það er hlutfallslega mun dýrara fyrir Ísland að halda uppi opinberri þjónustu með sama hætti og stærri þéttbýlli ríki. Að hluta til má skýra háa þjóðarframleiðslu með því að opinberir aðilar inna af hendi sömu þjónustu og þurfa að byggja upp samsvarandi "infrastrúktúr" og stærri ríki.
- Ísland er allt staðsett norðan 62. breiddargráðu. Sérákvæði sem Finnar og Svíar fengu við inngöngu sína byggðu að stórum hluta á því að um norðlæg svæði væri um að ræða.
- Ísland er jaðarsvæði, staðsett langt frá helstu mörkuðum. Fjarlægð frá mörkuðum veikir samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja auk þess sem kostnaður við innflutning verður hlutfallslega hærri.
- Ísland er eyríki staðsett fjarri miðju Evrópu. Eyjasvæði og landsvæði Evrópuþjóða fjarri meginlandinu njóta mun viðtækari stuðnings en almennt gerist í Evrópusambandinu.
- Einhæfir atvinnuvegir. Mjög stór hluti landsframleiðslu byggir á sjávarútvegi og stóriðju. Stuðningskerfi ESB miðar að því að auka fjölbreytileika í atvinnuháttum. Því er ekki óraunhæft að gera ráð fyrir að veittur verði ríflegur styrkur til stuðningsáætlana sem miðað að því að auka fjölbreytileika í atvinnuháttum.
- Ísland er hrjóstrugt og einkennist af rýrum landgæðum. Uppblástur og jarðvegseyðing einkenna stóran hluta landsins. Mikla fjármuni þarf til að snúa við þeirri þróun.

Miðað við að landið sem heild falli undir markmið 1 má gera ráð fyrir að styrkir vegna verkefna sem falla undir markmið 1 yrðu

um 3,0 milljarðar króna á ári. Af varfærnisjónarmiðum gera skýrsluhöfundar ekki gert ráð fyrir að slík niðurstaða fái, en ekki er óraunhæft að stefna að slíku í aðildarviðræðum. Varlega áætlað má gera ráð fyrir að sérákvæði geti skilað 500 milljónum króna á ári í aukna uppbyggingarstyrki og miðast niðurstöður skýrslunnar við þá forsendu.

#### 4.2.5.2 Markmið 2

Ef gert er ráð fyrir að landsbyggðin verði styrkhæf samkvæmt Markmiði 1 þá myndi hún ekki verða styrkhæf samkvæmt Markmiði 2 þar sem markmiðin útiloka hvort annað. Þá er ljóst að höfuðborgarsvæðið fellur ekki undir Markmið 2 þar sem því er ætlað að styðja við svæði sem eiga við efnahagslega erfiðleika að stríða.

Ef landsbyggðin flokkast ekki undir Markmið 1 þá er nær öruggt að hún mundi flokkast undir Markmið 2 og má þá gera ráð fyrir að framlag ESB til verkefna á landsbyggðinni verði **309 til 430 milljónir króna** á ári, en þá er gert ráð fyrir að árleg greiðsla sjóða ESB á hvern íbúa verði 34 - 47 evrur samanber framlög til svæða í Finnlandi og Svíþjóð (sjá samantekt viðauka E).

#### 4.2.5.3 Markmið 3

Styrki samkvæmt Markmiði 3 fá aðeins þau svæði sem ekki falla undir Markmið 1. Það þýðir að ef landsbyggðin lendir ekki innan Markmiðs 1 fengi hún styrki bæði úr Markmiðum 2 og 3. Ef miðað er við fjárhæðir á íbúa í Svíþjóð og Finnlandi og sú fjárhæð yfirfærð á íbúafjölda landsbyggðarinnar á Íslandi verður styrkur samkvæmt Markmiði 3 á bilinu **120 – 130 milljónir króna** á ári.



#### 4.2.5.4 Frumkvæðisverkefni

Ef gerður er samanburður á því hvað Danmörk, Finnland og Svíþjóð fá í styrki vegna frumkvæðisverkefna og þær upphæðir svo framreiknaðar miðað við íbúafjölda, myndi Ísland fá um **110 milljónir króna** úthlutað árlega. Þau verkefni sem líklegt er að Ísland fengi styrki út á eru *Interreg III*, *Leader+* og *Equal*. Ekki er líklegt að styrkir myndu renna til Íslands vegna *Urban II* þar sem slík verkefni eru til að leysa vanda þéttbýlissvæða/borga sem eru í hnignun, en það gæti verið erfiðleikum bundið að heimfæra slíkt upp á íslenskar aðstæður. Aftur á móti gætu Íslendingar fengið nærri 60 milljónir króna árlega vegna *Interreg* verkefna, um 30 milljónir króna vegna *Equal* verkefna og um 20 milljónir króna vegna *Leader+* verkefna. Tafla 8 á næstu síðu sýnir heildarúthlutanir til aðildarríkja ESB úr frumkvæðis-sjóðunum fjórum og meðalframlag á íbúa á ári.

Tafla 7 sýnir samantekt á áætluðu framlagi vegna frumkvæðis-verkefna til Íslands. Ekki er gert ráð fyrir að Ísland fái greitt úr *Urban* sjóðnum sem veitir styrki til borga og þéttbýlissvæða í hnignun. Úr öðrum sjóðum er miðað við að Ísland geti verið á svipuðu reki og Norðurlandabjórðirnar þrjár innan ESB.

Tafla 7 Áætlað árlegt framlag til Íslands vegna frumkvæðis-verkefna (milljónir króna á ári)

Verkefni	áætlað framlag til Íslands
Urban	0
Interreg	57
Equal	32
Leader	20
<b>Samtals frumkvæðisverkefni</b>	<b>109</b>

Tafla 8 Framlög vegna frumkvæðisverkefna árin 2000 til 2006 og áætlun fyrir Ísland m.v. framlög til Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar <sup>26</sup>

	Íbúafjöldi (þúsundir íbúa)	Urban II		Interreg III		Equal		Leader+	
		framlag (milljónir evra)	evrur á íbúa á ári	framlag (milljónir evra)	evrur á íbúa á ári	framlag (milljónir evra)	evrur á íbúa á ári	framlag (milljónir evra)	evrur á íbúa á ári
Austurríki	8.103	8,3	0,15	183,0	3,23	96,0	1,69	71,0	1,25
Belgía	10.239	20,8	0,29	104,0	1,45	70,0	0,98	15,0	0,21
<b>Danmörk</b>	<b>5.330</b>	<b>5,2</b>	<b>0,14</b>	<b>34,0</b>	<b>0,91</b>	<b>28,0</b>	<b>0,75</b>	<b>16,0</b>	<b>0,43</b>
<b>Finnland</b>	<b>5.171</b>	<b>5,2</b>	<b>0,14</b>	<b>129,0</b>	<b>3,56</b>	<b>68,0</b>	<b>1,88</b>	<b>52,0</b>	<b>1,44</b>
Frakkland	59.226	99,9	0,24	397,0	0,96	301,0	0,73	252,0	0,61
Þýskaland	82.164	145,7	0,25	737,0	1,28	484,0	0,84	247,0	0,43
Grikkland	10.543	25,0	0,34	568,0	7,70	98,0	1,33	172,0	2,33
Írland	3.777	5,2	0,20	84,0	3,18	32,0	1,21	45,0	1,70
Ítalía	57.680	112,4	0,28	426,0	1,06	371,0	0,92	267,0	0,66
Lúxemborg	436	0,0	0,00	7,0	2,29	4,0	1,31	2,0	0,66
Holland	15.864	29,1	0,26	349,0	3,14	196,0	1,77	78,0	0,70
Portúgal	9.998	18,7	0,27	394,0	5,63	107,0	1,53	152,0	2,17
Spánn	39.442	110,3	0,40	900,0	3,26	485,0	1,76	467,0	1,69
<b>Svíþjóð</b>	<b>8.861</b>	<b>5,2</b>	<b>0,08</b>	<b>154,0</b>	<b>2,48</b>	<b>81,0</b>	<b>1,31</b>	<b>38,0</b>	<b>0,61</b>
Bretland	59.623	121,7	0,29	362,0	0,87	376,0	0,90	106,0	0,25
<b>EUR-15</b>	<b>376.455</b>	<b>712,7</b>	<b>0,27</b>	<b>4.828,0</b>	<b>1,83</b>	<b>2.797,0</b>	<b>1,06</b>	<b>1.980,0</b>	<b>0,75</b>
Ísland (áætlun)	<b>286</b>	0,0	<b>0,00</b>	0,7	<b>2,32</b>	0,4	<b>1,31</b>	0,2	<b>0,83</b>

<sup>26</sup> [http://europa.eu.int/comm/regional\\_policy/intro/regions5\\_en.htm](http://europa.eu.int/comm/regional_policy/intro/regions5_en.htm)

#### 4.2.5.5 Sjávarútvegur utan Markmiðs 1

Gera má ráð fyrir að stuðningur við sjávarútveg breytist lítið hvort sem landsbyggðin lendir innan Markmiðs 1 eða ekki. Ef landsbyggðin verður innan markmiðsins mun væntanlega stór hluti verkefna á þessum svæðum tengjast sjávarútvegi og stuðningur því greiddur úr sjávarútvegssjóðum sambandsins. Ef landsbyggðin aftur á móti lendir utan Markmiðs 1 mun hún njóta samsvarandi stuðnings, en þá munu greiðslur flokkast undir þann hluta sjávarútvegsstefnunnar sem kallast „Sjávarútvegur utan Markmiðs 1“.

Ef landsbyggðin lendir innan Markmiðs 1 er gert ráð fyrir að landið fái mjög takmörkuð framlög undir þeim hluta stefnunnar sem flokkast undir sjávarútveg utan Markmiðs 1, eða sem nemur um 30 milljónum króna á ári. Ef landsbyggðin aftur á móti fellur ekki undir Markmið 1 er gert ráð fyrir að framlög til sjávarútvegs utan Markmiðs 1 muni nema um **540 milljónum króna** á ári. Sjá nánari umfjöllun um sjávarútvegsstyrki í kafla 4.5.3.

#### 4.2.6 Þróunarverkefni

Hvort sem gert er ráð fyrir því að landsbyggðin falli undir Markmið 1 eða 2 mun Ísland eiga rétt á styrkjum vegna nýrra þróunarverkefna, þar sem öll svæði innan Markmiða 1 og 2 eiga möguleika á þeim.

Á árunum 2000 til 2006 verður einum milljarði evra veitt til þróunarverkefna. Innan svæða sem falla undir Markmið 1 eða 2 búa nú um 151,4 milljónir íbúa, þannig að árlegt framlag á íbúa er um 0,94 evrur. Á svæðum utan höfuðborgarsvæðisins búa um 108 þúsund manns þannig að árlegt framlag mun verða um 100 þúsund evrur eða sem samsvarar um **9 milljónum króna**.

##### 4.2.6.1 Samstöðusjóðurinn (Cohesion fund)

Vegna hárrar þjóðarframleiðslu hér á landi í samanburði við meðaltal ESB ríkja má gera ráð fyrir að engin framlög verði veitt til verkefna hér á landi úr samstöðusjóðnum.

#### 4.2.7 Framlög vegna uppbyggingarverkefna til Íslands

Tafla 9 sýnir áætlun um styrki til Íslands vegna Markmiða 1, 2 og 3. Nær öruggt er að landsbyggðin falli undir Markmið 1, en eins og áður segir mun hún njóta styrkja samkvæmt Markmiðum 2 og 3 falli hún ekki undir Markmið 1. Samkvæmt þessu yrði talsverður munur á styrkjum til Íslands eftir flokkun landsbyggðarinnar innan markmiða ESB.

Ef landsbyggðarsvæðin falla undir Markmið 1 munu styrkir frá ESB verða nærri 1.600 milljónum króna á. Verði landsbyggðarsvæðin aftur á móti skilgreind samkvæmt Markmiði 2 og 3 verða styrkir 430 – 560 milljónir króna á ári. Þá er einnig gert ráð fyrir að sérákvæði vegna legu landsins og strjálbýlis fáiast samþykkt og er miðað við að framlag sjóða ESB vegna þeirra muni nema 500 milljónum króna á ári. Það er mat skýrsluhöfunda að landsbyggðin á Íslandi muni lenda innan markmiðs 1 miðað við núverandi fyrirkomulag ESB við skiptingu svæða og niðurstöðum samningaviðræðna Svía, Finna og Norðmanna um flokkun svæða árið 1994. Því er áætlað að heildar framlög vegna uppbyggingarstyrkja muni nema nærri **1.700 milljónum króna** á ári.

Tafla 9 Samantekt á áætluðum styrkjum til Íslands vegna uppbyggingarverkefna (milljónir króna á ári)

Samtals greiðslur til landsbyggðar	neðri mörk	efri mörk
Markmið 1	500	1.600
Markmið 2	370	
Markmið 3	130	
<b>Samtals Markmið 1, 2 og 3</b>	<b>1.000</b>	<b>1.600</b>
Frumkvæðisverkefni	110	110
Sjávarútvegur utan markmiðs 1	540	30
Þróunarverkefni	10	10
<b>Samtals uppbyggingarverefni</b>	<b>1.660</b>	<b>1.750</b>


Höfuðborgarsvæðið gæti að einhverju leyti verið styrkhæft samkvæmt Markmiði 3, en styrkir munu í öllum tilvikum verða mjög takmarkaðir.

Til samanburðar voru áætluð framlög til Íslands borin saman við framlag á íbúa í ríkjum ESB. Eins og sjá má á mynd 6 hér að neðan er mikill munur á niðurstöðum og fá fátækari og harðbýlli hlutfallslega mest.

Á myndina er einnig sett inn áætluð niðurstaða miðað við að þjóðin sem heild undir markmið 1 og að stuðningur vegna uppbyggingarverkefna muni alls nema 3 milljörðum króna á ári.

Þótt ekki fáiast í gegn sú krafa að landið allt falli undir Markmið 1 er raunhæft að gera ráð fyrir að samþykkt verði sérákvæði sem taki mið af sérstöðu landsins og að niðurstaða gæti orðið vel ofan við það sem tilgreint er í skýrslu sem efri mörk. Þannig gæti Ísland nálgast þau framlög sem Finnland fékk árið 2000, en þess ber að geta að stór hluti Finnlands er sunnan 62. breiddargráðu á meðan Ísland er allt norðan hennar.

Mynd 6 Samanburður á áætluðu árlegu framlagi uppbyggingarstyrkja á íbúa til Íslands við ríki ESB árið 2000 (þúsundir króna á íbúa á ári)



#### 4.2.7.1 Mótframlög vegna styrkja uppbyggingarsjóðanna

Mikilvægt atriði varðandi styrkveitingar úr uppbyggingarsjóðum ESB er að ekki eru veittir styrkir úr sjóðunum án þess að til komi mótframlög frá viðkomandi ríkjum og oft einnig frá einkaaðilum. Hlutfall mótframlaga í verkefnum er misjafnt eftir því innan hvaða markmiðs verkefnið er og hvers eðlis það er.

Uppbyggingarsjóðirnir tiltaka hvaða viðfangsefnum ákveðin framlög tilheyra, en síðan er það á valdi aðildarríkjanna hvernig þau vilja verja því fé sem þeim hefur verið veitt til uppbyggingarstyrkja. Ef sjóðir vilja leggja sérstaka áherslu á einstök verkefni, en sýna öðrum minni áhuga, nýta þau þ.a.l. ekki endilega allt það fé sem þeim stendur til boða. Dæmi um þetta eru Bretar en þeir ákváðu á sínum tíma að styrkja eingöngu úreldingu fiskiskipa en ekki endurnýjun þeirra nema hún varðaði öryggismál. Þess vegna notuðu þeir ekki allt það fé sem kom í þeirra hlut.<sup>27</sup>

Þátttaka uppbyggingarsjóðanna í verkefnum er ekki sú sama á öllum svæðum. Framlög sjóðanna fara eftir því innan hvaða svæðis og markmiðs áætlað verkefni er. Eins og ætla má eru framlög sjóðanna hærrí eftir því sem aðstæður eru erfiðari innan svæðanna og þannig fá verkefni innan *Markmiðs 1* hæstu framlögin.

Eftirfarandi er yfirlit á mörkum fjárfrahlaga uppbyggingarsjóða vegna þátttöku í verkefnum:

- Markmið 1: Að hámarki 75% af heildarkostnaði verkefnis, nema á svæðum ríkja sem eru í Samstöðusjóðnum (Spánn, Portúgal, Grikkland og Írland, 2000-2006), jaðarsvæðum og Grísku eyjunum, þar sem framlög sjóða geta verið allt að 80-85% heildarkostnaðar verkefnis.
- Markmið 2 og 3 og sjávarútvegur: Að hámarki 50% af heildarkostnaði verkefnis.

Innan þessara marka getur hlutfall verið breytilegt. Framlög sjóðanna hafa verið minnkuð vegna fjárfestinga í fyrirtækjum og fjárfestinga í uppbyggingu fyrirtækja sem gefa af sér áþreifanlegar tekjur.

<sup>27</sup> Staða Íslands í Evrópusamstarfi (Utanríkisráðuneytið 2000)

Framlög sjóða til fjárfestinga í fyrirtækjum:

- Framlög sem falla undir Markmið 1: Að hámarki 35% heildarkostnaðar.
- Framlög sem falla undir Markmið 2: Að hámarki 15% heildarkostnaðar.

Framlög sjóða til fjárfestinga í uppbyggingu fyrirtækja sem gefa af sér áþreifanlegar tekjur:

- Framlög sem falla undir Markmið 1: Að hámarki 40% heildarkostnaðar. (50% í ríkjum sem eru í Samstöðusjóðnum).
- Framlög sem falla undir Markmið 2: Að hámarki 25%.

#### 4.2.7.2 Mótframlög Íslendinga

Til að átta sig betur á því hlutfalli framlaga sem Íslendingar gætu átt von á frá uppbyggingarsjóðunum er rétt að skoða þau verkefni sem sjóðirnir styrkja í Finnlandi og Svíþjóð. Ef litið er á þau verkefni sem uppbyggingarsjóðirnir styrkja innan *Markmiðs 1* og *Markmiðs 2* í Finnlandi og Svíþjóð kemur í ljós að hlutfall sjóðanna er á bilinu 26-37% innan Markmiðs 1. Fyrir *Markmið 2* eru þessar tölur 22-28%. Þetta sést betur í töflu 9.

Af þessu má ráða að framlög úr sjóðum ESB sem hlutdeild af kostnaði verkefna er talsvert undir því hámarksframlagi sem tilgreint er í regluverki ESB. Þetta þýðir að framlög ríkis og/eða einkaaðila þurfa að vera umtalsverð til að hámarksframlög fáiast frá sambandinu. Þó verður að líta til þess að útgjöld vegna framkvæmda sem í öllum tilvikum myndu greiðast af ríkissjóði, s.s. vega- og jarðgangnagerð, geta flokkast sem mótframlög ef framkvæmdir eru skilgreindar sem hluti af stærra verkefni.

Tafla 9 Hlutur uppbyggingarsjóða af heildarkostnaði verkefna í Finnlandi og Svíþjóð<sup>28</sup>

	Finnland		Svíþjóð	
	Hlutdeild uppbyggingarsjóða ESB	Hlutdeild ríkis og einkaaðila	Hlutdeild uppbyggingarsjóða ESB	Hlutdeild ríkis og einkaaðila
Markmið 1	26,2%	73,8%	36,5%	63,5%
Markmið 2	21,8%	78,2%	28,4%	71,6%

### 4.3 INNRI MÁLEFNI (INTERNAL POLICIES)


Eins og fram hefur komið renna 6,2% af heildar útgjöldum ESB til innri málefna. Þau útgjöld renna aftur til aðildarríkjanna, m.a. gegnum verkefni tengdum menntun, menningu, umhverfi og rannsóknum. Ef útgjöld ársins 2000 eru lögð til grundvallar má gera ráð fyrir að 330 milljónir króna kæmu aftur til Íslands miðað við að framlag verði í samræmi við meðaltal ESB þjóðanna á íbúa. Þó virðast „ríkari“ lönd ESB fá hlutfallslega meira en önnur ríki.

Ef tekið er mið af greiðslum til Finnlands, Svíþjóðar og Danmerkur yrðu greiðslur til Íslands **460 til 640 milljónir króna** á ári.

Þetta er í fullu samræmi við núverandi greiðslur til Íslands vegna EES samningsins. Ísland er þátttakandi í flestum verkefnum sem falla undir innri málefni og hafa Íslendingar fengið úthlutað um 500 milljónum króna árlega úr sjóðum ESB vegna þeirra.

Eins og sjá má fá Lúxemborg og Belgía hlutfallslega há framlög vegna innri málefna. Skýrist það af þeim stofnunum ESB sem staðsettar eru í þessum ríkjum.

Mynd 7 Áætlað framlag til Íslands vegna innri málefna í samanburði við ríki ESB (evrur á íbúa á ári)



<sup>28</sup> Byggt á upplýsingum um verkefni af vefsíðu ESB; [http://europa.eu.int/comm/regional\\_policy/country/prordn/index\\_en.cfm](http://europa.eu.int/comm/regional_policy/country/prordn/index_en.cfm)

#### 4.4 STUÐNINGUR VIÐ LANDBÚNAÐ – LANDBÚNAÐARSTEFNA ESB (CAP)

Við inngöngu í ESB er ljóst að almennt munu sömu reglur gilda um inn- og útflutning landbúnaðarafurða milli Íslands og annarra ESB landa líkt og gildir um alla þjónustu og vörur sem fluttar eru milli landanna, t.d. iðnaðarvarning. Yrði þar um gerbreytta stöðu að ræða í íslenskum landbúnaði og matvörumarkaði.

Innflutningur mun þó ekki verða óheftur þó tollvernd falli niður þar sem gera má ráð fyrir að þeir sem ætli sér að markaðssetja matvæli verði að uppfylla heilbrigðiskröfur, merkingarreglur, umhverfisreglur, dýravelferðar- og dýrasjúkdómareglur o.s.frv. Einnig mun reyna á það hvort sérreglur gildi um Ísland vegna dýraheilbrigðis þar sem landið hefur verið einangrað frá mörgum sjúkdómum í landbúnaði vegna fjarlægðar og mikilla takmarkana á innflutningi búfjár og búfjárafurða.

Stuðningur við landbúnað, bæði á Íslandi og í ESB, takmarkast af ákvörðun Alþjóða viðskiptastofnunarinnar (WTO). Ísland er nú við efri mörk heimilda WTO um stuðning við landbúnað. Þá stefnir WTO að enn frekari lækkun heimilda til stuðnings landbúnaði, en ESB sem almennt hefur staðið gegn lækkun þessara heimilda hefur lagt fram tillögu sem miðar að því að innflutningstollar verði lækkaðir um 36% að jafnaði og a.m.k. 15% á einstaka tollflokka. Þá leggur ESB til að útflutningsstyrkir verði lækkaðir um 45% og lýsir sambandið sig reiðubúið til að afnema alla útflutningsstyrki á nokkrum lykilvörum að því tilskyldu að engin önnur ríki veiti þessum vörum útflutningsstyrki. Einnig leggur ESB til að viðskiptahamlandi ríkisstyrkir verði lækkaðir um 55%, en undir þennan flokk falla beingreiðslur. Nái þessar tillögur fram að ganga mun Ísland þurfa að hlíta þeim hvort sem landið gerist aðili að ESB eða ekki, þannig að ljóst er að stuðningur við landbúnað mun dragast saman.

Við slíka kerfisbreytingu sem myndi koma til við hugsanlega inngöngu Íslands í ESB verður að hafa í huga að íslenskir bændur verða þá í einu og öllu jafn settir starfsbræðrum sínum í Evrópu og munu njóta sama stuðnings og aðrir evrópskir bændur njóta. Til

viðbótar er mögulegt að semja um heimildir til viðbótarstyrkja vegna landfræðilegrar stöðu Íslands og sérstöðu Íslands að öðru leyti, líkt og t.d. aðrar Norðurlandþjóðir gerðu þegar þær sóttu um og fengu inngöngu í ESB. Það er augljóst að útreikningar á framlögum ESB til íslensks landbúnaðar eru og munu verða verulegri óvissu háðir. Það er ekki fyrr en að samningaviðræðum loknum að slíkir útreikningar verða þokkalega nákvæmir. Í hugsanlegum samningaviðræðum við ESB verður væntanlega beitt rökum sem lúta að jafnræði og sanngirni („equity“) þess að Ísland fái hlutfallslega svipuð framlög og nágrannalöndin frá ESB. Í samningaviðræðum sínum fengu Finnar og Svíar heimild til að styrkja sérstaklega landbúnað norðan við 62. breiddargráðu. Um er að ræða varanlega heimild og telja verður ólíklegt að aðrar reglur giltu um Íslendinga þar sem landið allt liggur norðan við 62. breiddargráðu.

Stuðningur ESB við landbúnað hefur til skamms tíma verið sá málaflökkur sambandsins sem fengið hefur hæst framlög á fjárlögum þess. Upphaflegur tilgangur fjárstuðningsins var að tryggja næga framleiðslu landbúnaðarafurða en um langa hríð hefur aftur á móti verið um offramleiðslu að ræða og ESB verið einn stærsti matvælaútflytjandi í heiminum. Stuðningurinn hefur komið þeim best sem mest framleiða þó reynt hafi verið að snúa frá því fyrirkomulagi. Framkvæmdastjórn ESB hefur sett fram róttækar tillögur um uppstökkun á landbúnaðarkerfinu sem mætt hafa harðri andstöðu aðildarríkjanna (sjá nánari umfjöllun um nýja landbúnaðarstefnu í kafla 6.1). Þrátt fyrir þá andstöðu má gera ráð fyrir að um einhverja breytingu á fjárhagsstuðningi við landbúnað verði að ræða þannig að dregið verði úr magntengdum stuðningi og frekar lögð áhersla á stuðning við breytingar í landbúnaðarháttum og vistvæna framleiðslu.

Eins og áður segir er ljóst að stærstur hluti innlendrar landbúnaðarframleiðslu félli beint undir landbúnaðarstuðningskerfi ESB með þeim kostum og göllum sem því fylgir. Stuðningurinn gildi þá fyrir alla kjöt- og mjólkurframleiðslu og yrði verð til bænda á Íslandi og ESB sambærilegt fyrir sömu vöru. Innlend framleiðsla mun njóta nokkurrar fjarlægðarverndar, þ.e. að flutningskostnaður mun verða það hár að ekki taki því að flytja vörurnar til Íslands og mun það að öllum líkindum fremur gilda

um ferskar mjólkurafurðir en um kjöt. Síst mun það gilda um unna kjötvöru og egg. Fyrst um sinn má gera ráð fyrir að neytendur kaupi fremur þá vöru sem þeir þekkja og eru vanir, en þegar frá líður er líklegra að það skipti minna máli og íslenskir neytendur hegði sér með sama hætti og neytendur annarsstaðar í ESB.

Óvíst er hvaða áhrif landbúnaðarstuðningur hefði á framleiðslu landbúnaðarafurða sem lítið eða ekkert er sinnt á Íslandi vegna lágs afurðaverðs. Hér er t.d. átt við framleiðslugreinar sem njóta fjárhagsstuðnings innan ESB eins og ullar- og skinnframleiðslu sem hefur átt undir högg að sækja á Íslandi. Slík framleiðsla gæti borið sig betur með þeim stuðningi sem býðst frá ESB. Þetta gæti einnig átt við hörrækt og kornrækt (bygg) sem gæti aukist umtalsvert frá því sem nú er hér á landi. Einnig gæti stuðningur ESB við skógrækt og landgræðslu orðið til þess að fleiri kysu að sinna henni en nú er. Í ljósi þess að Kyoto – loftslagssamþykktin var gerð eftir samningaviðræður Finna, Svía og Norðmanna við ESB má ætla að viðhorf og stuðningur t.d. við skógrækt og ræktun örfoka lands eigi enn frekar upp á pallborðið nú, en þegar aðildarsamningar voru gerðir og samningaviðræður vegna þeirra fóru fram. Í nýrri landbúnaðarstefnu ("Mid-term Review") er sérstaklega stefnt að þessu meðal annars með s.k. "Carbon Credit" þar sem veittur er stuðningur við ræktun skóga til orkuframleiðslu sem mótvægi við myndun gróðurhúsalofttegunda.

Til að nýta aðild að ESB í þágu íslensks landbúnaðar til fulls þá er ljóst að móta þarf algjörlega nýja stefnu í landbúnaði sem tekur mið af landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins (CAP) og því hvernig þeir kostir sem bjóðast innlendri framleiðslu verði sem best hagnýttir.

#### 4.4.1 Almenn markaðsstjórnun á landbúnaðarvörum

Markaðsstjórnunaraðgerðir ESB eru reglur sem settar hafa verið til að stjórna framleiðslu og viðskiptum með landbúnaðarvörur innan ESB. Markaðsstjórnunaraðgerðir sambandsins leitast við að fylgja eftir landbúnaðarstefnu ESB til að koma á stöðugleika á markaði, auka lífsgæði bænda og búaliðs og auka framleiðni í landbúnaði. Þær ná til um 90% af heildar landbúnaðarframleiðslu sambandsins sem er m.a. korn, svínakjöt, egg og alifuglakjöt, ávextir og

grænmeti, bananar, vín, mjólkurvörur, nautakjöt, hrísgrjón, olíur og feiti (þar á meðal ólífuolíu og olíuþlöntur), sykur, blóm, þurrkað fóður, verkun á ávöxtum og grænmeti, tóbaki, hör og hampur, humlar, fræ, kinda- og geitakjöt og aðrar landbúnaðarafurðir sem ekki falla undir neina eina sérstaka markaðsstjórnun. Sérstakar reglur gilda um landbúnaðarframleiðslu á afskekktum eyjum eins og Madeira og Kanaríeyjum, eyjar í Eyjahafi og frönsku eyjarnar. Markaðsstjórnunin er á ábyrgð ráðherraráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

Megin viðfangsefni markaðsstjórnunar er að hafa stjórn á verði landbúnaðarvara á evrópskum markaði, veita stuðning til framleiðenda innan greinarinnar, koma á framleiðslustjórnun og stjórna viðskiptum við þjóðir utan sambandsins. Einnig hvetur hún bændur til að koma á framleiðslustjórnun.

##### 4.4.1.1 Verð

Á vegum ráðherraráðsins eru ákveðin þrjú verðlagsafbrigði fyrir hvert markaðsár. Hvert markaðsár er tólf mánuðir þó að þau hefjist á mismunandi tímum ársins. Þessi þrjú verð eru:

- *Grunnverð* eða *leiðbeinandi verð* sem ákveðið er að farið skuli eftir innan ESB. Þó að það eigi aðeins að kallast „leiðbeinandi verð“, þá er það nálægt raunverulegu markaðsverði innan sambandsins.
- *Lágmarksverð* er verð sem ákveðið er fyrir innfluttar vörur. Það er hærra en íhlutunarverðið og er hvetjandi fyrir verslun með landbúnaðarvörur innan ESB.
- *Íhlutunarverð* er nokkurs konar verðtrygging sem er ætlað að tryggja lágmarksafkomu bænda.

##### 4.4.1.2 Aðstoð og greiðslur

Aðstoð er veitt í formi svæðisbundinna greiðslna, framleiðslu- stuðnings, aðstoðar til ræktunar á búpeningi og með jöfnunargreiðslum. Fjármagni er einnig veitt til markaðssetningar á framleiðslunni, til að auka á samkeppnishæfni og til stofnunar á samtökum framleiðenda og stjórnenda innan landbúnaðar-



geirans. Markaðsaðstoð er veitt ef sjúkdómar koma upp í dýrum.

#### 4.4.1.3 Framleiðslustjórnun

Kvótakerfi og hámarksframleiðsla hverrar þjóðar stjórnar landbúnaðarframleiðslu innan ESB og kemur í veg fyrir offramleiðslu og birgðasöfnun. Greiðslur fyrir land sem sett er í hvíld og jöfnunargreiðslur eiga einnig að koma í veg fyrir offramleiðslu.

- Kvótar eru leyfileg hámarksframleiðsla sem er úthlutað. Offramleiðsla varðar fjársektum.
- Hámarksframleiðsla hverrar þjóðar er hámark framleiðslu sem hver þjóð má fara upp að. Fari framleiðslan fram yfir það greiða framleiðendur sekt og er íhlutunarverð næsta markaðsárs einnig lækkað.
- Greiðslur fyrir land tekið úr ræktun og aukinn fjölbreytileika framleiðslunnar svo fremi sem það séu ekki matvæli sem eru framleidd (t.d. lífrænt eldsneyti).
- Jöfnunargreiðslur tryggja tekjur til bænda og eru veittar á grundvelli fjölda dýra og/eða ræktaðs lands.

#### 4.4.1.4 Viðskipti við lönd utan ESB

Reynt er að auka útflutning landbúnaðarvara til landa utan ESB eftir því sem kostur er.

- *Innflutningur:* Innflytjendur þurfa að útvega sér innflutningsleyfi og greiða innflutningsgjöld. Ef markaður sambandsins verður fyrir áföllum, hefur framkvæmdastjórnin rétt til að grípa til ráðstafana.
- *Útflutningur:* ESB niðurgreiðir framleiðslu þeirra framleiðenda sem flytja út til landa sem eru utan sambandsins svo að þeirra verð standist samanburð við heimsmarkaðsverð. Í flestum tilfellum er niðurgreiðslan sú sama en getur þó verið mismunandi eftir ákvörðunarstað vörunar og efnahagslegum aðstæðum.
- *Framleiðsla:* Aðeins er heimilt að flytja inn tollfrjálst hráefni ef framleiðslan er ætluð til útflutnings.

#### 4.4.1.5 Mismunandi markaðsstjórnunaraðgerðir

Það eru fjórar gerðir af markaðsstjórnunaraðgerðum. Sumar aðgerðirnar fela í sér framleiðslupremíu og íhlutunarverð, aðrar notast við íhlutunarkerfi, sumar eingöngu framleiðsluaðstoð eða að vernda landbúnaðarvörur með verndartollum. Í töflu 11 eru þessar aðgerðir taldar upp og hvaða landbúnaðarvörur falla undir hverja aðgerð.

Tafla 11 Markaðsstjórnunaraðgerðir ESB fyrir landbúnað

Aðgerðir	Landbúnaðarvörur
Íhlutun og framleiðsluaðstoð	Mjólk og mjólkurvörur, (frá árinu 2005), nautakjöt, hrísgrjón, ólífuolía, korn, kindakjöt, olíur og feiti, rúsínur.
Íhlutun	Sykur, mjólk og mjólkurvörur, vín, svínakjöt, ferskir ávextir og grænmeti.
Framleiðsluaðstoð	Hör og hampur, þurrkað fóður, vörur unnar úr ávöxtum og grænmeti, tóbak, humlar, fræ, geitakjöt, bananar.
Verndartollar	Alifuglakjöt, egg, önnur fita, lifandi plöntur og blóm, vörur sem ekki falla undir neina sérstaka markaðsstjórnun.

#### 4.4.2 Mögulegar CAP Greiðslur til Íslands

##### 4.4.2.1 Samanburður við Finnland, Svíþjóð og Austurríki

Líkt og áður hefur verið rakið þá er víða í skýrslu þessari vikið að Finnlandi til að finna samsvörun við landbúnað á Íslandi. Finnland liggur norðarlega og þar er stundaður búskapur við aðstæður sem um margt eru svipaðar aðstæðum á Íslandi. Sama gildir að nokkru leyti um Svíþjóð og Austurríki og er því einnig horft þangað til að fá samanburð.

Þar sem landbúnaðarkerfi ESB tekur sífelldum breytingum verður greining á því aldrei annað en lýsing á kerfinu eins og það er á hverjum tíma, en ekki hvernig það verður í framtíðinni. Þá byggir stuðningur við landbúnað einstakra ríkja á niðurstöðu samningaferlis þar sem tekið hefur verið á sérstökum aðstæðum landbúnaðar viðkomandi ríkja. Erfitt getur því verið að heimfæra núverandi stuðning til einstakra ríkja upp á mögulegan stuðning við íslenskan landbúnað þegar Ísland getur gerst aðili að ESB.

Ein leið til að meta umfang stuðnings við íslenskan landbúnað er að horfa til stuðnings við landbúnað þeirra þjóða sem síðast sömdu um inngöngu í ESB og hvaða vægi landbúnaður hefur í þjóðarbúskap viðkomandi ríkis. Því eru hér til samanburðar skoðuð framlög ESB til landbúnaðar í Finnlandi, Svíþjóð og Austurríki og hlutur landbúnaðar í þjóðarframleiðslu þessara landa.

Það sem gerir samanburð við þessi lönd eðlilegan er að landbúnaður hefur svipaða stöðu í efnahag landanna og landbúnaður hefur á Íslandi. Við inngöngu fengu þau samþykkt sérstök ákvæði sem tóku tillit til sérstakra aðstæðna þeirra í landbúnaði þar sem hann er stundaður á norðlægum breiddargráðum (Finnland og Svíþjóð) eða stundaður hátt yfir sjávarmáli (Austurríki). Þessum ákvæðum er ekki hægt að breyta án samþykkis ríkjanna.

Þar sem ljóst er að niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum koma fleirum til góða en bændum einum má gera ráð fyrir að framfærslukostnaður alls almennings verði lægri en ella vegna lægra verðs á landbúnaðarvörum. Við mat á hugsanlegum stuðningi til landbúnaðar verður það því að teljast réttlæt看leg

aðferð að skoða stuðning m.v. fólksfjölda og vægi landbúnaðar í viðkomandi landi.

Í töflu 12 er tekinn saman stuðningur við landbúnað í þremur fyrrgreindum löndum árið 2000, heildargreiðslur frá ESB (í gegnum CAP) og hlutfall landbúnaðar af VLF. Miðað við þær tvær mismunandi forsendur sem þarna er lagt upp með þá yrðu samþærilegar greiðslur til Íslands á bilinu **2,9 til 4,2 milljarðar króna**. Það eru eingöngu greiðslur frá ESB undir merkjum CAP og eru þá með öllu ótaldar greiðslur sem munu berast í gegnum sjóðakerfi ESB.

Tafla 12 Samanburður á stuðningi við landbúnað og hlutdeild landbúnaðar í landsframleiðslu

	Finnland	Svíþjóð	Austurríki	Ísland
Landbúnaður sem hlutfall af VLF	1,3%	0,7%	1,2%	1,5%
Mannfjöldi (milljónir)	5,2	8,9	8,0	0,286
Greiðslur frá ESB sem tengjast CAP (milljónir evra)	727,8	798,1	1.019	
Greitt á íbúa (hrein meðalgreiðsla, evrur á íbúa).	140	90	127	
Greitt á íbúa (evrur á íbúa) ef landbúnaður væri 1,5% af VLF og greitt í réttu hlutfalli við það (umreiknuð meðalgreiðsla).	161	192	159	
Heildargreiðsla ef Ísland væri í ESB og fengi hreina meðalgreiðslu Fi, Sv og Au (119 evrur á mann, milljónir evra á ári)				<b>34,0</b>
Heildargr. ef Ísland væri í ESB og miðað væri við 1,5% umreikn. meðalgreiðslu Fi, Sv og Au (171 evrur á mann), (milljónir evra á ári)				<b>48,9</b>

#### 4.4.2.2 Framlag m.v. framleiðslumagn og störf í landbúnaði

Auk ofangreinds samanburðar og tilraunar til að finna líkleg fram-  
lög ESB til íslensks landbúnaðar má áætla hugsanlegt framlag til  
Íslands með samanburði á styrkveitingum til einstakra þátta  
landbúnaðarstefnunnar miðað við þá mælikvarða sem best lýsa  
eðli styrkveitinga. Hér er því miðað við framleitt magn þar sem  
greiðslur miðast við framleiðslu, eða fjölda starfa í landbúnaði þar  
sem stuðningur er almenns eðlis og miðast ekki við framleiðslu á  
tilteknum afurðum.

Greiðslum vegna landbúnaðarstefnunnar er skipt í fjóra flokka, þ.e.  
ræktun, búfjárafurðir, byggðaþróun og aðrar tilfallandi stuðnings-  
aðgerðir. Í töflu 13 eru sýnd framlög til þessara málaflokka fyrir  
Þýskaland, Danmörku, Svíþjóð, Finnland, Írland og Austurríki.  
Ítrekað skal að hér er eingöngu um framlög frá ESB vegna CAP að  
ræða, engin mótframlög ríkja vegna einstakra verkefna.

Tafla 13 Sundurliðun landbúnaðargreiðslna ESB árið 2000  
(milljónir evra)<sup>29</sup>

	Þýskaland	Danmörk	Svíþjóð	Finnland	Írland	Austurríki
<b>Ræktun</b>						
Akurrækt	3.682,4	669,7	433,6	251,3	116,9	373,8
þar af kornrækt	2.583,2	509,5	274,3	254,7	119,0	273,6
þar af vothey			33,3	25,2		
Sykur	295,1	114,1	29,7	12,2	5,2	43,4
Ólífuolía	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Trefjarækt og silkiormar	2,8	0,0	0,2	0,4	0,0	0,4
Ávextir og grænmeti	13,9	1,1	1,5	0,1	0,5	1,0
Vínrækt	29,8	0,0	0,1	0,0	0,0	1,7
Tóbak	36,4	0,0	0,0	0,0	0,0	0,8
Aðrar plöntur	44,6	42,3	3,6	2,2	0,4	0,5
<b>Samtals ræktun</b>	<b>4.105,0</b>	<b>827,2</b>	<b>468,7</b>	<b>266,2</b>	<b>123,0</b>	<b>421,6</b>

	Þýskaland	Danmörk	Svíþjóð	Finnland	Írland	Austurríki
--	-----------	---------	---------	----------	--------	------------

<sup>29</sup> Allocation of 2000 EU operating expenditure by member state ([http://europa.eu.int/comm/budget/pdf/agenda2000/allocatedreport2000\\_en.pdf](http://europa.eu.int/comm/budget/pdf/agenda2000/allocatedreport2000_en.pdf))

#### Búfjárafurðir

Mjólk og mjólkurafurðir	249,9	211,6	12,3	72,8	155,3	4,1
Nauta- og kálfakjöt	423,3	59,6	74,4	35,9	827,5	93,1
Sauðfé og geitur	43,7	1,8	4,2	1,3	112,4	4,6
Svínakjöt, egg og hænsnfuglar	39,1	132,0	4,6	4,0	6,4	14,6
Aðrar búfjárafurðir	1,0	1,3	0,5	0,2	1,1	0,6

<b>Samtals búfjárafurðir</b>	<b>757,0</b>	<b>406,3</b>	<b>96,0</b>	<b>114,2</b>	<b>1.102,7</b>	<b>117,0</b>
----------------------------------	--------------	--------------	-------------	--------------	----------------	--------------

#### Byggðaðróun

Hrjóstrug svæði	109,6	0,0	1,8	143,7	45,1	102,7
Umhverfissvænn landbúnaður	364,3	13,1	168,8	159,9	167,5	306,8
Skógrækt	63,7	4,9	0,1	5,7	55,3	8,8
Önnur byggðaðróun	144,0	16,1	4,9	23,2	76,5	40,7

<b>Samtals byggðaðróun</b>	<b>681,6</b>	<b>34,1</b>	<b>175,6</b>	<b>332,5</b>	<b>344,4</b>	<b>459,0</b>
--------------------------------	--------------	-------------	--------------	--------------	--------------	--------------

#### Aðrar CAP greiðslur

Viðbótar útgjöld og stuðningsaðgerðir	131,4	41,5	70,9	14,8	112,2	21,1
--	-------	------	------	------	-------	------

<b>Alls stuðningur ESB við landbúnað</b>	<b>5.675</b>	<b>1.309</b>	<b>811</b>	<b>728</b>	<b>1.682</b>	<b>1.019</b>
--	--------------	--------------	------------	------------	--------------	--------------

#### 4.4.2.3 Ræktun

Þeir þættir landbúnaðargreiðslna sem heyra undir ræktun og helst munu nýttast íslenskum landbúnaði eru greiðslur vegna kornræktar og votheysframleiðslu. Gera má ráð fyrir að einhverjar greiðslur muni falla til vegna grænmetisræktar á grundvelli landbúnaðarstefnunnar, en þær munu að öllum líkindum verða mjög takmarkaðar.

Nokkurrar óvissu gæti um líklegt framlag vegna þessara afurða. Kornrækt hefur verið stunduð hér í takmörkuðum mæli, en á síðustu árum hefur tekist að þróa afbrigði korns sem henta íslenskum aðstæðum. Ef þessi ræktun fengi viðbótar stuðning frá ESB er líklegt að framleiðsla ykist og gæti framleiðslan hæglega tífoldast samkvæmt upplýsingum frá aðilum í landbúnaði. Á móti kemur að ESB ætlar sér ekki að auka framleiðslu og er því líklegt að settir verði kvótar á framleiðslu. Í útreikningum er því miðað við núverandi framleiðslu sem grundvöll, en hugsanlegt er að semja mætti um hærri kvóta ef hann yrði nýttur til fóðurgjafar innanlands. Árið 2000 var kornuppskera á Íslandi um 3.041 tonn<sup>30</sup> og ef miðað er við meðalframlag sjóða ESB til þjóða í úrtaki vegna kornræktar (56,6 evrur á tonn) má gera ráð fyrir að framlag til Íslands verði tæplega 0,2 milljónir evra, eða um **15 milljónir króna**.

Áætluð framlög vegna votheysverkunar miðast við framlög sem Svíar og Finnar fá vegna þessarar verkunar. Ljóst er að votheysverkun hér á landi er hlutfallslega mun meiri en í þessum löndum, en gert er ráð fyrir að bæði hefðbundin súrheysverkun og rúllubaggaverkun falli undir stuðningsramma ESB fyrir votheysverkun í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnar nr. 2316 frá 1999.<sup>31</sup>

Ef tekið er mið af núverandi framleiðslu votheys hér á landi, þ.e. um 263 þúsund tonn þurrefnis, og framlagi á tonn þurrefnis

<sup>30</sup> Hagstofa Íslands, Landshagir 2001, bls. 105

<sup>31</sup> Sjá skilgreiningu á vothei í reglugerð 2316/1999 (Commission Regulation (EC) No 2316/1999 of 22 October 1999 laying down the detailed rules for the application of Council Regulation (EC) No 1251/1999 establishing a support system for producers of certain arable crops)

samkvæmt reglugerð ráðherraráðsins<sup>32</sup> (63 evrur á tonn) yrði framlag ESB vegna votheysverkunar um 16,6 milljónir evra.

Önnur nálgun við mat á áætluðu framlagi er að miða við flatarmál ræktaðs lands sem nýtt er til votheysverkunar. Ræktuð tún á Íslandi eru um 122 þúsund hektarar og ef gert er ráð fyrir að þau séu öll nýtt til votheysverkunar verður framlagið um 21,2 milljónir evra miðað við meðalframlag á hektara ræktaðs lands til votheysverkunar í Finnlandi og Svíþjóð (173 evrur á hektara). Ólíklegt er að stuðningur verði veittur vegna votheysframleiðslu á öllum þeim tünnum sem nýtt eru hér á landi. Ef gert er ráð fyrir að helmingur túna verði nýttur til stuðningshæfrar framleiðslu verður framlag landbúnaðarsjóða vegna votheysverkunar 10,6 milljónir evra á ári eða sem nemur um **900 milljónum króna** á ári.<sup>33</sup>

Náist ekki samningar um stuðning við votheysverkun í þeim mæli sem hún nú er stunduð hér á landi þá er ekki ólíklegt að hægt yrði að semja um dreifbýlis-/harðbýlisstyrki við grasrækt, líkt og gerist í Svíþjóð, þar sem sjóðir ESB og sænska ríkið styrkja grasrækt hvort um sig með helmingsframlagi.

Eins og fram kemur í töflu 14 munu væntanleg framlög landbúnaðarsjóða ESB til Íslands vegna ræktunar nær alfarið byggja á stuðningi við votheysverkun. Upphaflega kom stuðningur við votheysverkun í stað stuðnings við maísræktun á svæðum sem ekki þóttu henta til maísræktunar. Maís er fyrst og fremst notaður sem fóður við nautgripa og svínarækt og átti því stuðningur við votheysverkun að koma sem stuðningur við bændur í þeim greinum. Einnig hefur komið fram að heildargreiðslur ESB vegna votheysverkunar eru takmarkaðar og að líklegt sé að greiðsla á tonn muni lækka hlutfallslega þar sem framleiðsla hefur aukist umfram það sem gert var ráð fyrir.

<sup>32</sup> Sjá 4. grein, 1. kafla reglugerðar 1251/1999 (Council Regulation (EC) No 1251/1999)

<sup>33</sup> Samkvæmt Hagtölum landbúnaðarins 2002 eru 2.479 bú innan greiðslumarks. Ef gert er ráð fyrir að styrkhæf votheysframleiðsla verði 61.000 hektarar túnlendis samsvarar það tæpum 25 hektörum á bú.

Tafla 14 Útreikningur á áætluðu framlagi landbúnaðarsjóða ESB til Íslands vegna kornframleiðslu og votheysverkunar ásamt samanburði við rauntölur frá nágrannaríkjum innan ESB

	Þýskaland	Danmörk	Svíþjóð	Finnland	Írland	Austurríki	Ísland
Kornframleiðsla 1000 t	45.271	9.412	5.710	4.089	1.963	4.490	3,0
CAP greiðsla á tonn af korni (evrur)	57,1	54,1	48,0	62,3	60,6	60,9	56,6*
<b>CAP framlag kornframleiðsla (milljónir evra)</b>	<b>2.583,2</b>	<b>509,5</b>	<b>274,3</b>	<b>254,7</b>	<b>119,0</b>	<b>273,6</b>	<b>0,2</b>
Votheysverkun (1000 hektara)			172,0	166,0			61,0
CAP greiðsla á hektara (evrur á hektara)			194	152			173*
<b>CAP framlag votheysverkun (milljónir evra)</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>33,3</b>	<b>25,2</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>10,6</b>

\* meðaltal framlaga landbúnaðarsjóða ESB á tonn til ríkja í úrtaki

#### 4.4.2.4 Búfjárafurðir

Helstu stuðningsaðgerðir ESB við framleiðslu búfjárafurða ná til mjólkurafurða, kálfa- og nautgriparræktar, sauðfjár- og geitaræktar ásamt stuðningi við ræktun svína og fiðurfénaðar. Við útreikning á stuðningi tengdum framleiðslu búfjárafurða var miðað við stuðning á hvert framleitt kíló í nágrannalöndum okkar innan ESB ásamt Austurríki. Tafla 15 sýnir samantekt á stuðningi landbúnaðarsjóða ESB við búfjárrækt í nágrannaríkjum Íslands í ESB og útreikning á áætluðu framlagi til Íslands. Miklar sveiflur hafa verið á stuðningi vegna mjólkurframleiðslu til einstakra ríkja sem skýrist m.a. af sektargreiðslum vegna umframframleiðslu og birgðabreytingum á mjólkurdufti og er það ástæðan fyrir því að framlög vegna mjólkurafurða til Svíþjóðar og Austurríkis voru mjög lág árið 2000. Til grundvallar á áætlun um framlag vegna mjólkurframleiðslu til Íslands er því lagður stuðningur landbúnaðarsjóða ESB í Finnlandi og á Írlandi, en ekki er hægt að byggja á framlögum til Svíþjóðar

sem í raun voru neikvæð árið 2000 vegna birgðabreytinga (í töflu er miðað við meðaltal 1999 og 2000) og sektargreiðslna Austurríkis vegna umframframleiðslu undangenginna ára. Miðað við 107 þúsund tonna mjólkurframleiðslu og 30 evru framlag á tonn mjólkurafurða yrði framlag til Íslands um 3,2 milljónir evra á ári eða sem nemur um **270 milljónum króna**.

Til grundvallar fyrir áætluðu framlagi vegna kálfa- og nautgriparræktunar voru notuð framlög í Svíþjóð, Finnlandi og Austurríki. Árið 2000 var meðaltal framlaga landbúnaðarsjóða ESB til þessara landa 458 evrur á tonn. Miðað við þetta framlag og 3.626 tonna framleiðslu á Íslandi yrði framlag landbúnaðarsjóða ESB um 1,6 milljónir evra á ári, eða sem nemur um **140 milljónum króna** á ári.

Ekkert ríki ESB byggir landbúnaðarframleiðslu sína að eins miklu leyti á sauðfjárrækt og Ísland. Geitur falla undir sama flokk og sauðfé í stuðningskerfi ESB. Fjöldi geita og sauðfjár sem slátrað er árlega á á Íslandi er minni en á Írlandi og í Þýskalandi, en svipaður og í Austurríki. Írar eru eina þjóðin innan ESB sem byggir landbúnað sinn að einhverju marki á sauðfjárrækt og var valið að miða greiðslu á tonn úr landbúnaðarsjóðum ESB við framlög sem Írar fá vegna sauðfjár- og geitaræktar (1.354 evrur á tonn). Það framlag er þó ekki fjarri því sem önnur ríki sambandsins fá eins og fram kemur í töflu 15. Miðað við 9.735 tonna slátrun á sauðfé yrði framlag til Íslands vegna sauðfjárræktunar um 13,2 milljónir evra eða sem nemur **1,1 milljarði króna** á ári.

Stuðningur landbúnaðarsjóða ESB við svína- og kjúklingarækt er mjög lítil. Þó nema framlög til þessara greina í Finnlandi, Svíþjóð og Austurríki um 19,0 evrum á tonn. Miðað við sama framlag og 3.051 tons framleiðslu á kjúklingum og 4.783 tonna framleiðslu af svínakjöti yrði framlag til Íslands um 150 þúsund evrur, eða sem nemur um **13 milljónum króna** á ári.

Alls má því gera ráð fyrir að stuðningur landbúnaðarsjóða ESB við framleiðslu búfjárafurða verði um **1,5 milljarður króna** á ári.



Tafla 15 Útreikningur á áætluðu framlagi landbúnaðarsjóða ESB til Íslands vegna búfjárafurða

	Þýskaland	Danmörk	Svíþjóð	Finnland	Írland	Austurríki	Ísland
Innvegin Mjólk 1000 t	26.984	4.520	3.297	2.442	5.160	2.655	107,0
CAP greiðsla á tonn af innveginni mjólk (evrur)	9,26	46,81	3,72	29,81	30,10	1,54	30,0*
<b>CAP framlag mjólkurafurðir (milljónir evra)</b>	<b>249,9</b>	<b>211,6</b>	<b>12,3</b>	<b>72,8</b>	<b>155,3</b>	<b>4,1</b>	<b>3,2</b>
Slátrun kálfar og nautgripir (1000 t)	1.303	154	150	90	584	204	3,6
CAP greiðsla á tonn af kálfum og nautgripum (evrur)	325	387	496	399	1.417	456	450
<b>CAP framlag kálfar og nautgripir (milljónir evra)</b>	<b>423,3</b>	<b>59,6</b>	<b>74,4</b>	<b>35,9</b>	<b>827,5</b>	<b>93,1</b>	<b>1,6</b>
Slátrun sauðfé og geitur (1000 t)	45,0	1,0	4,0	1,0	83,0	9,0	9,7
CAP greiðsla á tonn af sauðfé og geitum (evrur)	971	1.800	1.050	1.300	1.354	511	1.354
<b>CAP framlag sauðfé og geitur (milljónir evra)</b>	<b>43,7</b>	<b>1,8</b>	<b>4,2</b>	<b>1,3</b>	<b>112,4</b>	<b>4,6</b>	<b>13,2</b>
Slátrun fiðurfé (1000 t)	914,0	205,0	99,0	66,0	122,0	106,0	3,1
Slátrun svín (1000 t)	3.981,0	1.624,0	277,0	172,0	226,0	502,0	4,8
CAP greiðsla á tonn af svínum og fiðurfé (evrur)	8,0	72,2	12,2	16,8	18,4	24,0	19,0
<b>CAP framlag svín og fiðurfé (milljónir evra)</b>	<b>31,8</b>	<b>117,2</b>	<b>3,4</b>	<b>2,9</b>	<b>4,2</b>	<b>12,1</b>	<b>0,1</b>

\* meðaltal framlaga landbúnaðarsjóða ESB á tonn til ríkja í úrtaki

#### 4.4.2.5 Byggðapróun

Ljóst er að byggðapróun mun skipta verulegu máli við ákvörðun um stuðning við landbúnað hér á landi. Þótt færa megi samsvarandi rök fyrir stuðningi við landbúnað í mörgum öðrum ríkjum ESB, þá mun þessi þáttur ekki skipta minna máli hér. Ef horft er sérstaklega til þeirra ríkja sem gengu síðast í sambandið, þ.e. Svíþjóðar, Finnlands og Austurríkis, þá fá þau hlutfallslega mest í styrki vegna byggðapróunar. Þetta er einnig eðlilegt þar sem landbúnaður þar býr við hvað erfiðastar aðstæður og á hvað mest undir högg að sækja. Þó koma Írar þar ekki langt á eftir. Því ætti að vera raunhæft að miða við að framlag ESB vegna byggðapróunar á Íslandi verði nærri 2.300 evrum á ársverk í landbúnaði. Þetta samsvarar um 10,1 milljónum evra á ári eða **860 milljónum króna**.<sup>34</sup> Stærsti þáttur þessa stuðnings myndi falla til umhverfisvæns landbúnaðar og til hrjóstrugra svæða.

Tafla 16 Framlag landbúnaðarsjóða ESB á ársverk í landbúnaði vegna byggðapróunar og áætlun vegna Íslands (evrur á ári)

	Þýskaland	Danmörk	Svíþjóð	Finnland	Írland	Austurríki	Ísland (áætlun D&T)
Hrjóstrug svæði	167	0	22	1.143	223	578	750
Umhverfisvænn landbúnaður	555	134	2.064	1.272	828	1.728	1.300
Skógrækt	97	50	1	45	273	50	50
Önnur byggðapróun	219	165	60	185	378	229	200
<b>Samtals stuðningur við byggðapróun á ársverk</b>	<b>1.038</b>	<b>348</b>	<b>2.147</b>	<b>2.645</b>	<b>1.702</b>	<b>2.585</b>	<b>2.300</b>

<sup>34</sup> Hér er byggt á tölum Þjóðhagsstofnunar um fjölda ársverka í landbúnaði árið 2001 (4.400 ársverk). Árið 2000 störfuðu samkvæmt upplýsingum Hagstofu Íslands um 6.900 manns við landbúnað og var fjöldi ársverka um 6.700. Að mati Bændasamtaka Íslands eru tölur Þjóðhagsstofnunar nær réttum fjölda.

#### 4.4.2.6 Aðrar CAP greiðslur

Við útreikning á umfangi annarra CAP greiðslna er stuðst við framlag á hvert ársverk í landbúnaði í Finnlandi og Austurríki, en það eru þau lönd í úrtaki þar sem þessar greiðslur eru lægstar. Þetta eru einnig þau lönd þar sem gert er ráð fyrir að framleiðni í landbúnaði sé lægst þannig að eðlilegt er að miða við þessi lönd frekar en önnur.

Ef framlag á hvert ársverk myndi nema 118 evrum yrði framlag vegna annarra greiðslna úr landbúnaðarsjóðum ESB um 500 þúsund evrur eða um **45 milljónir króna** á ári.

Tafla 17 Framlag landbúnaðarsjóða ESB vegna annarra CAP greiðslna ásamt áætlun Deloitte & Touche fyrir Ísland

	Þýskaland	Danmörk	Svíþjóð	Finnland	Írland	Austurríki	Ísland (áætlun D&T)
Aðrar CAP greiðslur á ársverk í landbúnaði	200	424	867	118	555	119	118


#### 4.4.2.7 Samantekt og ályktanir

Samkvæmt ofangreindu yrðu framlög ESB vegna stuðnings við landbúnað tæplega 40 milljónir evra á ári, eða um 3,4 milljarðar króna eins og sjá má í töflu 18. Þetta samsvarar um 765 þúsund krónum á hvert ársverk í landbúnaði. Eins og sjá má á mynd 8 er þessi upphæð talsvert hærri en framlag á ársverk í Austurríki og Finnlandi og svipað framlagi á ársverk í Svíþjóð, Írland, Danmörku og Þýskalandi.

Tafla 18 Samantekt á áætluðu framlagi landbúnaðarsjóða til Íslands vegna sameiginlegrar landbúnaðarstefnu ESB

	milljónir evra á ári	milljónir króna á ári
Ræktun	10,8	915
Búfjárafurðir	18,2	1.545
Byggðapróun	10,1	860
Aðrar CAP greiðslur	0,5	45
<b>Alls áætlaður stuðningur landbúnaðarsjóða ESB við landbúnað á Íslandi</b>	<b>39,6</b>	<b>3.365</b>

Mynd 8 Samanburður á framlagi sjóða ESB á ársverk í landbúnaði og áætlun fyrir Ísland (krónur á ársverk á ári)



Mjög varhugavert er að gera ráð fyrir að framlög til íslensks landbúnaðar verði eins há og hér hefur komið fram. Raunhæfara er að gera ráð fyrir svipuðu framlagi og finnskir og austurrískir bændur fá úr landbúnaðarsjóðum ESB. Mætti jafnvel gera ráð fyrir að þak (kvóti) verði sett á stuðning vegna votheysverkunar og sauðfjárræktar þannig að stuðningur á ársverk verði nær 500.000 krónum á ári. Ef þetta yrði raunin myndi stuðningur við íslenskan landbúnað verða um 2,2 milljarðar króna á ári. Það er mat skýrsluhöfunda að stuðningur við landbúnað verði **2,2 til 3,0 milljarðar á ári** ef Ísland gerðist aðili að ESB. Þá er tekið mið af misræmi í upplýsingum um fjölda ársverka í landbúnaði og útreikningum byggðum á vægi landbúnaðar í landsframleiðslu og framlögum byggðum á framleiddu magni.

Opinber fjárstuðningur við landbúnað á Íslandi mun vera við það að rekast upp í „WTO-þakið“ þ.e. það hámark sem samist hefur um á vettvangi alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Vilji stjórnvöld halda áfram óbreyttum fjárstuðningi við landbúnað og jafnframt hlíta skuldbindingum við WTO þá kemur til greina að breyta fyrirkomulagi á stuðningi við landbúnað með því að færa hann í auknum mæli yfir í byggða- og uppbyggingarstyrki sem þá falla ekki undir styrkjahámark WTO.

Ef að inngöngu Íslands í ESB verður mun stuðningur við landbúnað á Íslandi teljast hluti af stuðningi ESB við landbúnað í öllum aðildarlöndum samanlögðum. Það gæti skapað svigrúm til aukins stuðnings við landbúnað á Íslandi þar sem íslenskur landbúnaðar er hverfandi í samanburði við landbúnað í ESB ríkjunum. Mjög varhugavert er þó að gera ráð fyrir slíku.

#### 4.4.3 Innlendur landbúnaður

Til glöggvunar skal hér á eftir lýst stuttlega núverandi stuðningi við landbúnað hér á landi.

- Á Íslandi eru u.þ.b. 3.500 lögbýli, en búskapur fer fram á um 2.500 býlum miðað við virkt greiðslumark.
- Um 4.400 ársverk eru talin tengjast frumframleiðslu í landbúnaði.<sup>35</sup>
- Um 100 bændur láta af búskap á ári hverju og um 40 bændur hefja búskap árlega.
- Áætlað er að flatarmál ræktaðs lands (tún og akrar) á Íslandi sé um 130 þúsund hektarar. Þar við bætast beitarlönd.

##### 4.4.3.1 Búnaðarlagasamningur

Um 500 milljónum króna er veitt úr ríkissjóði árlega samkvæmt búnaðarlagasamningi, þ.a. renna 165 milljónir króna til *Framleiðnisjóðs*, sem sinnir styrkveitingum til ýmissa sérverkefna og 85 milljónir króna til þróunarverkefna. Búnaðarlagasamningur kveður á um greiðslu til ráðunauta og ýmiss konar þjónustu við landbúnað í heild sem atvinnugreinar.

##### 4.4.3.2 Lánasjóður landbúnaðarins

Miðað er við að eigið fé sjóðsins haldist að raungildi og ríflega það, auk þess sem ríkisábyrgð á sjóðnum leiðir til hagkvæmari lánakjara og þar með hagstæðri útlánakjara.

##### 4.4.3.3 Mjólk og mjólkurafurðir

Greiddur fjárhagsstuðningur er miðaður við 106 milljónir lítra á árinu 2002 af innveginni mjólk og greiðist hann beint til bænda. Stuðningurinn reiknast sem 47,1% af verði mjólkurlíttra eins og

<sup>35</sup> Tölur um ársverk á býlum og fjölda starfa eru nokkuð á reiki. Hér er miðað við þá tölu sem Þjóðhagsstofnun gaf út fyrir mitt ár 2002 um fjölda ársverka á árinu 2001.



hann er reiknaður af verðlagsnefnd búvara „fyrir vel rekið bú af hagkvæmri stærð“. Nú nemur þetta verð 76,04 krónum á lítra mjólkur þannig að stuðningurinn nemur 35,81 krónum á lítra. Alls nemur greiðsla úr ríkissjóði 3.796 milljónum króna á ári.

#### 4.4.3.4 Sauðfjarrækt

Árið 2002 er greitt beint til bænda samkvæmt greiðslumarki úr ríkissjóði út á 352 þúsund ærgildi (1 ærgildi samsvarar 18,2 kílóum kjöts). Um 5 þúsund krónur eru greiddar fyrir hvert ærgildi þannig að árleg greiðsla úr ríkissjóði nemur rúmum 1,7 milljarði króna. Enginn kvóti er á framleiðslu, en stuðningur takmarkast við umsaminn fjölda ærgilda.

Til viðbótar eru greiddar úr ríkissjóði 66 milljónir króna í „jöfnunar-greiðslur“ og um 123 milljónir króna í verðuppbót til lögbýla. Þessar greiðslur miðast við innvegið dilkakjöt og nema greiðslur um 19 krónum á kíló að jafnaði, hvort tveggja beint til bónda.

Fyrir hvert kíló innlagðrar ullar fær bóndi greiðslu og nemur sú upphæð samtals um 244 milljónum króna til allra bænda.

Vaxta- og geymslugjöld greidd úr ríkissjóði nema samtals um 230 milljónum króna sem greiðast til afurðastöðva. Geymslugjöld miðast við magn óháð geymslutíma, en vaxtagjöld miðast við magn í geymslum á hverjum tíma. Í fjárlögum heitir þessi stuðningur „þjónustu- og þróunarkostnaður“ og eru útgjöld vegna þessa áætluð um 260 milljónir króna, en þar af renna um 30 milljónir króna beint í þróunarverkefni. Undir liðnum „fagmennska í sauðfjarrækt“ er veitt um 38 milljónum króna til verkefna tengdum gæðastjórnun.

Beinn stuðningur við sauðfjarrækt nemur því um 2,4 milljörðum króna á ári.

#### 4.4.3.5 Grænmeti í gróðurhúsum

Greiddur er stuðningur til bænda sem rækta tómata, agúrkur og papriku. Stuðningurinn nemur samtals um 195 milljónum króna úr ríkissjóði árlega og er hverjum bónda heimilt að framleiða að vild. Greiðslan er gerð upp eftirá, þegar ljóst er hversu mikið hefur verið framleitt. Árin 2002 - 2007 verða auk þess greiddar 30

milljónir króna á ári til úreldingar í greininni og árin 2002 - 2012 verða greiddar 25 milljónir króna á ári til rannsókna og þróunar í greininni.

#### 4.4.3.6 Fóðurgjald

Fóðurgjald er innheimt af innfluttu fóðri; 0,80 krónur á kíló af óblönduðu fóðri og 7,80 krónur á kíló af blönduðu fóðri. Fóðurgjaldið er endurgreitt vegna loðýraræktunar og laxeldis. Tekjum af fóðurgjaldi er endurúthlutað til viðkomandi greina nokkurn veginn í samræmi við innheimtu.

#### 4.4.3.7 Kornrækt - bygg

Nýtur mjög óverulegs fjárhagsstuðnings. Tækifæri er til þess að auka ræktun verulega, t.d. með skiptirækt.

#### 4.4.3.8 Skógrækt og landgræðsla

Samtals er varið tæpum milljarði króna til skógræktar og landgræðslu úr ríkissjóði. Markmið þeirrar starfsemi lýtur bæði að umhverfismálum (hindra landeyðingu) og iðnaði tengdum timburvinnslu í framtíðinni.

#### 4.4.3.9 Svína og alifuglarækt

Nýtur ekki sérstaks stuðnings.

#### 4.4.3.10 Hrossarækt

Nýtur ekki sérstaks fjárstuðnings með beinum framlögum til bænda.

#### 4.4.3.11 Eggjaframleiðsla

Nýtur ekki sérstaks stuðnings.

#### 4.4.3.12 Kartöflu- og önnur grænmetisræktun utanhúss

Nýtur ekki sérstaks stuðnings.

#### 4.4.3.13 Hör

Ræktun og vinnsla mun nú njóta rannsóknar- og þróunar- stuðnings.

### 4.5 SJÁVARÚTVEGSSTYRKIR

Umtalsverðum fjármunum er veitt til sjávarútvegs innan ESB. Af þeim 195 milljörðum evra sem uppbyggingarsjóðirnir ráðstafa á tímabilinu 2000-2006 ráðstafa FIFG-sjávarútvegssjóðurinn tæplega 2,7 milljörðum evra til sjávarútvegs á svæðum sem eru innan *Markmiðs 1*. Auk þess veitir sjóðurinn u.þ.b. 1,1 milljarði evra til sjávarútvegs á svæðum sem eru utan *Markmiðs 1*. Samtals eru styrkveitingar beint ætlaðar sjávarútvegsmálum því um 3,8 milljarðar evra á tímabilinu 2000 - 2006.

#### 4.5.1 Úthlutun styrkja

Styrkveitingum til sjávarútvegs er skipt niður á tvennan hátt, þ.e. eftir viðfangsefnum og svo niður á svæði innan aðildarríkjanna. Á töflum 19 og 20 má sjá hvernig þessari skiptingu er háttað á tímabilinu 2000-2006.<sup>36</sup>

<sup>36</sup> Sjá minnisblað (MEMO 02/111) á sjávarútvegsvef ESB, [http://www.europa.eu.int/comm/fisheries/news\\_corner/press/inf02\\_07\\_en.htm](http://www.europa.eu.int/comm/fisheries/news_corner/press/inf02_07_en.htm)

Tafla 19 Áætluð skipting úthlutana FIFG 2000-2006 eftir viðfangsefnum (milljónir evra)<sup>37</sup>

Viðfangsefni	Upphæð	%
Úrelding fiskiskipa	678,4	18%
Endurnýjun fiskiskipa	829,1	22%
Fiskeldi	339,2	9%
Félagslegar aðgerðir	113,1	3%
Fiskihafnir	301,5	8%
Fiskvinnsla og sala	829,1	22%
Annað (innsjávarveiðar, kynningarstarf o.fl.)	678,4	18%
<b>Samtals</b>	<b>3.768,7</b>	<b>100%</b>

Samkvæmt þessu er um 62% veitt til þriggja viðfangsefna, úreldingar fiskiskipa, endurnýjunar fiskiskipa og fiskvinnslu og sölumála. Þessi þrjú viðfangsefni fá hvert um sig á bilinu 18% - 22% heildarfjármagns en önnur viðfangsefni fá talsvert minna.

Eins og fram kemur í töflu 20 sker ein þjóð sig úr hvað varðar styrki úr sjávarútvegssjóðnum og fá Spánverjar úthlutað tæplega 46% af heildarfjármagni sjóðsins. Aðrar þjóðir fá talsvert minna og þær þjóðir sem Íslendingar geta helst borið sig saman við innan ESB hvað sjávarútveg varðar fá um 6%, en það eru Danmörk og Bretland. Þess ber að gæta að þar er sjávarútvegur hlutfallslega lítil hluti þjóðarframleiðslu meðan sjávarútvegurinn er stærsta atvinnugreinin héraendis.

<sup>37</sup> Byggt á minnisblaði framkvæmdastjórnar, MEMO/02/111, "The reform of common fisheries policies giving the eu fisheries sector a future", Brussel 28/5 2002

Tafla 20 Áætluð skipting úthlutana FIG 2000-2006 eftir þjóðum (milljónir evra)<sup>38</sup>

Land	Svæði innan Markmiðs 1	Svæði utan Markmiðs 1	Samtals styrkir úr sjóðum FIG
Austurríki	1,3	4,0	5,3
Belgía	4,5	34,0	38,5
Danmörk	16,3	197,0	213,3
Finnland	9,4	31,0	40,4
Frakkland	59,6	225,0	284,6
Þýskaland	114,2	107,0	221,2
Grikkland	211,1	0,0	211,1
Írland	70,5	0,0	70,5
Ítalía	294,3	96,0	390,3
Lúxemborg	0,0	0,0	0,0
Holland	8,5	31,0	39,5
Portúgal	234,8	0,0	234,8
Spánn	1521,2	200,0	1721,2
Svíþjóð	16,8	60,0	76,8
Bretland	100,2	121,0	221,2
<b>Samtals</b>	<b>2662,7</b>	<b>1106,0</b>	<b>3768,7</b>

<sup>38</sup> Byggt á minnisblaði framkvæmdastjórnar, MEMO/02/111, "The reform of common fisheries policies giving the eu fisheries sector a future", Brussel 28/5 2002 og upplýsingum af vef ESB, [http://europa.eu.int/comm/regional\\_policy/intro/regions1\\_en.htm](http://europa.eu.int/comm/regional_policy/intro/regions1_en.htm)

#### 4.5.2 Viðfangsefni

Meginmarkmið FIG-sjávarútvegssjóðsins eru eftirfarandi:

- Stuðla að varanlegu jafnvægi milli fiskveiða og fiskistofna.
- Styrkja samkeppnishæfni sjávarútvegsins og þróa lífvænleg fyrirtæki í greininni.
- Auka magn og virði sjávar- og fiskeldisafurða.
- Veita aðstoð til að rétta við og byggja upp svæði sem eru háð sjávarútvegi og fiskeldi.

Hér verður gerð lauslega grein fyrir helstu viðfangsefnum sem sjávarútvegssjóðurinn veitir styrki til á tímabilinu 2000-2006.

**Úrelding fiskiskipa:** Styrkir til afskráningar fiskiskipa eru veittir til að stuðla að jafnvægi í sjávarútvegi og að atvinnugreinin verði sjálfbær. Með fækkun fiskiskipa verður stuðlað að samkeppni í greininni án þess að stofna auðlindum hafsins í hættu.

**Endurnýjun fiskiskipa:** Styrkir eru veittir til að bæta aðstöðu og öryggi um borð í fiskiskipum auk þess sem þeim er ætlað að bæta meðhöndlun og framleiðslu fiskafurða. Styrkjum er ekki ætlað að auka afkastagetu skipanna, þess vegna verða allir styrkir sem eru ætlaðir til endurbygginga og endurnýjunar fiskiskipa að samræmast þeim skilyrðum sem eru sett af MAGP's verkefninu.<sup>39</sup>

**Fiskvinnsla og sala:** Styrkir eru veittir til framleiðslu fiskafurða og markaðssetningar þeirra (annarrar en smásölu). Fjárfestingarstyrkir eru veittir vegna framleiðslu á neytendamarkað og meðhöndlunar á aukaafurðum.

**Fiskeldi:** Styrkir eru veittir til efnislegra fjárfestinga í framleiðslu og stjórnun (byggingu, útvíkkun, tækjavæðingu og nútíma-væðingu á aðstæðum). Stutt er við úrbætur á heilbrigðisaðstæðum og aukin gæði framleiðslunnar og upprætingu óhags-

<sup>39</sup> MAGP (Multi Annual Guidance Program) eru áætlanir gerðar af viðkomandi ríkjum varðandi flotastærð og sóknargetu. Áætlanir skulu samþykktar af framkvæmdastjórn ESB.

stæðra umhverfisáhrifa. Þá er stutt við úrbætur á vatnsflæði innan eldisstöðva og þjónustuskipa.

**Félagslegar aðgerðir:** FIG styður við sjómenn vegna þeirra áhrifa sem enduruppbygging sjávarútvegs ESB getur haft á starfsöryggi þeirra. Þannig getur FIG fjármagnað að hluta starfslok sjómanna sem þurfa að hætta fyrr en ella; stuðning til sjómanna með 12 ára starfsaldur eða meira sem lenda í uppsögnum; styrki til þjálfunar annarra starfa fyrir sjómenn með 5 ára reynslu eða meira. Einnig eru veittir styrkir að hluta til að aðstoða sjómenn undir 35 ára og þá sem eru að fjárfesta í fyrsta bát.

**Fiskihafnir:** Áhersla er lögð á fjárfestingar sem eru sjómönnum til hagsbóta og stuðla að aukinni þjónustu við þá. Síðan 1988 hefur ESB stuðlað að uppbyggingu á kæli-, löndunar-, meðhöndlunar- og geymsluaðstöðu fyrir fiskafurðir. Styrkir eru veittir til fjárfestinga sem ætlað er að bæta aðstæður á hafnarsvæðum þar sem fiskafurðum er landað, þær meðhöndlaðar og geymdar; styðja við starfsemi í kringum fiskiskip (eldsneytisbirgðir, ís og vatn, viðhald og viðgerðir); bæta öryggismál og aðstæður á hafnarsvæðum.

**Annað:** FIG styður við smíði og endurnýjun skipa til veiða á grunnslóð. Fjárfestingarnar vegna endurnýjunar verða að varða hagræðingu, sérstaklega í átt að meiri kjörhæfni veiðanna. Ekki má veita styrki ef þeir geta ógnað jafnvægi flotastærðar og hlutað-eigandi fiskistofna.

FIG styður ýmsar aðgerðir þar sem aðilar innan sjávarútvegsins taka höndum saman. Þetta á t.d. við um stofnun framleiðendasamtaka, innleiðingu gæðamála innan frameiðendasamtaka, stjórnun fiskveiðigetú, kynningu á tæknaaðgerðum o.fl.

FIG styður við strandveiðar minni báta (annarra en togbáta). Styrkir ná einkum til hreinlætismála, öryggismála og starfsaðstöðu um borð. Einnig til kynningar á tækni til að auka kjörhæfni veiðanna, virðisauka afurða og þjálfunar og endurmenntunar.

FIG styrkir tímabundið sjómenn og útgerðarmenn sem neyðast til að láta af störfum ef ástæðan er einhver af eftirfarandi liðum:

- Ófyrirséðir atburðir eins og iðnaðarmengun og mengunarslys.
- Niðurfelling á fiskveiðisamningum sem ESB á aðild að.
- Neyðaraðgerðir til enduruppbyggingar fiskistofna sem eru í hættu.
- Aðlögun vegna tæknibreytinga sem takmarka notkun veiðarfæra eða veiðiaðferða.

#### 4.5.3 Framlög til Íslands

Eins og fram hefur komið veldur sérstaða íslensks sjávarútvegs því að allur samanburður á honum við ríki ESB er afar erfiður. Áður hefur verið gerð grein fyrir mismunandi viðfangsefnum FIG sjóðsins en þrjú af þeim fá langmest af styrkjum í sinn hlut; úrelting fiskiskipa, endurnýjun á fiskiskipum vegna öryggis- og hreinlætismála og loks framleiðsla og markaðsetning.

Miðað við aðrar þjóðir ESB verður stærð íslenska fiskiskipaflotans að teljast hagkvæm og því ljóst að Ísland fengi hlutfallslega minna í sinn hlut en önnur ríki vegna úreltingar fiskiskipa. Reglur ESB varðandi öryggis- og hreinlætismál hafa verið teknar upp í samræmi við EES samninginn og uppfyllir íslenski flotinn þessar reglur nú þegar. Aftur á móti er líklegt að Íslendingar fengju í sinn hlut styrki á sambærilegan hátt og önnur ríki vegna framleiðslu- og markaðsmála. Þá eru ótalin önnur styrkhæf viðfangsefni sem Íslendingar ættu möguleika á, þ.e. styrkir vegna fiskeldis, uppbyggingar hafna, félagslegra aðgerða o.fl.

Það sem ræður aftur á móti mestu um upphæð sjávarútvegsstyrkja utan *Markmiðs 1* er hvernig Íslandi myndi verða skipt upp í svæði. Áður hafa tveir möguleikar á skiptingu landsins vegna uppbyggingarstyrkja verið nefndir:

- A. Landsbyggðasvæðin verði skilgreind innan svæða NUTS 2 og fái þar af leiðandi styrki innan *Markmiðs 1* en höfuðborgarsvæðið myndi þá að öllum líkindum verða styrkhæft innan *Markmiðs 3* að einhverju leyti.

B. Landsbyggðasvæðin verði skilgreind innan svæða NUTS 3 og fái þá styrki innan *Markmiðs 2* og *3* og höfuðborgarsvæðið myndi þá, líkt og í lið A., að einhverju leyti verða styrkhæft innan *Markmiðs 3*.

Við samanburð á framlagi til einstakra þjóða kemur fram að mjög lítið samhengi er á milli heildarúthlutunar FIFG sjóðsins og þess hvort úthlutanir eru innan eða utan svæða sem falla undir *Markmið 1*. Hér er því gengið út frá því að heildarúthlutun til sjávarútvegs sé óháð því hvort landsbyggðin falli undir *Markmið 1* eða ekki.

Tafla 21 Heildarúthlutun FIFG sjóða og stærð fiskiskipafloata<sup>40</sup>

Áætlað úr FIFG Heildarúthlutanir 2000-2006	úr FIFG (milljónir evra)	Floti í brt. (GT)	Úthlutun pr. brúttótonn (evrur)
Austurríki	5,3	0	0
Belgía	38,5	23.054	1.670
Danmörk	213,3	161.697	1.319
Finnland	40,4	20.913	1.932
Frakkland	284,6	222.205	1.281
Þýskaland	221,2	71.419	3.097
Grikkland	211,1	114.320	1.847
Írland	70,5	60.432	1.167
Ítalía	390,3	231.983	1.682
Lúxemborg	0	0	0
Holland	39,5	208.314	190
Portúgal	234,8	117.105	2.005
Spánn	1.721,2	526.194	3.271
Svíþjóð	76,8	46.471	1.653
Bretland	221,2	268.100	825
<b>EUR-15</b>	<b>3.768,7</b>	<b>2.072.207</b>	<b>1.819</b>

<sup>40</sup> Byggt á minnisblaði framkvæmdastjórnar, MEMO/02/111, "The reform of common fisheries policies giving the eu fisheries sector a future", Brussel 28.05 2002

Í töflu 21 kemur fram heildarúthlutun úr FIFG sjóðnum á brúttótonn skipafloata viðkomandi ríkis ESB. Eins og sjá má þá eru framlög mjög mismunandi eftir ríkjum.

Miðað við eðli sjávarútvegsstyrkja ESB mun strandveiðiflotinn njóta styrkja í mun ríkari mæli en úthafsveiðiflotinn. Til grundvallar við útreikninga á mögulegum styrkjum til Íslands er því togaraflotinn undanþeginn, þótt gera megi ráð fyrir að hann muni verða styrkhæfur að hluta. Heildar fiskiskipafloati skráður á Íslandi er nú 180 þúsund tonn, þar af eru togarar um 83 þúsund tonn. Önnur skip og bátar, þ.e. opnir fiskibátar og vélskip eru hér sett í einn flokk, þ.e. strandveiðifloti. Til grundvallar við áætlun um mögulega styrki til sjávarútvegsins er því strandveiðifloti upp á 97 þúsund tonn og skiptist hann á landsbyggð og höfuðborgarsvæði eins og fram kemur í töflu 22.

Tafla 22 Fiskiskipastóllinn eftir staðsetningu heimahafnar<sup>41</sup>

	landsbyggð	Höfuðborgarsvæði	samtals
togarar	61.260	21.641	82.901
strandveiðifloti	91.141	6.108	97.249
samtals	152.401	27.749	180.150


Gera má ráð fyrir að ef landsbyggðin fellur undir *Markmið 1* muni greiðslur til landsbyggðarinnar vegna verkefna tengdum sjávarútvegi koma úr almennum hluta FIFG sjóðsins. Framlag til höfuðborgarsvæðisins myndi greiðast af þeim hluta FIFG sjóðsins sem fellur undir "sjávarútveg utan *Markmiðs 1*". Ef landsbyggðin fellur undir *Markmið 2* myndi framlag vegna sjávarútvegsmála til landsbyggðarinnar einnig falla undir "sjávarútveg utan *Markmiðs 1*".

<sup>41</sup> Hagstofa Íslands, Útvegur 2000

Við útreikning á áætluðu framlagi til Íslands vegna sjávarútvegs er stuðst við framlag á brúttótonn til Bretlands (825 evrur á brúttótonn samanber töflu 21), en þar er framlag til sjávarútvegs lægst á brúttótonn af stóru fiskveiðipjóðunum. Þó er ekki gert ráð fyrir að Ísland myndi njóta styrkja vegna endurnýjunar fiskiskipa auk þess sem aðeins myndi renna um helmingur af framlagi vegna úreldingar, hafna, fiskvinnslu og sölu. Þá er gert ráð fyrir að fullt framlag fengist vegna fiskeldis og félagslegra aðgerða. Miðað við þessar forsendur má gera ráð fyrir að framlag yrði um 450 evrur á brúttótonn fyrir tímabilið 2000 til 2006, eða sem samsvarar um 65 evrum á brúttótonn á ári og yrði því stuðningur byggður á stærð og heimahöfn strandveiðiflotans eftirfarandi.

- Sjávarútvegsstyrkir til landsbyggðarinnar (innan eða utan Markmiðs 1) .....504 milljónir króna
- Sjávarútvegsstyrkir til höfuðborgarsvæðisins (utan Markmiðs 1) ..... 34 milljónir króna
- **Samtals sjávarútvegsstyrkir til Íslands (innan og utan Markmiðs 1) .....538 milljónir króna**

Mikilvægt er einnig að gera sér grein fyrir því mótframlagi sem leggja þarf fram á móti framlagi ESB. Að jafnaði nam innlent framlag ESB ríkjanna um 32% af heildarframlagi til sjávarútvegsverkefna eins og sjá má á mynd 9. Ef framlag ESB til sjávarútvegsverkefna verður **538 milljónir króna** eins og útreikningar sýna mun mótframlag innlendra aðila verða um 253 milljónir króna á ári.



Mynd 9 Skipting á fjármögnun sjávarútvegsstyrkja frá ESB og aðildarríkjum tímabilið 1994-1999

## 4.6 SAMANTEKT STUÐNINGUR ESB

Tafla 23 sýnir samantekt á áætluðu framlagi sjóða ESB sem líklegt er að Ísland geti notið ef landið gerist aðili að ESB.

Tafla 23 *Áætlaður stuðningur úr sjóðum ESB til Íslands (milljónir króna á ári)*

<b>Framlög til Íslands</b>	<b>Lægri mörk</b>	<b>Hærri mörk</b>
Stuðningur við landbúnað	2.200	3.000
Uppbyggingarstyrkir		
Markmið 1, þ.m.t. sjávarútvegur	500	1.600
Markmið 2 og 3	500	
Sjávarútvegur utan markmiðs 1	540	30
Frumkvæðisverkefni	110	110
Þróunarverkefni	10	10
Innri málefni	470	470
<b>Samtals framlög ESB til Íslands</b>	<b>4.330</b>	<b>5.220</b>
<b>Meðaltal</b>	<b>4.775</b>	

Eins og fram kemur í umfjöllun um styrki vegna Markmiðs 1 er þó raunhæft að áætla herra framlag vegna uppbyggingarstyrkja. Þótt ekki fáið samþykkt krafa um að landið í heild skuli verða styrkhæft samkvæmt markmiði 1 má gera ráð fyrir að samið verði um sérstök ákvæði sem taka mið af stöðu landsins og sérstökum aðstæðum. Sú niðurstaða mun fyrst verða ljós að samningaferli loknu.



## 5 STÆKKUN EVRÓPUSAMBANDSINS

### 5.1 FJÁRMÖGNUN OG ÚTGJÖLD

Mikið hefur verið rætt og ritað um hugsanleg áhrif af stækkun Evrópusambandsins til austurs. Áður en fjallað verður um hvaða áhrif stækkun hefur á sambandið er þó nauðsynlegt að útskýra nánar fjármál þess og á hverju þau byggja.

Á hverju ári er gerð fjárhagsáætlun fyrir sambandið sem felur í sér öll útgjöld nema kostnað vegna sérstakra þróunarverkefna. Áætlunin þarfnast samþykktar af ráðherraráðinu og Evrópuþinginu, en hún er lögð fram af framkvæmdastjórninni. Útgjaldaáætlunin fyrir 2002 er eins og fram kemur í töflu 24 hér til hliðar:

Til viðbótar við árlegar fjárhagsáætlanir er settur upp rammi fyrir lengri tímabil. Þessi rammi nær til 7 ára. Núverandi rammaáætlun nær til áronna 2000 – 2006 og var hún samþykkt 1999. Í þessum ramma er einnig tilgreint hvernig skuli fjármagna útgjöld. Eins og fram kemur annars staðar í skýrslunni standa tekjur ESB saman af eftirfarandi þáttum:

- Hlutfalli af vsk greiðslum aðildarríkja
- Tollum og gjöldum á landbúnaðarafurðir að frádregnum innheimtukostnaði
- Hlutfalli af þjóðarframleiðslu aðildarríkjanna sem er breytilegt milli ára eftir því hversu mikið vantar upp á fjármögnun
- Öðrum tekjum, s.s. tekjuskatti starfsmanna sambandsins, sektum vegna brota á samkeppnislögum, dráttarvöxtum o.þ.h.

Efri mörk tekna ESB takmarkast nú við 1,27% af heildar þjóðarframleiðslu ríkja ESB, en árleg útgjöld og þar með innheimtar tekjur hafa ávallt verið talsvert lægri en þessi mörk.

Tafla 24 Sundurliðun útgjalda ESB árið 2002<sup>42</sup>

	Milljónir evra	Hlutfall af útgjöldum ESB
1. Útgjöld til landbúnaðarmála (verðstuðningur og beingreiðslur)	44.480	46,5%
2. Uppbyggingarverkefni (byggðapróun, vinnumarkaður, dreifbýlispróun og fiskveiðar)	32.290	33,8%
3. Önnur verkefni tengd þjálfun, ungu fólki, menningu, hljóð- og myndmiðlun, upplýsingastefnu ESB, félagslegri stefnu ESB og atvinnustefnu	890	0,9%
4. Orka, Euratom kjarnorkuöryggi og umhverfismál	190	0,2%
5. Neytendavernd, aðgerðir til að fylgjast með innri markaðinum, iðnaðar og atvinnustefna og samtenging Evrópu (orka, fjarskipti og flutningar)	1.120	1,2%
6. Rannsóknir og tækniverkefni	3.750	3,9%
7. Ytri aðgerðir, aðallega þróunarverkefni í þróunarlöndum, stuðningur við ný aðildarríki.	7.390	7,7%
8. Sameiginleg utanríkis- og öryggismál	35	0,0%
9. Ábyrgðir og varasjóðir	335	0,4%
10. Rekstur sambandsins	5.180	5,4%
Samtals	95.660	100,0%

<sup>42</sup> Sjá fjárlög ESB fyrir 2002 "Final adoption of supplementary and amending budget No 2 for the European Union for the financial year 2002" (2002/594/EC, ECSC, Euratom)

Í langtímaáætlunum er útgjöldum skipt í ákveðna útgjaldaflokkka, en yfirleitt hefur gengið erfiðlega að komast að ásættanlegri niðurstöðu þar sem hagsmunir þjóða eru mismunandi og leiðtogar ESB hafa þurft að uppfylla pólitískar þarfir umbjóðenda sinna með fjárlögum sambandsins. Þetta gildir sérstaklega um stóru útgjaldaflokkana, þ.e. landbúnaðarstefnu sambandsins og uppbyggingarverkefni. Tafla 25 sýnir rammaáætlun fyrir útgjöld sambandsins fyrir árin 2000 til 2006, þ.m.t. útgjöld sambandsins vegna nýrra aðildarríkja sem samþykkt voru af framkvæmdastjórn ESB þann 30. janúar 2002. Á Kaupmannahafnarfundinum í desember 2002 voru endanlegar tillögur um útgjöld vegna stækkunar samþykktar af framkvæmdastjórn og ríkjunum sem sótt hafa um aðild og eru þær sýndar í töflu 26.

Tafla 25. Útgjöld ESB samkvæmt rammaáætlun fyrir 2000 til 2006 <sup>43</sup>

		2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006			
		EU15	EU15	EU15	EU15	EU15	EU15	EU15	EU15	EU15	EU15
						+ ný	+ ný	+ ný	+ ný	+ ný	+ ný
						aðildarríki	aðildarríki	aðildarríki	aðildarríki	aðildarríki	aðildarríki
1	Landbúnaður	41.738	43.656	44.778	44.646	43.615	2.089	42.768	3.668	42.493	4.012
2	Uppbyggingarverkefni	32.678	32.076	31.474	30.882	30.180	7.208	30.180	8.313	29.746	10.557
3,4,5,6	Innri verkefni	6.031	6.143	6.255	6.366	6.478	1.200	6.590	1.118	6.712	1.092
7,8	Ytri verkefni	4.627	4.638	4.648	4.658	4.658	-	4.678	-	4.688	-
10	Rekstur	4.638	4.678	4.780	4.882	4.983	513	5.085	569	5.187	624
9	Varasjóðir	906	906	656	406	406	-	406	-	406	-
7	Stuðningur fyrir inngöngu	3.174	3.174	3.174	3.174	3.174	-	3.174	-	3.174	-
<b>Alls útgjöld</b>		<b>93.762</b>	<b>95.271</b>	<b>95.765</b>	<b>95.014</b>	<b>93.504</b>	<b>11.010</b>	<b>92.881</b>	<b>13.668</b>	<b>92.406</b>	<b>16.285</b>

<sup>43</sup> Berlin Financial Framework; Fréttatilkynning framkvæmdastjórnar 'Common Financial Framework 2004-2006 for the Accession Negotiation

Í töflu 25 kemur fram hámark útgjalda miðað við núverandi aðildarríki eins og þau voru samþykkt í Berlín 1999. Til viðbótar við þessi útgjöld fyrir aðildarríkin fimmtán, var gert ráð fyrir að sex aðildarríki myndu bætast við árið 2002, en sú varð ekki raunin. Gert var ráð fyrir viðbótarútgjöldum í fjárhagsramma sambandsins vegna þeirrar stækkunar frá þeim tíma. Nú stefnir í að í stað sex ríkja árið 2002 muni tíu ríki bætast við árið 2004 og hafa verið gerðar viðeigandi breytingar í útgjaldarammanum til ársloka 2006 vegna þessa.<sup>44</sup> Í byrjun árs 2002 birti framkvæmdastjórnin útreikning á kostnaði tengdum inngöngu nýrra ríkja og eru þær tölur auðkenndar með skáletri í töflu 25. Fjárhagsleg áhrif af inngöngu tíu nýrra aðildarríkja mun ekki breytast fram til ársloka 2006 þar sem ekki er leyfilegt að fara út fyrir útgjaldaramma sem hefur verið samþykktur fyrir tímabilið 2000 til 2006.

Sterk andstaða er innan sambandsins við að greiðslur aðildarríkja fari upp fyrir tilgreint hámarkshlutfall þjóðarframleiðslu sem ákveðið hefur verið 1,27%, en breyting á því hámarki er háð samþykki allra aðildarríkjanna. Ef núverandi landbúnaðarstefna yrði látin gilda fyrir nýju aðildarríkin með fullri styrkveitingu frá upphafi þyrfti að fara upp fyrir þetta hámark. Að því gefnu að landbúnaðarstefnan haldi áfram að þróast frá stuðningi tengdum framleiddu magni yfir í stuðning til umbóta í landbúnaði, skýtur það skökku við ef farið verður að greiða bændum í nýju aðildarríkjunum eftir núverandi kerfi. Auk þess myndu full framlög til bænda samkvæmt núverandi styrkjakerfi skekkja mjög tekjuskiptinguna í þessum þjóðfélögum. Þá er í gildi regla um að uppbyggingarstyrkir megi ekki fara upp fyrir 4% af þjóðarframleiðslu viðkomandi ríkis, en sú regla skerðir möguleika nýju aðildarríkjanna á að fá fullan stuðning í samræmi við stöðu þeirra.

Útgjöld sambandsins vegna nýrra aðildarríkja munu vaxa árlega í nokkur ár í takt við efnahagsbata og hæfni ríkjanna til að taka á

<sup>44</sup> Þess ber að geta að ekki má yfirfæra vannýttar fjárheimildir milli ára, þannig að ESB getur ekki notað fjármagn sem gert var ráð fyrir að færu til stækkunar á árunum 2002 og 2003 til að greiða fyrir kostnað vegna stækkunar á árunum 2004 til 2006.

móti stuðningi ESB. Mörg dæmi eru þó um það í ESB að úthlutunir til einstakra verkefna hafa ekki verið hagnýttar þar sem ekki reyndist mögulegt fyrir þátttakendur verkefna að leggja fram mótframlög eða uppfylla önnur skilyrði úthlutunar.

Á Kaupmannahafnarfundinum í desember 2002 var útgjalda-áætlun vegna stækkunarinnar samþykkt með litlum breytingum. Þó var bætt við nýjum liðum til bráðabirgða fyrir árin 2004 til 2006 fyrir ný aðildarríki vegna sérstaks stuðnings og aðlögunar. Útgjaldaramminn sem samþykktur var kemur fram í töflu 26. Hámarks útgjaldaheimild er þó innan þess ramma sem settur var í Brussel.

Tafla 26 Útgjaldarammi ESB vegna nýrra aðildarríkja samþykktur í Kaupmannahöfn í desember 2002 (milljónir evra)<sup>45</sup>

	2004	2005	2006
Landbúnaður	1.897	3.747	4.147
Uppbyggingarverkefni	6.070	6.907	8.770
Innri verkefni	1.457	1.412	1.387
Rekstur	503	558	612
Samtals hámarks heimildir til úthlutunar til nýrra aðildarríkja	9.927	12.624	14.916
Sérstakar úthlutanir og uppbætur til nýrra aðildarríkja	1.273	1.173	949
Alls heimild til úthlutunar	11.200	13.797	15.865

<sup>45</sup> Fréttabréf ESB vegna stækkunar þann 17. desember 2002 (Enlargement Weekly)

## 5.2 NÝ AÐILDARRÍKI

Samningaviðræðum Evrópusambandsins er nú lokið við eftirfarandi lönd sem áætlað er að gangi inn í sambandið í byrjun árs 2004.

- Eistland
- Kýpur
- Lettland
- Litháen
- Malta
- Pólland
- Slóvakía
- Slóvenía
- Tékkland
- Ungverjaland

Þessi listi var staðfestur á Kaupmannahafnarfundinum í desember 2002. Búlgaría og Rúmenía munu væntanlega bætast við á næstu fimm árum, en gera má ráð fyrir að lengri tíma muni taka þar til Tyrkland, Albanía og lönd fyrrum Júgóslavíu, fyrir utan Slóveníu, fái inngöngu.

Langtímaáætlun ESB fyrir árin 2000 til 2006 gerir bæði ráð fyrir að líklegt sé að ný ríki muni ganga inn í sambandið og að veittur verði stuðningur til þessara ríkja áður en þau ganga inn. Þó mun „raunverulegur“ kostnaður við inngöngu þeirra verða skýrari þegar næsta langtímaáætlun verður samþykkt, sem líklega mun verða 2005. Þá munu nýju sambandsríkin taka fullan þátt í ákvarðanatökunni. Þar sem útgjöld vegna landbúnaðar og uppbyggingarverkefna eru um 80% af útgjöldum sambandsins er nauðsynlegt að meta þróun þeirra vegna stækkunar sérstaklega.

## 5.3 ÁHRIF Á LANDBÚNAÐAR- OG UPPBYGGINGARSTEFNU

Landbúnaður og uppbygging eru þau málefni sem helst tengjast stækkun sambandsins, þar sem mikill munur er á skipulagi landbúnaðar í umsóknarríkjunum og því skipulagi sem ríkir í flestum núverandi aðildarríkjum ESB. Nýju aðildarríkin gerðu því ráð fyrir að fá verulegan stuðning af fullri þátttöku í landbúnaðarstefnu sambandsins eins og hún er í dag.

Í tengslum við landbúnað var samþykkt á fundi framkvæmdastjórnarinnar í Kaupmannahöfn að styrkir til bænda í nýju aðildarríkjunum fari stigvaxandi, frá 25% af því sem bændur núverandi aðildarríkja fá árið 2004 upp í 35% árið 2006 og að ný aðildarríki njóti ekki jafnræðis fyrr en árið 2013. Framkvæmdastjórnin leggur einnig til að framlög til dreifbýlisstyrkja aukist og að breytingar verði gerðar á þróunaráætlunum sem eru hæfar til stuðnings frá ESB.

Í úttekt CEPS (Centre for European Policy Studies)<sup>46</sup> kemur fram að ef fylgt er þeirri leið um stigvaxandi stuðning sem lýst er hér að ofan þá muni útgjöld vegna stækkunar rúmast innan þess ramma sem settur var í Berlín og kemur fram í töflu 25.

DIW (Deutsches Institut für Wirtschaftsforschung) hefur metið áhrif stækkunar á framlög til landbúnaðar og uppbyggingar í núverandi ESB ríkjum.<sup>47</sup> Alls setur DIW fram 9 mismunandi möguleika á framtíðarþróun („scenarios“) út frá því hversu mörg ný ríki bætast við (10 eða 12) og hversu víðtækar breytingar verða á landbúnaðar- og uppbyggingarstefnu. DIW setur fram niðurstöður fyrir ár 2007 og 2013. Ef gert er ráð fyrir óbreyttri landbúnaðarstefnu munu framlög vegna landbúnaðar til núverandi aðildarríkja árið 2007, samkvæmt DIW, verða um 41,8 milljarðar evra sem er um 94% af framlögum ársins 2002. Árið 2013 eru framlög til núverandi ESB ríkja vegna

<sup>46</sup> CEPS Policy Brief No. 22, "Budgetary Implications of Enlargement: Agriculture", Maí 2002

<sup>47</sup> Christian Weise: 'How to Finance Eastern Enlargement of the EU', DIW Discussion Paper, no. 287, Berlin, Júní 2002

landbúnaðarmála áætluð 38,2 milljarðar evra, eða sem nemur 86% af núverandi framlögum.

Ef gert er ráð fyrir að aðildarríki auki mótframlög sín þannig að þau greiði helming á móti sjóðum ESB vegna beingreiðslna ("moderate reform") munu framlög ESB til núverandi aðildarríkja verða um 30,0 milljarðar evra árið 2007 og 27,7 milljarðar evra árið 2013. Þetta samsvarar um 67% af núverandi framlögum vegna landbúnaðar árið 2007 og 62% árið 2013.

Framkvæmdastjórnin óskar eftir því að finna leiðir til að leyfa nýjum aðildarríkjum að taka að fullu þátt í uppbyggingarstefnu, en jafnframt að virða takmarkanir sem settar eru í núverandi fjárhagsramma. Vegna kröfu um mótframlag fyrir uppbyggingarstyrki er lagt til að meiri áhersla verði lögð á samstöðusjóðinn ("cohesion fund") sem er til staðar fyrir fátækari ríki sambandsins, þ.e. Írland, Portúgal, Grikkland og Spán. (Írland mun þó falla út úr þessum flokki fljótlega.) Gert er ráð fyrir að áhersla verði lögð á verkefni tengd flutningum og umhverfi. Ekki eru gerðar eins strangar kröfur um mótframlög fyrir verkefni studd af samstöðusjóðnum og fyrir verkefni studd af uppbyggingarsjóðum.

## 5.4 ÁHRIF Á FJÁRMÁL ESB

Í október 2002 kynnti ESO, sem er hagsýslustofnun innan sænska fjármálaráðuneytisins úttekt á kostnaði við stækkun ESB<sup>48</sup>. Þar eru reiknaðar greiðslur til ESB sem hlutfall af þjóðarframleiðslu miðað við mismunandi framtíðarþróun. ESO leggur mesta áherslu á umfjöllun sem "least resistance scenario" byggir á, þ.e. að engar breytingar verði á landbúnaðarstefnu ESB og að engar breytingar verði á uppbyggingarstyrkjum til núverandi ESB ríkja eftir 2006. Í "Low growth scenario" er gert ráð fyrir minni hagvexti í núverandi ESB ríkjum (1,5% í stað 2%). Í umfjöllun sinni bendir ESO einnig á að mjög litlar líkur eru til þess að þróunin verði verri en þessar spár miðast við. Niðurstöður fyrir þessi tvö mismunandi tilvik eru sýnd í töflu 27.

<sup>48</sup> ESO: What Price Enlargement? – implications of an expanded EU (Ds 2002:52).

Tafla 27 Heildargreiðslur til ESB sem hlutfall af VÞF

	2002	2004	2006	2007	2010	2013
<b>Least resistance scenario (óveruleg breyting)</b>						
Meðaltal nettó greiðendur, án Bretlands <sup>49</sup>	1,16%	1,07%	1,10%	1,17%	1,14%	1,10%
Bretland	0,79%	0,75%	0,75%	0,82%	0,74%	0,70%
EU 15	1,10%	1,02%	1,03%	1,11%	1,08%	1,04%
Ný aðildarríki	0,00%	1,11%	1,13%	1,20%	1,19%	1,15%
<b>Low growth scenario (minni hagvöxtur í EU15 ríkjum)</b>						
Nettó greiðendur (án Bretlands)	1,16%	1,07%	1,10%	1,18%	1,19%	1,17%
Bretland	0,79%	0,75%	0,75%	0,82%	0,77%	0,75%
EU 15	1,10%	1,04%	1,04%	1,12%	1,12%	1,11%
Ný aðildarríki	0,00%	1,13%	1,13%	1,22%	1,24%	1,22%

Samkvæmt þessu eru greiðslur til ESB talsvert neðan við 1,27% mörkin sem tilgreind eru sem hámarks hlutfall greiðslna ríkjanna til Evrópusambandsins. Í skýrslunni kemur einnig fram að þótt þróunin verði á enn verri veg þá er talið mjög ólíklegt í ESO skýrslunni að þaki á greiðslum verði náð nema verulegar breytingar verði á stuðningskerfi ESB.


Í skýrslunni er einnig reiknaður greiðslujöfnuður ESB ríkja eftir stækkun. Í töflu 28 er sýndur áætlaður greiðslujöfnuður árið 2013 fyrir mismunandi hópa ríkja miðað við óverulega breytingu á landbúnaðar- og uppbyggingarstefnu (Least resistance scenario) sem hlutfall af VÞF.

<sup>49</sup> Netto greiðendur eru ríki sem greiða meira til sambandsins en þau fá til baka


Tafla 28 Greiðslujöfnuður ESB ríkja árið 2013 (hlutfall af VPF)

	Least resistance scenario
Þýskaland, Holland, Austurríki og Svíþjóð	-0,56%
Danmörk, Frakkland, Ítalía og Finnland	-0,38%
Bretland	-0,26%
<b>Alls nettó greiðendur</b>	<b>-0,43%</b>
Grikkland, Írland, Spánn, Portúgal	1,09%
Belgía, Lúxemborg	0,84%
<b>Alls EU 15</b>	<b>-0,22%</b>
Eistland, Lettland, Litháen	5,30%
Pólland, Ungverjaland, Tékkland og Slóvakía	3,78%
Slóvenía	0,15%
Kýpur og Malta	0,15%
Búlgaría og Rúmenía	6,58%
<b>Alls ný aðildarríki</b>	<b>3,89%</b>
<b>Alls stækkað ESB</b>	<b>0,00%</b>

Á myndum 10 og 11 er sýnd þróun á greiðslujöfnuði ESB ríkja miðað við "least resistance scenario".



Mynd 10 Þróun á greiðslujöfnuði núverandi ESB ríkja



Mynd 11 Þróun á greiðslujöfnuði nýrra aðildarríkja

## 5.5 ÁHRIF Á ÍSLAND

Það er ljóst að nýju aðildarríkin munu njóta verulegs stuðnings frá ESB. Þó mun hlutur þeirra í stuðningi sambandsins jafnast þegar þau þróast og velmegun eykst í takt við önnur ríki sambandsins. Hin betur settu ríki sambandsins verða því að gera ráð fyrir að framlög þróunarsjóða muni dragast saman þar sem ESB muni beina kröftum sínum á meira þurfandi svæði. Þessi þróun hófst með breytingum á uppbyggingarsjóðum árið 1999 þar sem ríkari þjóðir misstu hluta sinna byggðastyrkja.

Eðli ESB samstarfsins er þannig að ákveðið jafnvægi er milli framlaga frá sambandinu og greiðslna hvers ríkis til sambandsins. Við úthlutun til verkefna er þó ekki horft til viðkomandi ríkis, heldur frekar afmarkaðra svæða þannig að stuðningur verði sambærilegur til þeirra íbúa sambandsins sem búa við sambærileg skilyrði án tillits til greiðslujöfnuðar þjóðarinnar við ESB.

### 5.5.1 Greiðslur til ESB

Út frá tölum í töflu 25 má sjá að útgjöld sambandsins munu aukast um 13,5% frá 2002 til 2006. Þessa aukningu þarf að fjármagna með auknum greiðslum núverandi aðildarríkja og með framlögum frá nýjum aðildarríkjum. Framkvæmdastjórn ESB áætlað að nýju aðildarríkin muni greiða um 5.000 milljónir evra árlega til sambandsins á árunum 2004 til 2006.<sup>50</sup> Í skýrslu ESO er áætlað að greiðslur ríkjanna verði 4.260 milljónir evra árið 2004 og muni hækka í 4.717 milljónir evra árið 2006.<sup>51</sup> Ef miðað er við að nýju aðildarríkin greiði 4.700 milljónir evra til sambandsins mun fjárförf þess aukast um 8,6% miðað við fjárlög fyrir 2002. Þetta samsvarar **570 til 730 milljón** króna hærri greiðslum en ef engin stækkun ætti sér stað þannig að greiðslur Íslands til ESB yrðu **7,2 til 9,2 milljarður króna** á ári.

<sup>50</sup> Sjá fréttatilkynningu ESB; IP/02/170

<sup>51</sup> ESO, bls 117

### 5.5.2 Landbúnaður

Að mati sérfræðinga Deloitte & Touche í Brussel er líklegt að aðgerðir í landbúnaðarmálum muni beinast á stórum og afkastamiklum búum og bitni því ekki eins harkalega á Íslandi og hinum stóru landbúnaðarríkjum sambandsins. Skilyrði til landbúnaðar á Íslandi séu mjög sérstök og væntanleg framlög til Íslands svo lítil, sem hlutfall af heildar útgjöldum sambandsins, að líklegt megi telja að sambandið muni frekar leggja áherslu á breytingar sem skila meiri árangri. Það muni fremur einbeita sér að stærra búum þar sem meira er að hafa upp úr einstaka aðgerðum. Þetta mun einnig gilda um uppbyggingarstyrki og má gera ráð fyrir að stuðningur við strjálbýl strandsvæði breytist lítið.

Heildaráhrif af inngöngu myndu leiða til þess að framlög til landbúnaðar og uppbyggingar hér á landi yrðu lægri en ella, en þó yrði hlutfallsleg skerðing ekki eins mikil og í stóru landbúnaðarlöndum sambandsins. Þau munu væntanlega berjast harkalega gegn því að dregið verði úr stuðningi við „þeirra“ bændur. Miðað við að skerðing núverandi ríkja á stuðningi til landbúnaðar verði að meðaltali 6% árið 2007 samsvarar það 130 til 180 milljóna króna lækkun á ári fyrir Ísland. Ef gerð verður breyting á úthlutunarreglum vegna stuðnings til landbúnaðar eins og „moderate reform“ líkan DIW miðar við verður skerðing um 33% sem samsvarar 730 til 1.000 milljónum króna á ári. Árið 2013 myndi skerðing ná hámarki eða sem samsvarar 310 til 420 milljónum króna miðað við óbreyttar reglur og 840 til 1.140 milljónum króna ef dregið verður úr beinum stuðningi ESB. „Least resistance scenario“ ESO er ekki ósvipað „status quo scenario“ DIW og virðast niðurstöður ESO fyrir „least resistance scenario“ vera í samræmi við fullyrðingar ráðamanna ESB um kostnað við stækkun.<sup>52</sup> Samkvæmt þessu má gera ráð fyrir að skerðing á stuðningi við íslenskan landbúnað miðað við að ný ríki hefðu ekki fengið inngöngu verði um **150 milljónir króna** árið 2007 og um **350 milljónir króna** árið 2013.

<sup>52</sup> sjá meðal annars viðtal við Franz Fishler þann 21. október 2002 þar sem fram kemur að EU15 ríkin munu árið 2006 greiða 1,08% af VÞF til sambandsins.



### 5.5.3 Uppbyggingarverkefni

Eftir stækkun ESB má gera ráð fyrir að hluti þeirra svæða sem nú falla undir Markmið 1 falla út. Þetta er í samræmi við niðurstöður DIW (Deutsches Institut für Wirtschaftsforschung)<sup>53</sup> sem áætla að um 25% svæða innan ESB sem nú njóta stuðnings samkvæmt Markmiði 1 muni falla úr þeim flokki án stækkunar og að um 35% til viðbótar muni falla út ef sambandið stækkar um 10 ríki. Íslenska landsbyggðin býr við einhæft atvinnuástand og strjálbýli, en atvinnuleysi er þar almennt minna en gerist í Evrópu og tekjur almennt hærri. Þótt nokkrar líkur séu á að ESB fari fram á að flokka landbyggðina undir Markmið 2 í stað Markmiðs 1 er ólíklegt að slíkt hafi veruleg áhrif á styrkveitingar. Af varfærnisjónarmiður er þó gert ráð fyrir að framlög uppbyggingarsjóða ESB lækki um 300 milljónir króna á ári.

### 5.5.4 Innri málefni

Engar vísbendingar eru um að breyting verði á styrkjum til Íslands vegna innri málefna.

## 5.6 SAMANTEKT

Miðað við fjárhagsramma ESB sem liggur fyrir til loka ársins 2006 má gera ráð fyrir að greiðslujöfnuður versni um 1,0 til 1,1 milljarða króna á ári. Áætlað er að greiðslur til ESB verði **7,2 til 9,2 milljarðar króna á ári** eða sem nemur 0,95% til 1,22% af VÞF. Þetta er í samræmi við niðurstöður ESO sem áætlaði framlög nettó greiðenda 1,10% árið 2006.

Samkvæmt þessu yrðu greiðslur nokkuð frá tilgreindu hámarki sem nemur 1,27% af VÞF sambandsríkjanna. Mjög sterk andstaða er gegn því að auka þetta hámark og þarf samþykki allra aðildarríkja til að fá það staðfest. Því er ósennilegt er að það gerist í fyrirsjáanlegri framtíð.

<sup>53</sup> Christian Weise: 'How to Finance Eastern Enlargement of the EU', DIW Discussion Paper, no. 287, Berlin, Júní 2002

Tafla 29 Áhrif stækkunar ESB á greiðslujöfnuð Íslands (milljónir króna á ári)

	Lægri mörk	Hærri mörk
Hækkun á greiðslum til ESB	-570	-730
Lækkun framlaga til landbúnaðar	-150	-350
Lækkun stuðnings við uppbyggingu	-300	-300
Greiðslujöfnuður með stækkun	-1.020	-1.080

Tafla 30 Greiðslujöfnuður við ESB með og án stækkun Íslands (milljónir króna á ári)

	Án stækkunar ESB		Með stækkun ESB	
	Lægri mörk	Hærri mörk	Lægri mörk	Hærri mörk
Greiðslur til ESB	-6.610	-8.510	-7.180	-9.240
Framlög til Íslands				
Stuðningur við landbúnað	3.000	2.200	2.850	1.850
Uppbyggingarstyrkir	1.750	1.660	1.450	1.360
Innri málefni	470	470	470	470
Greiðslujöfnuður	-1.390	-4.180	-2.410	-5.560
Meðaltal	2.785		3.985	

Samkvæmt þessu yrði greiðslujöfnuður eftir stækkun sambandsins neikvæður um **2,4 til 5,6 milljarða króna** sem nemur 0,33% til 0,74% af VÞF. Afar ósennilegt er að niðurstaða verði nærri ytri mörkum þessarar áætlunar því ólíklegt er að útgjöld verði í samræmi við hámarks áætlun á sama tíma og framlög verða í samræmi við lágmarksáætlun og öfugt. Áætlun sem byggir á meðaltali efri og neðri marka nemur **4,0 milljörðum króna** eða sem nemur 0,53% af VÞF.

Eins og sjá má á mynd 10 áætlað ESO að greiðslujöfnuður Þýskalands, Hollands, Austurríkis og Svíþjóðar verði neikvæður um 0,4% til 0,5% árin 2004 til 2006 og muni síðan hækka upp í 0,56% þegar nýtt áætlunartímabil tekur gildi (2007 – 2013). Samkvæmt því mun greiðslujöfnuður Íslands við ESB verða neikvæður um 3,4 milljarða króna árið 2006 og 4,2 milljarða króna árið 2013. Þessar niðurstöður eru nokkru lægri en meðaltal efri og neðri marka í útreikningum hér að framan.

Það er mat Deloitte & Touche að greiðslur Íslands til ESB verði um **8,2 milljarðar króna** á ári að stækkunarferlinu loknu. Á móti má gera ráð fyrir að **4,2 milljarðar króna** skili sér aftur í formi styrkja og stuðnings við landbúnað. Greiðslujöfnuður Þjóðarinnar yrði þá neikvæður um **4,0 milljarða króna** á ári.

## 6 NÝ LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSSTEFNA

Síðastliðið sumar voru kynntar tillögur framkvæmdastjórnar ESB á Evrópuþinginu um endurskoðun á bæði sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnu ESB. Verði þessar tillögur að veruleika koma þær til með að hafa áhrif á hvaða fjárhæðir Íslendingar fái frá ESB með aðild að sambandinu.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir meginatriðum í tillögum um nýja stefnu í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum og þeim áhrifum sem ný stefna kann að hafa á stöðu Íslendinga með tilliti til mögulegrar aðildar að ESB.

### 6.1 NÝ LANDBÚNAÐARSTEFNA

Helstu breytingar sem tillögur að nýrri landbúnaðarstefnu fela í sér eru að dregið verði úr beinum stuðningi sem byggist á magni framleiðslu og að aukið verði við stuðning við umhverfisvæna og vistvæna ræktun, matvælaöryggi og verndun landbúnaðarlandslags.

#### 6.1.1 Markmið

- Jafnari skipting greiðslna til landbúnaðar milli þjóða.
- Stefnan á að leiða til aukinna gæða, verndunar umhverfis og búfænaðar, styðja við menningarlega arfleifð og tryggja félagslegt jafnvægi og jafnræði.
- Hvetja bændur til að framleiða hágæða vörur, í stað þess að framleiða sem mest magn. Fyrir evrópska neytendur og skattgreiðendur ætti þetta að þýða betri nýtingu fjármuna.

#### 6.1.2 Leiðir að markmiðum

1. Afnema tengingu milli framleidds magns og beinna greiðslna.
2. Tengja greiðslurnar umhverfisvernd, matvælaöryggi, velferð dýra og atvinnuöryggi.

3. Auka verulega stuðning við dreifbýlisuppbyggingu með beingreiðslum.
4. Nýtt endurskoðunarkerfi í landbúnaði.

#### 6.1.3 Aðgerðir „THE MID TERM REVIEW“

1. Lögð meiri áhersla á að greiða meira fyrir matvælaöryggi, framleiðslugæði og velferð dýra.
2. Stuðla að því að bændur hafi þarfir neytenda og markaðarins í huga.
3. Tryggja jafnvægi í tekjum til landbúnaðar.
4. Auðvelda bændum að stunda landbúnað með minni pappírsvinnu og skrifræði.
5. Hagur bænda vænkist við stækkun markaða.
6. Samræma að fullu gæði og öryggi afurða.
7. Styðja við umhverfisvænan landbúnað.
8. Veita meiri stuðning við hefðbundinn og náttúruvænan landbúnað.
9. Taka forystu í alþjóðlegri landbúnaðarumræðu með nútíma landbúnaðarstefnu sem yrði í senn jákvæð fyrir alþjóðlega verslun og þróun.

#### 6.1.4 Áhrif nýrrar landbúnaðarstefnu

Hvað fyrrgreind stefnatriði fela í sér, í krónum og aurum talið, er enn ekki komið fram þannig að haldbært sé eða gerlegt að leggja á það mat, hvorki fyrir landbúnaðarstefnuna (CAP) í heild, né fyrir þau áhrif sem þessi atriði geta haft á mögulega samninga Íslands við ESB.

Í núverandi aðildarlöndum ESB er stundaður búskapur sem aldrei hefur verið stundaður hér á landi og kemur sjálfsgagt ekki til álita að stunda hér, bæði vegna takmarkaðra gæða landsins og fjar-

lægðar við markaði. Erfðabreytt afbrigði jurta kunna að breyta þessu eitthvað, en það mun fyrst og fremst verða hugmyndaauðgi þeirra sem stunda búskap og vilji þeirra til að takast á við ný verkefni sem ráða því hvaða nýbúskapur kann að festa hér rætur í framtíðinni. Gera má ráð fyrir að styrkir ESB myndu að einhverju leyti nýtast þessum nýju búskaparháttum, þ.e. viðfangsefni og starfsgreinar sem ekki hafa notið styrkja hér á landi gætu notið landbúnaðarstyrkja ESB. Í því sambandi má benda á reynslu sem fengist hefur af úthlutun á styrkjum og styrkumsóknum Íslendinga til ESB vegna rannsóknar- og þróunarstarfa auk menningar- og æskulýðsstarfs. Þessir styrkir tengjast þátttöku okkar í EES og öðru Evrópusamstarfi.

Á töflu sem fylgir með í viðauka A (*Skipulag nokkurra styrkja og fjárstuðnings innan ESB*), eru styrkir ESB tíundaðir, undir hvaða hatt þeir eru settir hjá ESB og einnig hvernig stuðningi ESB við landbúnað er háttað. Erfiðleikarnir við að setja íslenskan landbúnað inn í slíkt stuðnings- og styrkjafirlit eru miklir, því margt af því sem þar er fram sett á ekki við á Íslandi eins og málum háttar nú, þó svo gæti orðið síðar.

## 6.2 NÝ SJÁVARÚTVEGSSTEFNA

Niðurstaða skýrslu framkvæmdastjórnar ESB sem kom út í mars 2002 sýnir að þörf er á breytingum á sjávarútvegsstefnu sambandsins. Skýrslan fjallar um framtíð sjávarútvegs ESB ásamt tillögum til úrbóta. Í framhaldinu kom framkvæmdarstjórn ESB með tillögur um endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni þar sem sjávarútvegur ESB var sagður standa á krossgötum og róttækar breytingar boðaðar á stefnunni. Með tillögum sínum vill framkvæmdastjórn ESB snúa við þeirri þróun sem ógnar framtíð sjávarútvegs innan ESB.

### 6.2.1 Markmið

Markmið boðaðra breytinga á sjávarútvegsstefnu ESB eru fyrst og fremst að koma á sjálfbærri þróun innan sjávarútvegs og fiskeldis hvort sem um er að ræða á efnahagslegan eða félagslegan hátt eða á sviði umhverfismála. Talið er að þessum meginmarkmiðum megi ná með aðgerðum sem miða að:

- Ábyrgri og sjálfbærri sjávarútvegs- og fiskeldisstefnu sem stuðlar að heilnæmu vistkerfi sjávar
- Efnahagslega lífvænlegri og samkeppnishæfari sjávarútvegi og fiskeldi sem muni auka á hag neytenda
- Ásættanlegum lífsgæðum til handa þeim sem reiða sig á sjávarútveg og/eða fiskeldi.

### 6.2.2 Helstu tillögur

Helstu breytingar sem voru boðaðar eru að styrkveitingum verði beint í auknum mæli frá því að stuðla að frekari stækkun fiskiskipaflotans, til aðgerða sem fækka skipum í fiskiskipaflota ESB og aðgerða til að veita sjómönnum félagslegan stuðning.

Tillögurnar gera ráð fyrir því að afnema styrki til kaupa og smíða á nýjum fiskiskipum ásamt því sem styrkir til endurbóta vegna öryggismála fiskiskipa verði minnkaðir umtalsvert. Talið er að aðgerðirnar geti losað um 600 milljónir evra sem þá nýtast í staðinn til félagslegra aðgerða til handa sjómönnum sem verða fyrir áhrifum vegna minnkandi fiskiskipastóls.

Þegar þetta er skrifað hefur þegar verið ráðstafað aukaframlagi, 32 milljónum evra, til enn frekari úreldingar fiskiskipa og er það fyrsta skrefið innan ESB til að verða við breytingartillögunum. Framkvæmdastjórn ESB hafði áætlað, að til þess að fullnægja áætlaðri þörf á úreldingu, þyrfti um 272 milljónir evra á tímabilinu 2003 – 2006.

### 6.2.3 Áhrif nýrrar sjávarútvegsstefnu

Ljóst er að ef ný sjávarútvegsstefna yrði samþykkt í óbreyttri mynd hefði hún víðtæk áhrif hér á landi ef Ísland væri aðili að ESB. Þetta er ekki síst vegna tilkomu styrkja á nýjum sviðum og stuðningsaðgerðum sem gætu reynst Íslendingum drjúgar, t.d. vegna fiskeldis.

## 7 SAMANTEKT - FJÁRHAGSLEG ÁHRIF

### 7.1 GREIÐSLUJÖFNUÐUR

Við mat á kostnaði við ESB aðild er almennt stuðst við greiðslujöfnuð þjóðarinnar, þ.e. hver er nettó staða þjóðarinnar gagnvart ESB. Tafla 31 sýnir samantekt á greiðsluflæði milli Íslands og ESB.

Tafla 31 Greiðslujöfnuður Íslands og ESB án stækkunar (milljónir króna á ári)

	Lægri mörk	Hærri mörk
<b>Greiðslur Íslands til ESB</b>		
Vsk greiðslur	-830	-1.040
Vþf greiðslur	-4.740	-5.980
Leiðrétting vegna Breta	-140	-530
Landbúnaðargjöld	-50	-60
Tollar	-850	-900
<b>Samtals greiðslur Íslands til ESB</b>	<b>-6.610</b>	<b>-8.510</b>
<b>Framlög til Íslands</b>		
Stuðningur við landbúnað	3.000	2.200
Uppbyggingarstyrkir	1.750	1.660
Innri málefni	470	470
<b>Samtals framlög til Íslands</b>	<b>5.220</b>	<b>4.330</b>
<b>Greiðslujöfnuður</b>	<b>-1.390</b>	<b>-4.180</b>

Samkvæmt þessu mun greiðslujöfnuður þjóðarinnar verða neikvæður sem nemur 1,4 til 4,2 milljörðum króna á ári. Þetta nemur um 0,18% til 0,55% af þjóðarframleiðslu ársins 2002 og 0,5% til 1,6% af ríkisfjárlögum Íslands fyrir árið 2002.

Heildar greiðslur Íslands til ESB nema samkvæmt þessu 6,6 til 8,5 milljörðum króna á ári. Þetta samsvarar um 0,87% til 1,12% af VþF ársins 2002.

Þegar gert er ráð fyrir að ESB stækkar versnar greiðslujöfnuður vegna aukinna framlaga til nýrra aðildarríkja og vegna lækkunar á framlögum til landbúnaðar og uppbyggingarverkefna. Eins og fram kemur í kafla 5, sem fjallar um stækkun sambandsins, er áætlað að greiðslujöfnuður Íslands muni versna um 1,0 til 1,1 milljarða króna á ári. Greiðslur til ESB munu verða 7,2 til 9,2 milljarðar króna á ári eða sem nemur 0,95% til 1,22% af VþF.

### 7.2 ÁHRIF Á RÍKISSJÓÐ

Beinar greiðslur ríkissjóðs til ESB tengjast virðisaukaskattsframlagi, þjóðarframleiðsluframlagi og fjármögnun á bresku leiðréttingunni. Beinar greiðslur vegna þessara útgjalda eru **5,7 til 7,5 milljarðar króna** á ári. Breytingar á tollgreiðslum leiða til þess að tekjur ríkissjóðs dragast saman um 2,5 milljarða króna á ári. Þær breytingar hafa áhrif á vöruverð þannig að virðisaukaskattstofn lækkar. Gróflega áætlað má gera ráð fyrir að virðisaukaskattstekjur dragist saman um a.m.k. 500 milljónir króna á ári vegna lækkunar tolla.

Vegna WTO viðmiðunar er ekki raunhæft að áætla að heildar fjárstuðningur við landbúnað breytist þannig að gera má ráð fyrir að ríkissjóður dragi úr stuðningi sínum sem nemur framlagi ESB sem áætlað er 2,2 til 3,0 milljarðar króna á ári. Engin krafa er um að lækka stuðning ríkissjóðs við aðrar atvinnugreinar og

byggðauppbýggingu og er því ekki gert ráð fyrir að dregið verði úr þessum stuðningi.

Þá nema útgjöld Íslands vegna EES samningsins nú um 770 milljónum króna á ári, en eftir inngöngu mun ESB greiða þennan kostnað.

Samtals versnar því afkoma ríkissjóðs um **5,0 til 7,6 milljarða króna** ef ekki koma til auknar tekjur eða samdráttur í útgjöldum.

Lækkað útsöluverð landbúnaðarvara lækkar virðisaukaskattstofn varanna og mun þ.a.l. lækka tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti sem nú er innheimtur af þeim vörum. Með umtalsverðri lækkun á útsöluverði landbúnaðarvara er ekki óraunhæft að hækka virðisaukaskattshlutfall matvæla. Sá stofn sem 14% virðisaukaskattshlutfall er innheimt af, nemur rúmum 80 milljörðum króna, og tekjur af því nema rúmum 11 milljörðum. Hvert prósentustig lægra virðisaukaskattsþrepsins skilar í ríkissjóð um 800 milljónum króna m.v. bráðabirgðatölur Hagstofunnar fyrir árið 2002.

Ef ráðstöfunartekjur heimilanna aukast vegna lækkunar á vöruverði má gera ráð fyrir að þeim verði ráðstafað í neyslu sem skilar sér í auknum virðisaukaskattstekjum ríkissjóðs.

Tafla 32 Áhrif ESB aðildar á ríkissjóð án stækkunar (milljónir króna á ári)

Bein áhrif á ríkissjóð	Lægri mörk	hærri mörk
<b>Greiðslur til ESB</b>		
Vsk greiðslur	-830	-1.040
Vþf greiðslur	-4.740	-5.980
Leiðrétting vegna Breta	-140	-530
Samtals greiðslur til ESB	-5.710	-7.550
<b>Tekjutap</b>		
Tollar	-2.840	-2.840
Lækkun vsk vegna lækkunar á tollum	-500	-500
Samtals tekjutap	-3.340	-3.340
<b>Útgjaldalækkun</b>		
Lækkun landbúnaðarútgjalda	3.000	2.200
Lækkun útgjalda til byggðamála <sup>54</sup>	0	0
Útgjöld vegna EES samningsins	770	770
Samtals útgjaldalækkun	3.770	2.970
<b>Nýjar tekjur</b>		
Hlutdeild í landbúnaðargjöldum	20	20
Hlutdeild í tollum	290	290
Alls nýjar tekjur	310	310
Alls bein áhrif á ríkissjóð	-4.970	-7.610

<sup>54</sup> Ekki er gert ráð fyrir því að dregið verði úr stuðningi ríkissjóðs við byggða- og atvinnumál önnur en landbúnað

### 7.3 ÁHRIF Á ALMENNING OG FYRIRTÆKI

Með sama hætti og reiknuð voru áhrif á ríkissjóð var reynt að nálgast hvaða beinu áhrif innganga í ESB myndi hafa á almenning og fyrirtæki. Summa áhrifa á almenning, fyrirtæki og ríkissjóð ætti að gefa heildargreiðslujöfnuð þjóðarinnar við ESB.

Beinar greiðslur til ESB tengdar almenningi og fyrirtækjum felast í landbúnaðargjöldum og tollum, alls um 930 milljónir króna á ári. Ný gjöld ríkissjóðs byggja á hlutdeild í þeim gjöldum sem hann innheimtir fyrir ESB, alls rúmar 310 milljónir króna.

Á móti þessu falla tollar niður samkvæmt núverandi tollareglum, en þeir eru alls um 2,8 milljarðar króna á ári. Ríkissjóður mun auk þess verða af virðisaukaskatti af þessari upphæð, áætlað um 500 milljónir króna á ári.

Framlög ESB munu nær alfarið renna til almennings og fyrirtækja sem stuðningur við landbúnað og uppbyggingarstyrkir, en eins og fram hefur komið er áætlað að slíkur stuðningur gæti orðið 3,8 til 4,7 milljarðar króna á ári.

Greiðslujöfnuður almennings og fyrirtækja batnar þá um **4,2 til 4,4 milljarða króna** á ári ef ríkissjóður gerði engar frekari gagnráðstafanir til að mæta tekjutapi sínu.

Í skýrslunni er aðeins metin bein fjárhagsleg áhrif af hugsanlegri aðild að ESB og er því ekki fjallað um verðlagsmál, vaxtamál, neytendamál og önnur mikilvæg hagsmunamál sem snúa að aðild. Þess má geta að hnattvæðingarnefnd áætlaði ávinning af upptöku evru um 15 milljarða króna á ári og Samtök iðnaðarins áætla annan óbeinan ávinning um 40 milljarða króna á ári. Aðrir hafa véfengt þessar niðurstöður.

Tafla 33 Áhrif ESB aðildar á almenning og fyrirtæki án stækkunar

Bein áhrif á almenning og fyrirtæki	Hærri mörk	Lægri mörk
<b>Greiðslur til ESB</b>		
Landbúnaðargjöld	-50	-60
Tollar	-850	-900
Samtals greiðslur til ESB	-900	-960
<b>Greiðslur til ríkissjóðs</b>		
Hlutdeild í landbúnaðargjöldum	-20	-20
Hlutdeild í tollum	-290	-290
Samtals greiðslur til ríkissjóðs	-310	-310
<b>Niðurfelling gjalda</b>		
Tollar	2.840	2.840
Lækkun vsk vegna lækkunar á tollum	500	500
Alls niðurfelling gjalda	3.340	3.340
<b>Lækkun framlaga frá ríkissjóði</b>		
Lækkun landbúnaðarútgjalda	-3.000	-2.200
Samtals lækkun framlaga ríkissjóðs	-3.000	-2.200
<b>Framlög frá ESB</b>		
Stuðningur við landbúnað	3.000	2.200
Uppbyggingarstyrkir	1.750	1.660
Innri málefni	470	470
Alls framlög frá ESB	5.220	4.330
Alls bein áhrif á almenning og fyrirtæki	4.350	4.200



## 7.4 ÁHRIF STÆKKUNAR

Í köflum 7.1 til 7.3 eru teknar saman niðurstöður á áhrifum af hugsanlegri ESB aðild án stækkunar sambandsins. Við stækkun sambandsins breytast forsendur nokkuð, bæði hvað varðar greiðslur til sambandsins og framlög úr sjóðum þess. Tafla 34 sýnir samanburð á þeim kennistærðum sem mestu máli skipta við mat á fjárhagslegum áhrifum af inngöngu í ESB.

Ef tekið er tillit til meðaltals hærrí og lægri áætlana má gera ráð fyrir að eftir stækkun sambandsins yrðu greiðslur Íslands til ESB árið 2006 um 8,2 milljarðar króna og að á móti kæmu framlög úr sjóðum ESB upp á 3,7 milljarða króna. Greiðslujöfnuður þjóðarinnar yrði neikvæður um 4,5 milljarða króna á ári. Þessar upphæðir myndu breytast eitthvað eftir því sem á líður þar sem réttur nýju ríkjanna til hlutdeildar í greiðslum vegna landbúnaðarstefnunnar fer stigvaxandi. Á móti kemur að gert er ráð fyrir að hagvöxtur þessara ríkja verði meiri en núverandi ESB ríkja og má því gera ráð fyrir meira jafnvægi í framtíðinni.

Tafla 34 *Áhrif stækkunar ESB á greiðslur Íslands til ESB og greiðslujöfnuð (milljónir króna á ári)*

	Án stækkunar ESB		Með stækkun ESB	
	Lægri mörk	Hærrí mörk	Lægri mörk	Hærrí mörk
Greiðslur til ESB	-6.610	-8.510	-7.180	-9.240
Framlög ESB til Íslands	5.220	4.330	4.770	3.680
Greiðslujöfnuður	-1.390	-4.180	-2.410	-5.560
Meðaltal	2.785		3.985	

## 7.5 ÖNNUR ÁHRIF

Í samtölum við ýmis samtök og stofnanir kom fram að áhrif af hugsanlegri inngöngu yrðu mun víðtækari en fram kemur í beinum greiðslujöfnuði við ESB eða áhrifum á ríkissjóð.

Dæmi um áhrif sem taka þarf tillit til eru áhrif á vaxtastig, verðlag og neytendamál. Aðrir þættir eru áhrif sjávarútvegsstefnu, landbúnaðarstefnu og breyting á hagstjórnarumhverfi.

## 8 LOKAORÐ

Eins og rakið er í inngangsorðum skýrslunnar þá var það ekki hlutverk Deloitte & Touche að leggja mat á pólitíska eða félagslega þætti, eða óbeinan ávinning eða tap sem leitt getur af hugsanlegri aðild Íslands að ESB.

Við útreikning á kostnaði við hugsanlega ESB aðild er beitt þeirri nálgun að fyrst er reiknaður kostnaður án stækkunar sambandsins og síðan reiknaður sá kostnaðarauki sem verður við stækkun ESB. Hægt er að reikna kostnað án stækkunar með nokkurri vissu, en meiri óvissa ríkir um kostnaðarauka við stækkun sambandsins. Sérstaklega ríkir óvissa um kostnað eftir árið 2006, en búið er að samþykkja fjárhagsramma ESB fram að þeim tíma. Á næsta ári má gera ráð fyrir að hafist verði handa við að semja um fjárhagsramma fyrir næsta tímabil, þ.e. 2007 til 2013. Í lok þess tímabils mun stuðningur við landbúnað í nýju aðildarríkjunum verða sambærilegur og í núverandi aðildarríkjum. Gert er ráð fyrir því að kostnaður núverandi Evrópusambandsríkja muni aukast nokkuð eftir 2006, en ekki liggur ljóst fyrir hversu mikil sú aukning verður. Þeir þættir sem munu hafa mest áhrif á hækkunina eru hve vel gengur að draga úr stuðningi við landbúnað og hve hratt hagsæld eykst í nýju aðildarríkjunum.

Ef Ísland gerðist aðili að ESB án þess að þau ríki sem nú hafa fengið samþykka inngöngu væru aðilar myndu greiðslur Íslands til ESB verða á bilinu 6,6 til 8,5 milljarðar króna á ári. Á móti kæmu framlög úr sjóðum ESB að fjárhæð 4,3 til 5,2 milljarðar króna. Gera má ráð fyrir að greiðslujöfnuður Íslands við ESB yrði þá neikvæður um 1,4 til 4,2 milljarða króna á ári.

Útreikningar í skýrslunni á kostnaði eftir stækkun miðast við stöðuna eins og hún er fyrirsjáanleg árið 2006. Þá er gert ráð fyrir að greiðslujöfnuður Íslands verði neikvæður um 2,4 til 5,6 milljarða króna, eða sem nemur um 0,33% til 0,74% af

þjóðarframleiðslu. Á sama tíma gerir ESO<sup>55</sup> ráð fyrir að greiðslujöfnuður þeirra ríkja sem greiða munu mest til sambandsins verði um 0,47% af þjóðarframleiðslu, eða sem samsvarar um 3,6 milljörðum króna miðað við núverandi þjóðarframleiðslu Íslands. Eftir 2006 gerir ESO ráð fyrir að greiðslujöfnuður verði 0,56% af þjóðarframleiðslu. Ef því hlutfalli er beitt á þjóðarframleiðslu Íslands árið 2002 samsvarar það 4,3 milljörðum króna. Niðurstöður útreikninga í skýrslunni eru því í góðu samræmi við niðurstöður ESO.

Í forsendum ESO er miðað við að litlar breytingar verði á landbúnaðarstefnu sambandsins og að engin breyting verði gerð á bresku leiðréttingunni. Margt bendir til þess að vilji sé fyrir því meðal ESB ríkja að draga úr stuðningi við landbúnað, en einnig er mikill áhugi á því að leggja niður bresku leiðréttinguna í núverandi mynd. Ef það gengur eftir má gera ráð fyrir að framlög þeirra ríkja sem greiða mest muni verða lægri en gert er ráð fyrir í þessari skýrslu.

<sup>55</sup> ESO (Expertgruppen för studier i offentlig ekonomi) er hagsýslustofnun innan sænska fjármálaráðuneytisins

## **VIÐAUKI A – YFIRLIT YFIR STUÐNINGSÁÐGERÐIR ESB**

---

## VIÐAUKI B – YFIRLIT YFIR HELSTU SKAMMSTAFANIR OG HUGTÖK

Samantekt helstu skammstafana og hugtaka sem fram koma í skýrslunni og annarra sem algeng eru í umfjöllun um Evrópusambandið.<sup>56</sup>

CAP (Common Agricultural Policy) - Landbúnaðarstefna ESB  
CEPS (Centre for European Policy Studies)  
CFP (Common Fisheries Policy) - Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins  
CFSP (Common Foreign and Security Policy) - Utanríkismálastefna ESB  
COREPER. (Comité des représentants permanents) - Nefnd fastafulltrúa aðildarríkjanna í Brussel  
Council of Europe - Evrópuráðið  
Council of Ministers eða The Council of the European Union. - Ráðherraráð ESB  
Court of Auditors. - Endurskoðunarréttur ESB  
CSCE (Conference on Security and Co-operation in Europe) - Ráðstefna um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE  
DG (Directorate General) - Stjórnardeildir framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins  
DIW (Deutsches Institut für Wirtschaftsforschung)  
EAGGF (European Agricultural Guidance and Guarantee Fund, Guidance Section) Þróunar- og ábyrgðarsjóður evrópsks landbúnaðar, þróunarhluti

<sup>56</sup> Samantekt á skammstöfunum og hugtökum byggir að grunni til á orðalista á vef fastanefndar framkvæmdastjórnar ESB fyrir Ísland og Noreg ([www.esb.is](http://www.esb.is)) auk viðbóta Deloitte & Touche.

EBRD (European Bank for Reconstruction and Development) - Endurreisnar- og þróunarbanki Evrópu  
EC (European Communities) - Evrópubandalögin.  
ECB (European Central Bank) Seðlabanki Evrópu  
ECJ (European Court of Justice) - Evrópudómstóllinn  
ECU (European Currency Unit) - Evrópska mynteiningin  
EEA Consultative Committee - ráðgjafanefnd EES  
EEA Council - EES-ráðið  
EEA Joint Committee - Sameiginlega EES-nefndin  
EEA Joint Parliamentary Committee - þingmannanefnd EES  
EEA (European Economic Area) - Evrópska efnahagssvæðið – EES  
EEA (European Environment Agency) - Umhverfisstofnun Evrópu  
EES Evrópska efnahagssvæðið  
EFTA Council - EFTA ráðið  
EFTA Court - EFTA dómstóllinn.  
EFTA (European Free Trade Association) - Fríverslunarsamtök Evrópu.  
EIB (European Investment Bank) - Fjárfestingabanki Evrópu.  
EMI (European Monetary Institute) - Peningamálastofnun Evrópu  
EMS (European Monetary System) - Peningakerfi Evrópu.  
EMU (Economic and Monetary Union) - Efnahgs- og myntbandalag Evrópu  
EP (European Parliament) - Evrópuþingið  
Equal – stuðningsverkefni fjármagnað af ESF. Hefur það að markmiði að draga úr mismun og koma á jafnrétti á vinnumarkaði  
ERDF (The European Regional Development Fund) - Byggðapróunarsjóður Evrópu.  
ESA (EFTA Surveillance Authority) - Eftirlitsstofnun EFTA.

ESA (European Space Agency) - Geimvísindastofnun Evrópu - hefur sömu skammstöfun og Eftirlitsstofnun EFTA.  
ESB - Evrópusambandið (EU)  
ESC (Economic and Social Committee) - Efnhags- og félagsmálanefndin  
ESCB (European System of Central Banks) - Samstarf evrópskra seðlabanka  
ESF (European Social Fund) - Félagsmálasjóður Evrópu  
ESO (Expertgruppen för studier i offentlig ekonomi) - hagsýslustofnun innan sænska fjármálaráðuneytisins  
EU 15: Núverandi aðildarríki ESB  
EU 25: Aðildarríki ESB eftir stækkun árið 2004  
EUR / Euro / Evra (Í skýrslunni er miðað við gengi evru þann 4. júlí 2002, 1 evra = 85,17 krónur)  
European Coal and Steel Community - Kola- og stálbandalagið  
European Commission of Human Rights - Mannréttindanefnd Evrópu  
European Commission - Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins.  
European Council - Leiðtogaráð ESB.  
European Union (EU) - Evrópusambandið (ESB)  
Eurostat (The European Office for Statistics) - Hagstofa ESB  
Fastanefnd EFTA-ríkjanna - EFTA Standing Committee  
FIFG (Financial Instruments for Fisheries – Guidance) - Sjávarútvegssjóður ESB  
GAC (General Affairs Council) - Ráð ESB skipað utanríkisráðherrum aðildarríkjanna  
Guarantee Section - Hluti EAGGF sem veitir einkum landbúnaðar- og dreifbýlisstyrki sem eru fyrir utan Markmið 1  
Guidance Section - Hluti EAGGF sem fjármagnar aðra uppbyggingarstyrki en landbúnað og dreifbýli  
Innovative actions (þróunarverkefni) - rannsóknar og þróunarstyrkir innan uppbyggingarsjóðanna

Interreg - Frumkvæðisverkefni fjármagnað af ERDF. Ætlað að stuðla að svæðasamvinnu yfir landamæri.  
Leader – Frumkvæðisverkefni fjármagnað af EAGGF. Ætlað að stuðla að viðvarandi uppbyggingu í dreifbýlum samfélögum og hagkerfum.  
Markmið 1 (Objective 1) – stuðningsáætlun sem miðar að stuðningi við uppbyggingu svæða sem hafa orðið á eftir í þróun m.v. önnur svæði innan ESB  
Markmið 2 (Objective 2) – stuðningsáætlun sem er ætlað að styðja við efnahagslegar og félagslegar umbreytingar á svæðum sem einkennast af hlutfallslega umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi, dreifbýli eða þéttbýli í vanda  
Markmið 3 (Objective 3) – stuðningsáætlun sem ætlað er að styðja við mannauðinn, þ.e. menntun, starfsþjálfun og stuðning til þátttöku í atvinnulífinu  
Mid term review – áætlun um endurskoðun landbúnaðarstefnu ESB  
NUTS (The nomenclature of territorial units for statistics): skilgreining á landfræðilegri svæðaskiptingu ESB vegna tölfræðivinnslu  
OECD (Organisation for Economic Co-operation and Development) - Efnahags- og framfarastofnun Evrópu  
OSCE (Organisation for Security and Cooperation in Europe) - Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE.  
Regional Policy - Byggðastefna og atvinnuuppbygging  
Sameiginlega EES-nefndin - EEA Joint Committee  
Samstöðusjóður (Cohesion fund): Sjóður ætlaður til stuðnings verkefna á fátækustu svæðum ESB  
Social Policy - Félagsmál og samningar aðila vinnumarkaðarins á vettvangi ESB  
Stability and Growth Pact - Samkomulagið um stöðugleika og vöxt  
The Council of Europe's Parliamentary Assembly - Þing Evrópuráðsins eða þingmannasamkoma Evrópuráðsins  
UNICE (Union of Industrial and Employers Confederations of Europe) - Samtök atvinnu- og iðnrekenda í Evrópu.

Uppbyggingarsjóðir (Structural funds) - Sjóðir nýttir til fjármögnunar verkefna byggðum á uppbyggingarstefnu ESB (ERDF, ESF, EAGGF og FIFG)

Urban - Frumkvæðisverkefni fjármagnað af ERDF, styður við efnahagslegar endurbætur á þéttbýlisstöðum sem eiga í þrengingum.

VLF - Verg landsframleiðsla, Heildarverðmæti fullbúinnar vöru og þjónustu sem framleidd er í landinu, án tillits til hver á framleiðsluþættina sem notaðir voru

Vsk – virðisaukaskattur

VÞF - Verg þjóðarframleiðsla, Heildarverðmæti fullbúinnar vöru og þjónustu sem framleidd er með framleiðsluþáttum íslendinga, bæði hér og erlendis á ákveðnu tímabili

WEU (Western European Union) - Vestur-Evrópusambandið, VES

WTO (World Trade Organisation) - Alþjóða viðskiptastofnunin

## VIÐAUKI C - ÚTREIKNINGUR Á FRAMLÖGUM EINSTAKRA RÍKJA TIL ESB

**Tafla 0 Fjárpörf ESB**

Description	Amount /Upphæð
<b>Expenditure</b>	
<i>A. Section III "Commission" (Part B)</i>	
1. EAGGF Guarantee Section (subsection B1)	44.480.180.000
2. Structural operations, structural and cohesion expenditure, financial mechanism, other agricultural and regional operations, transport and fisheries (subsection B2)	32.287.100.000
3. Training, youth culture, audiovisual media, information and other social operations (subsection B3)	888.220.000
4. Energy, Eurotom nuclear safeguards and environment (subsection B4)	189.310.000
5. Consumer protection, internal market, industry and trans-European networks (subsection B5)	1.124.222.000
6. Research and technological development (subsection B6)	3.751.687.600
7. External action (subsection B7)	7.387.044.500
8. Common foreign and security policy (subsection B8)	35.000.000
9. Guarantees, reserves and compensation (subsection B0)	335.162.000
Section III Part B - Subtotal	90.477.926.100
<i>B. Section II "Commission" (Part A)</i>	3.388.941.760
Section III - Subtotal	93.866.867.860
<i>C. Sections I, II, IV, V, VI, VII and VIII (other institutions)</i>	1.789.519.378
<b>Total expenditure</b>	<b>95.656.387.238</b>
<b>Revenue</b>	
Adjustment of collection costs for 2001	-2.037.915.181
